

Fleiri fyrirtæki í ferðapjónustu komi á markað

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, telur svigrúm fyrir 40 til 50 fyrirtæki á Aðalmarkaði. Þar sé nú aðeins eitt ferðapjónustufyrirtæki en fullt efni sé til að sjá hlutabréf fleiri slíkra fyrirtækja í Kauphöllinni.

VIÐSKIPTI „Þetta er orðin ein aðalundirstöðuáttvinnugrein þjóðarinnar og við erum bara með eitt ferðapjónustufyrirtæki, Icelandair Group, í Kauphöllinni. Ég held það sé fullt efni til þess að sjá fleiri fyrirtæki úr þessum geira koma inn,“ segir Páll Harðarson, forstjóri Kauphallar Íslands.

Aðalmarkaður Kauphallar Íslands rúmar 40-50 fyrirtæki, að mati Páls. Nú eru fyrirtækin sextán og því svigrúm fyrir fjölgun. Páll segist í samtali við Markaðinn vilja sjá ferðapjónustufyrirtækjum fjölga. Að hans mati eru hótélkeðjur nærtækasta dæmið. Þar sé fyrir séður mikill vöxtur á næstu árum.

Páll bætir því við að ferðapjónustufyrirtækin séu í mörgum tilfellum vel þekkt fyrirtæki á meðal almennings og ferðapjónustan sé vaxtargrein. Hann segir sérstaklega áhugavert að fá vaxtarfyrirtæki. „Við höfum traust og góð fyrirtæki á markaði en höfum í sjálfu sér ekki mörg vaxtarfyrirtæki. Það væri áhugaverð viðbót við markaðinn. Ég held það væri gagnkvæmur ávinningur af því fyrir fyrirtækin og fjárfesta,“ segir Páll.

Stærri hótélkeðjur á Íslandi eru að skoða málin. Páll L. Sigurjónsson, forstjóri KEA hótela, segir að fyrirtækið hafi skoðað möguleikann á skráningu og líti þann kost jákvæðum augum.

„Þetta hefur klárlega verið skoðað hjá okkur og við teljum þetta spennandi kost í framtíðinni, en jafnframt þyrfti fyrirtækið að vera búit að stækka aðeins til viðbótar til að eiga þarna heima. Það er mikill vöxtur í greininni. Þetta gæti því verið möguleiki í náninni framtíð,“ segir Páll. Hið sama er að segja um Íslandshótel. „Við höfum verið að skoða möguleikann en höfum ekkert ákveðið.“

Við höfum traust og góð fyrirtæki á markaði en höfum í sjálfu sér ekki mörg vaxtarfyrirtæki. Það væri áhugaverð viðbót við markaðinn.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallar Íslands



Væntanlega munu fyrirtækin þó horfa fyrst til hliðarmarkaðarins First North.

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF



Við erum núna að einbeita okkur að því að efla gæði fyrirtækisins og að hlutum sem skipta máli fyrir okkar rekstur,“ segir Sorin Lazar, aðstoðarframkvæmdastjóri Íslandshótela.

Skúli Mogensen, forstjóri og stofnandi WOW air, segir WOW air hins vegar ekki vera að skoða skráningu í Kauphöllina í augnablikinu.

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar, telur tímaspursmál hvenær fleiri ferðapjónustufyrirtæki verði skráð.

„Í ljósi þess mikla vaxtar sem orðið hefur í greininni á síðustu misserum og þar með eflingu fyrirtækjanna er það væntanlega bara tímaspursmál hvenær eigendur þeirra sjái sér hag í að skrá fyrirtæki sín á markað. Væntanlega munu fyrirtækin þó horfa fyrst til hliðarmarkaðarins First North.“ – sg / sjá Markaðinn



Fálki veldur fjadrafoki Mikill handgangur varð í öskjunni þegar fálki stakk sér inn í hænsnakofann á Stórhóli í Vestur-Húnavatnssýslu á mánudag. Eftir að hafa étíð eina hænu, stökkt hinum á flotta og haft bóndann á bænum undir í sálfræðistriði yfirgef ránfuglinn loks kofann. Sjá síðu 2 MYND/MARIANNA EVA RAGNARSDÓTTIR

Samtökin '78 kæra lögregluna fyrir að rannsaka ekki hatursorðræðu á netinu

SAMFÉLAG „Þessa málsmeðferð lögreglu verður að telja óvandaða með hliðsjón af þeim mannréttindum minnihlutahópa á borð við hinsegin fólk sem ákvæði hegningarlaga er ætlað að vernda,“ segir Björg Valgeirsdóttir hdl. hjá DIKA lögmönnum sem fer með kærumál fyrir hönd Samtakanna '78.

Samtökin hafa ákveðið að kæra til ríkissaksóknara þá ákvörðun lögreglustjórans á höfuð-



Samtökin '78 hafa ákveðið að kæra ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til ríkissaksóknara.

borgarsvæðinu að vísa frá kærum samtakanna sem lagðar voru fram 27. apríl síðastliðinn.

Kærurnar varða meint brot tíu einstaklinga vegna opinberra ummæla í garð hinsegin fólks sem samtökin telja refsiverða.

Samtökin telja málsmeðferð lögreglustjóra óvandaða og að þeirra mati séu ummælin sannarlega refsiverð. Björg segist undirstrika að mikilvægara sé að dómstólar eigi síðasta orðið um það hvernig skuli fara með meint brot af þessum toga frem-

ur en einn lögreglumaður. Sam-

Þessa málsmeðferð lögreglu verður að telja óvandaða með hliðsjón af mannréttindum minnihlutahópa.

Björg Valgeirsdóttir, lögfræðingur hjá DIKA lögmönnum



tökin '78 telja fullvíst að ummælin séu refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum og hafa vísað í sambærilega dóma hjá Mannréttindadómstól Evrópu og í Svíþjóð. – kbg/sjá síðu 6

Fréttablaðið í dag

MARKAÐURINN

Karen Millen er óánægð með stefnu og afdrif síns gamla fyrirtækis, sem heitir eftir henni, undir stjórn slitabús Kaupþings, stærsta hluthafans.



SKOÐUN Páll Magnússon vill afsögn ráðherra. 12-14

SPORT Kolbeinn Sigþórsson er að aðlagast lífinu í Nantes. 16

MENNING Svava Jakobsdóttir heiðruð í kvöld. 44

LÍFIÐ Marta María er umdeildur dómari í Ísland Got Talent. 30-34

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

365.is
Sími 1817

365

FÁRÁNLEGA
FLOTTUR
PAKKI


Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1GB í GSM.

FÁÐU ÞÉR
ÁSKRIFT
á 365.is

SKEMMTIPAKKINN

9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag

Veður



Suðaustan 5-10 m/s í dag. Víða léttskýjað norðan- og norðaustanlands, annars rigning eða skúrir. Hiti 4 til 10 stig. **SJÁ SÍÐU 22**



Dynjandi er vinsæl náttúruperla. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Bærinn hættir með tjaldsvæði við Dynjanda

FERÐAÞJÓNUSTA Bæjarráð Ísafjarðar vill að rekstri tjaldsvæðis við Dynjanda verði hætt í núverandi formi. Tekið er undir með umhverfis- og framkvæmdanefnd bæjarins sem segir sérstaka stöðu að sveitarfélag taki jafn ríkan þátt í rekstri salerna fyrir umferð alls ferðafólks um jafn vinsælan áningarstað og Dynjandisvog.

„Kostnaður Ísafjarðarbæjar vegna reksturs salerna er langt umfram tekjur af tjaldsvæðinu,“ segir bæjarráð sem vill samráð við Umhverfisstofnun um framtíð svæðisins. „Ljóst er að umferð um Dynjanda mun stórukast með Dýrafjarðargöngum og því mikilvægt að tryggja lausn til framtíðar.“ – gar

Dagur sagður ljúga á póstlista

SVEITARSTJÓRNARMÁL Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins segir Dag B. Eggertsson borgarstjóra halda úti pólitískri fréttaveitu með póstlista sínum. Á borgarstjórnarfundum í gær var Dagur sagður bera lygar upp á Áslaugu Friðriksdóttur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Í vikulegum póstvettvangi sagði Dagur Áslaugu boða röttæka einkavæðingu í velferðarkerfi borgarinnar í Föstudagsviðtali Fréttablaðsins. Í viðtalinu sagði Áslaug að hún teldi að bjóða þurfi út meiri rekstur á velferðarþjónustu borgarinnar. –srs

Landhelgisgæslan í litadýrðinni



Á haustin gránar gjarnan yfir landanum eftir sælúvimu sumarsins. Þó felast í haustinu litskrúðugar sviðsmyndir sem oft má finna í gulum, rauðum og appelsínugulum trjákrónum eða í þyrllu Landhelgisgæslunnar, TF-SÝN, sem flýgur innan um litadýrð regnbogans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íbúar funduðu um verksmiðju

REYKJANESBÆR Íbúar í Reykjanesbæ funduðu í gærkvöldi um verksmiðju Thorsil í Helgúvík út frá álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Í álitinu segir að þrátt fyrir að talið sé að styrkur mengunarefna frá verksmiðjunni muni falla innan viðmiðunarmarkmiða muni loftgæði rýrna umtalsvert.

Svandís Svavarsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra og Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, mættu til fundarins. – kbg

Bóndi slóst með kústi við fálka í hænsnakofa

Ein hæna drapst en aðrar sluppu ómeiddar í hænsnakofa í Vestur-Húnavatns-sýslu á mánudag. Þá fór stóreflis fálki inn um op sem lokaðist á eftir honum. Fálkinn var tregur til brottfarar jafnvel þótt bóndinn beitti fyrir sig strákústi.

LANDBÚNAÐUR Hænurarnar á Stórhóli í Vestur-Húnavatns-sýslu fengu heldur óskemmtilega heimsókn í kofann sinn á mánudag. Fálki kom sér óboðinn inn, lokaði á eftir sér kofanum og gerði mikinn usla í margar klukkustundir.

Það var sonur Mariönnu Evu Ragnarsdóttur, bónda á Stórhóli, sem fyrstur varð fálkans var.

„Hann hljóp til mín og sagði að það væri haförn þarna inni. Ég sagði haförn? Nei, ertu eitthvað orðinn ruglaður. Svo ég hljóp út og kíkta og þá sat fálkinn bara og fylgdist með manni,“ segir Marianna.

Þegar kofinn var opnaður drifu eftirlifandi hænur sig út í dauðans ofboði. Ein hænan lá í valnum, en hún hafði ekkert nafn.

„Það hafði greinilega gengið verulega mikið á. Það var búið að tæta hana alla, éta bringuna á henni og plokka af henni fjadrirnar. Það voru ekkert nema fjadrir út um allt.“

Marianna segist hissa á því að fálkinn hafi látið sér nægja þessa einu hænu.

„Haninn var inni svo það er spurning hvort hann hafi náð að verja þær eitthvað. En kannski lét hann bara þessa einu duga,“ segir Marianna sem brá á það ráð að

Það hafði greinilega gengið verulega mikið á. Það var búið að tæta hana alla, éta bringuna á henni og plokka af henni fjadrirnar.

Marianna Eva Ragnarsdóttir, bóndi á Stórhóli

Stórhóll er fjárbú með 650 kindur og hátt í tuttugu hænsn.

reyna að koma fálkanum út til að koma á friði í hænsnakofanum.

„Hann ætlaði nú ekki að hafa sig út. Við vorum komin út með strákúst og reyndum að fæla hann út. Svo bara leist mér ekkert á þetta og hélt að hann ætlaði bara í okkur. Ég ákvað að við myndum bara skilja eftir opið og hann myndi flögna út sjálfur,“ segir Marianna. Það gekk eftir og fálkinn flaug á braut.

Marianna er nýkomin heim af fæðingardeildinni með tveggja vikna gamla dóttur sína og hafði því ekki orðið vör við fálka á flugi í nágrenninu upp á síðkastið. Nokk-



Fiður var dreift um allan kofann eftir átökin við fálkann. Hann var búinn að gera sig heimakominn og vildi ekki fara. MYND/MARIANNA

uð hefur þó verið af smyrli á flögri í kring en fálkinn var töluvert stærri en það. „Ég hef náttúrulega fengið mink í hænsnakofann og hann hefur drepið allt sem hann hefur náð í. Þannig að mér fannst þetta bara vel sloppið,“ segir Marianna. snaeros@frettabladid.is

ÁSKRIFTARKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Fjórar sýningar að eigin vali á besta verðinu.

VERTU MEÐ Í VETUR!

Miðasala borgarleikhus.is 568 8000



1975 | Bílabúð Benna | 2015

OPEL VEISLA



Opel Corsa

Verð frá: **2.390.000 kr.**

Útborgun frá aðeins: **239.000 kr.**

OPEL CORSA

AFMÆLISPAKKI TIL ÞÍN!

Bílabúð Benna er 40 ára. Nú fögnum við áfanganum með sannkallaðri Opel-veislu og bjóðum veglegan afmælisþakka með öllum Opel bifreiðum. Velkomin í Opel-veisluna – við eigum afmæli, þú færð þakkann.



Toyo
harðskeljadekk



Eldsneytisneign
200 lítrar



Löður Gullþvottur
þvottakort - 5 skipti

Einn úr fjölskyldunni: Opel Corsa var valinn „Bestu bílakaupin 2015“*. Corsa er ríkulega búinn og fæst með hita í stýri og sætum, rafmagni í rúðum og speglum, aksturstölvu, Bluetooth, hraðastilli o.fl.

Kynntu þér Opel fjölskylduna á opel.is eða á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík
Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ

Bílabúð Benna

Bein leið í 40 ár



Wir leben Autos.

Boða tíma framkvæmda í ferðamálum

Ríkið, sveitarfélögin og Samtök ferðaþjónustunnar sameinast um nýja Stjórnstöð ferðamála. Hún á að fá 140 milljónir á ári í fimm ár. Á að höggva á hnút framkvæmdaleyfis og gríðarlegs flækjustigs í ákvörðunum. Talið er að ferðaþjónustan skili 350 milljörðum á þessu ári.

Svavar
Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Ný Stjórnstöð ferðamála hefur verið sett á fót á grundvelli samkomulags á milli ríkisstjórnarinnar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka ferðaþjónustunnar. Til verkefnisins renna 140 milljónir króna árlega sem koma að jöfnu úr sjóðum ríkisins og ferðaþjónustunnar. Með þessari nýskipan mála er ætlunin að styrkja stöðir íslenskrar ferðaþjónustu, en stefnumótunarvinna síðasta árs leiddi í ljós að undirstöður greinarinnar eru veikar og ekki til þess bærar að standa undir framtíðarstefnumörkun að óbreyttu.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, kynntu nýja ferðamálastefnu í gær.

Stjórnstöðin mun starfa til ársloka 2020. Í máli Ragnheiðar og Gríms kom fram að gríðarlegir hagsmunir eru undir, að vinna stjórnstöðvarinnar skili tilætlunum árangri. Áætlað er að gjaldeyristekjur af greininni í heild fari úr 350 milljörðum króna árið 2015 í meira en 620 milljarða 2020 og líklega yfir þúsund milljarða árið 2030. Áætlaðar heildargjaldreyristekjur þjóðarinnar árið 2015 verða um 1.140 milljarðar króna, til samanburðar.

Ragnheiður Elín segir, spurð um augljósa gagnrýni á þetta nýja fyrirkomulag, að ekki sé aðeins verið að setja á stofn enn eina stofnunina eða lag í stjórnkerfið. Í stefnumótunarvinnunni hafi því verið velt upp að gefa Ferðamálastofu aukid vægi eða Íslandsstofu, og allur stofnanastrúktúrinn verið skoðaður. „Þar rákumst við alltaf á sama vegginn. Þar ber alltaf einhver einn ábyrgð og viðkomandi getur ekki gefið öðrum fyrirmæli. Hérna sitja saman við borðið þeir sem bera ábyrgð á málaflokkunum og það er þeirra að beina sínum stofnunum í þennan farveg,“ segir Ragnheiður.

Eitt lykilatriði sem heyrir undir vinnuna fram undan er náttúruvernd – en við stjórnarborð nýrrar Stjórnstöðvar situr enginn frá frjálsum félagsamtökum sem láta sig náttúruvernd varða, þrátt fyrir að samráði sé haldið mjög á lofti nú um stundir.

„Umhverfisráðherra er þarna sem er yfirumsjónarmaður náttúruverndar á Íslandi. Það hefði kannski verið ástæða til að hafa mun fleiri í stjórn en þarna sitja núna. Fram-



Hörður Þórhallsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Actavis, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Stjórnstöðvarinnar. Formaður Stjórnstöðvarinnar er Ragnheiður Elín Árnadóttir, ráðherra ferðamála. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

kvæmdastjórinn mun að sjálfsögðu þurfa að kalla til sín fólk og starfa með stjórnsýslunni, hagsmunasamtökum, náttúruverndarsamtökum og fjölmörgum öðrum sem að þessum málum koma – en það er einmitt hans hlutverk að ákveða hvernig að því verður staðið,“ segir Ragnheiður.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, formaður Landverndar, fagnar þeirri áherslu sem lögð er á náttúruvernd í stefnunni, enda sé náttúran mjólkurkúr ferðaþjónustunnar. „Stefnt er að sameiningu þjóðgarða, annarra friðlýstra svæða og þjóðlenda, skilgreina á stefnu í aðgangsmálum og efla úrbætur á öllum helstu svæðum – allt mál sem Landvernd hefur lengi lagt áherslu á. Mikilvægt er að fjármagn fylgi aðgerðaáætluninni. Við höfum þó viljað sjá fulltrúa náttúruverndarhreyfingarinnar í stjórn nýrrar stjórnstöðvar sem hefði verulega styrkt hana.“

8.000

störf hafa skapast í kjarnagreinum ferðaþjónustunnar á 5 árum.

22%

er fjölgun ferðamanna á ári síðastliðin 5 ár að meðaltali.

2030

gæti ferðaþjónustan skilað 1.000 milljörðum í gjaldreyristekjur.

Nokkur forgangsmál í verkefnaáætlun 2016–2017

- Ná utan um örán vöxt í greininni með Stjórnstöð ferðamála sem samhæfir aðgerðir og tryggir að forgangsmál fari í framkvæmd.
- Útfæra leiðir til að sveitarfélög hafi tekjur til að mæta kostnaði þeirra við uppbyggingu og rekstur áfangastaða ferðamanna.
- Tryggja að samgönguáætlun taki mið af þörfum ferðaþjónustu og spám um áframhaldandi fjölgun ferðamanna.
- Tryggja að viðhald og uppbygging innviða flugsins verði í takt við fjölgun ferðamanna til landsins.
- Gera vandaðar stefnumótandi stjórnunaráætlanir fyrir ferðaþjónustuna í hverjum landshluta.
- Velja „fyrirmyndarstaði“ í ferðaþjónustu sem eru þekktir sem slíkir bæði hér á landi og erlendis og hefjast handa við val og hönnun árið 2016.
- Ákveða hvaða áfangastaðir ferðamanna í hverjum landshluta þarfnast aðgangsstýringar og stýra umferð um þá með umhverfisleg og félagsleg þolmörk og öryggi ferðamanna að leiðarljósi.
- Vinna markvisst að leiðum til að fyrirbyggja svarta atvinnustarfsemi í greininni.
- Einfalda regluverk í ferðaþjónustu ásamt því að innleiða eina gátt fyrir leyfisveitingar og gögn.

Segir ríkið hafa mætt tómhent á fund

KJARAMÁL Samningafundi SFR, Sjúkraliðafélags Íslands og Landsambands lögreglumanna með samninganefnd ríkisins lauk í gær án niðurstöðu.

Að sögn Árna Stefáns Jónssonar, formanns SFR, mætti ríkið tómhent til fundarins og því ekkert að semja um. Félagsmenn SFR og sjúkraliðafélagsins stefna að öllu óbreyttu í allsherjarverkföll þann 15. október.

Þá slitnaði á mánudagskvöld upp úr viðræðum svokallaðs SALEK-hóps. Í hópnum eru fulltrúar viðsemjenda á almennum og opinberum vinnumarkaðum sem hafa unnið að því undanfarin þrjú ár að innleiða bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga á Íslandi. Eitt markmið hópsins var að freista þess að ná samkomulagi sem stuðlaði að varanlegri kaupmáttaraukningu án þess að verðbólga fari úr böndunum.

„Þetta eru mjög mikil vonbrigði

að þetta skuli fara svona,“ segir Þorsteinn Viglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Hópur hagfræðinga sem starfa hjá vinnumarkaðsamtökum segja í minnisblaði að ef ekki verði brugðist við muni verðbólga vaxa, vextir hækka og gengi krónunnar lækka. Þorsteinn segir að ef óbreytt ástand í kjaraviðræðum fái að viðgangast blasi við grafalvarleg staða í hagkerfinu.

Þorsteinn segir ástæðu þess að upp úr slitnaði, að heildarsamtök opinberra starfsmanna gátu ekki unnið á þeim grundvelli sem lagt var upp með. Hann segir umframhækkunar launa halda áfram með niðurstöðu gerðardóms og kröfugerð opinberra starfsmanna en þær taki ekki mið af efnahagsástandi.

„Þetta minnir óþægilega mikið á þegar uppi voru varnaðarorð fyrir um tíu árum síðan í síðustu upp-sveiflu. Þá voru varnaðarorð hunsuð eins og frægt er orðið og innan

●● **Þetta eru mjög mikil vonbrigði að þetta skuli fara svona.**

Þorsteinn Viglundsson



þriggja ára var hagkerfið búið að taka á sig mikinn skell,“ segir Þorsteinn.

Árni Stefán, formaður SFR, segir málflutning Þorsteins óheildarlegan hvað SALEK-hópin varðar.

„Við lítum ekki svo á að verið sé að slita einu né neinu,“ segir hann.

Árni segir það réttlætmál að félagsmenn þeirra félaga sem nú eru að semja fái álika launahækkunar og aðrir opinberir starfsmenn.

„Við höfum sagt þeim að við erum tilbúnir til að taka upp viðræður aftur um leið og búið er að klára kjarasamninga.“ – srs



AÐALFUNDIR

sveitastjórnarfélag Bjartrar framtíðar

**BJÖRT FRAMTÍÐ
KÓPAVOGI**

Fimmtudagur 8. október
Kl. 20.00

Salur Sálarrannsóknarfélagins,
Hamraborg 1 (3. hæð)

**BJÖRT FRAMTÍÐ
HAFNARFIRÐI**

Laugardagur 17. október
Kl. 17.00

Skátaheimili Hraunbúa,
Hjallabraut 51

ALLIR VELKOMNIR!

Nánari upplýsingar má finna á bjortframtid.is

Spar á krónurnar – örlátur á kílómetrana.



UPPFÆRSLUBÓNUS
VOLKSWAGEN
+120.000 kr.

Það rúmast allt betur í nýjum Golf Variant **Metan**.

Hvort sem þú ætlar í ferðalag, á golfvöllinn eða vilt bara rúmgóðan bíl er Golf Variant Metan svarið. Hann er umhverfisvænn, fær frítt í stæði, gengur bæði fyrir metani og bensíni og kemur þér allt að 1.300 km á áfyllingunni. Skiptu yfir í Golf Variant Metan og láttu fara vel um þig og þína.

Golf Variant Trendline 1.4 TGI **Metan** beinskiptur:

3.190.000 kr.

Sjálfskiptur: **3.390.000 kr.**



Das Auto.



Rússar neita loftárásum

SÝRLAND Landvarnaráðuneyti Rússlands segir fréttir af því að rússneskar herþotur hafi gert loftárásir á hina fornu borg Palmyra í Sýrlandi rangar.

Sýrlenskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að rússneski herinn hefði gert árásir á farartæki og vopnagrymslur í Palmyra, þá hefði herinn einnig gert árásir í Aleppo-héraði og á skotmörk nærri Al-Bab.

Liðsmenn Íslamska ríkisins náðu Palmyra í maí og hafa sprengt þar fornminjar, nú síðast tvö þúsund ára gamlan sigurboga. Hernám þeirra á borginni er liður í áætlun þeirra um að ná yfirráðum í vestur-



Íslamska ríkinu að bráð. EPA

hluta Sýrlands. NATO og fleiri ríki hafa sagt Rússa gera loftárásir á hófsama uppreisnarhópa sem berjist til að koma Bashar al-Assad, forseta Sýrlands og bandamanni Rússlands, frá völdum. – kbg

LEIKSKÁLD BORGARLEIKHÚSSINS

Leikritunarsjóður Leikfélags Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum

Stjórn sjóðsins velur leikskáld úr hópi umsækjenda sem býðst eins árs samningur við Borgarleikhúsið. Laun sem eru greidd mánaðarlega taka mið af starfslaunum listamanna. Skáldið fær aðstoðu í leikhúsinu, vinnur þar á samningstímanum, verður hluti af starfsliði Borgarleikhússins og mun njóta aðstoðar, leiðsagnar og stuðnings leikhússtjóra og leiklistarráðunauta.

Unnið skal að ritun leikverks á tímabilinu með uppsetningu í huga. Stefnt er að því að leikverk, eitt eða fleiri, sem unnin eru á samningstíma, verði sviðsett í Borgarleikhúsinu. Þetta er þó ekki skilyrði.

Umsókn skal innihalda:

- Nafn, heimilisfang, netfang, símanúmer.
- Ferilskrá.
- Sýnishorn af leikrænum texta (5 - 10 blöðsiður).
- Æskilegt er að umsækjandi sendi með umsókn sinni hugmynd að leikverki sem hann hefur í huga að vinna á samningstímanum og einnig er heimilt að láta annað fylgja með sem umsækjandi telur að eigi erindi með umsókninni.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öll gögn endursend umsækjendum að loknu vali. Umsóknir skulu sendar í pósti stílaðar á Borgarleikhúsið / Leikritunarsjóður Leikfélags Reykjavíkur, Listabraut 3, 103 Reykjavík eða í tölvupósti, borgarleikhus@borgarleikhus.is, merkt "Leikskáld" fyrir 23. október 2015.

Skrifstofa | 568 5500 | borgarleikhus@borgarleikhus.is

Vígalegt vélmenni



Ungur maður gerist vígalegt vélmenni á CEATEC-ráðstefnunni í Tókýó í gær. Á ráðstefnunni, sem verður haldin næstu fjóra daga, verða kynntar framúrsefulegar uppgötvunar í tækni. Í ár verður áhersla lögð á framtíðarmöguleika í iðnaði, svo sem bila- og lyfjaiðnaði. MYND/EPA

Lögregla rannsakar ekki umdeild hatursummæli

Hatursummæli sem kærð voru síðasta vor verða ekki rannsökuð af lögreglu. Samtökin '78 segja ummælin refsiverð og kæra ákvörðun lögreglustjóra í dag.

SAMFÉLAG Samtökin '78 kæra í dag til ríkissaksóknara ákvörðun lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins um að vísa frá kærnum samtakanna frá 27. apríl í vor.

Embætti lögreglustjórans þykir ekki grundvöllur fyrir rannsókn á meintum brotum. Samtökin '78 telja hins vegar fullvíst að ummælin séu refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum og hafa vísað í sambærilega dóma vegna hatursummæla hjá Mannréttindadómstól Evrópu og í Svíþjóð.

Kærðu ummælin féllu öll á opinberum vettvangi.

„Þeir einstaklingar sem hefur verið ákveðið að kæra hafa kynt undir orðræðu sem við teljum veða gróflaga að rétti hinsegin fólks til friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og fyllsta jafnréttis. Réttinda sem vernduð eru af stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands og þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland er aðili að, þar með talið mannréttindasáttmála Evrópu,“ sagði í yfirlýsingu Samtakanna '78 þegar kærán var lögð fram.

Samtökin telja málsmeðferð lögreglustjóra óvandaða og að auki séu ummælin sannarlega refsiverð. „Þessa málsmeðferð verður að

Ummæli sem lögregla vill ekki rannsaka

●● Á nú að fara eyðileggja sakleysi barnanna að foreldrum forspurðum? Ég myndi flokka þetta undir barnanýð vera troða kynvillu í saklaus börn. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar vinsamlega haldið saurugu hugsunum og löngunum ykkar frá börnunum mínum..“

●● Hlutlaus kynfræðslu á veita í skólum en ALDREI réttlæta ónáttúrulega kynhegðan fyrir saklausum börnunum og kalla það sem er óeðlileg eðlilegt!!!“.1

●● Hommar eru yfirleitt prýðismenn, en yfirgangur rass-fasistanna í Samtökunum '78 gengur út yfir allann þjófabálk. Mér finnst heilbrigðisyfirvöld vera allt of lin, eða kannski hrædd, við að

þena á óþrifin og smithættuna sem fylgir þeirri blöndu af saur, sæði og blóði, sem óhjákvæmilega fylgir athöfnum homma, ekki aðeins eyðni, heldur líka coli- bakteríur og fleira göðgæti. Hringvöðvinn rifnar auk þess, þannig að margir hommar neyðast til að ganga með bleyju. Hvar eru heilbrigðisyfirvöld? Og af hverju er ekki blessuðum börnunum sagt frá þessu?..“

●● Hvar væri þjóðin ef ekki væri fyrir þig? Allir labbandi í G streng og japlandi á typpasleikjóum. Það þarf bara að gera þessa klámkalla að tunnumönnum á öfuguggatogara. Þessi yfirvöld eru á villigötum. Það tekur annar hver maður í dag trollið inn að aftan!..“

telja óvandaða með hliðsjón af þeim mannréttindum minnihlutahópa á borð við hinsegin fólk sem ákveði 233. grein hegningarlaga er ætlað að vernda,“ segir Björg Valgeirsdóttir, lögmaður hjá DIKA lögmonnum sem fer með kærumálin

fyrir hönd Samtakanna '78. Björg segist undirstrika að mikilvægara sé að dómstólar eigi síðasta orðið um það hvernig skuli fara með meint brot af þessum toga fremur en einn lögreglumaður. kristjanabjorg@frettabladid.is



Áhrif ljóss og heilsu

Námskeið dagana 8. – 9. okt. 2015
á vegum Vinnuvistfræðifélags Íslands og
Ljóstæknifélags Íslands

í húsakynnum Verkís að Ofanleiti 2,
frá kl.09:00-16:00 á fimmtudaginn
og 09:00-14:00 á föstudaginn.

Námskeiðið höfðar til allra sem hafa áhuga á ljósi. Við notum við ljósið til ýmissa athafna í bæði leik og starfi. Slæm lýsing getur m.a haft áhrif á migreni, sjón, stoðkerfið, svefn, hormónastarfsemi og afkastagetu. Þátttakendur taka þátt í vinnustofum og geta skyggst á bak við vísindi ljóssins og læra að þekkja gæði ljóss.

Hillevi Hemphälä PhD, prófessor í sjónrænum fræðum við Háskólann í Lund stýrir námskeiðinu.

Skráning á vinnis@vinnis.is

Allir áhugasamir velkomnir, sjá nánar inná
www.vinnis.is og www.ljosfelag.is

OPIÐ VIRKA DAGA
KL. 11-18
LAUGARDAGA
KL. 11-16



PIPAR \ TBWA - SIA



4240 Octo ljós / Verð 144.900 kr.



Eclipse borð / Verð frá 34.900 kr.



M-sófi / Verð frá 239.900 kr.

GÓÐ HÖNNUN FEGRAR HEIMILIÐ

Vönduð hönnun, fagurlega unnin húsgögn og munir eru hlutir sem halda verðgildi áratugum saman. Í Móðern bjóðum við það besta í evrópskri hönnun og leggjum metnað í fallegar útstillingar sem gefa viðskiptavinum okkar hugmyndir og innblástur. Það er mikilvægt að vanda valið og sérfræðingar verslunarinnar eru ávallt til taks með fróðleik og ráðgjöf byggða á vörubekkingu og þrautþjálfuðu auga fyrir samræmi og stíl.



Japanski eðlisfræðingurinn Takaaki Kajita deilir verðlauninum með Kanadamanninum Arthur B. McDonald.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Sýndu að fiseindir eru ekki þyngdarlausar

SVÍÞJÓÐ Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði þetta árið hljóta tveir vísindamenn, sem sýndu fram á að fiseindir geti breytt um eðlismynd og séu ekki þyngdarlausar.

Þetta eru Takaaki Kajita frá Tókýóháskóla í Japan og Arthur B. McDonald frá Queen's-háskólanum í Kingston í Kanada.

Í tilkynningu sænsku Nóbelsnefndarinnar segir að uppgötvanir þeirra hafi „breytt skilningi okkar á innsta gangverki efnisins og geti ráðið úrslitum um skoðun okkar á alheiminum“.

Verðlaunin verða afhent 10. desember í Stokkhólmi. Þeir deila með sér verðlaunafénu sem nemur átta milljónum sænskra króna, eða ríflega 120 milljónum íslenskra króna. – gb

Bandaríkjunum ekki treystandi fyrir gögnum

Evrópudómstóllinn setur Facebook og fleiri fyrirtækjum stólinn fyrir dyrnar. Ungur Austurríkismaður höfðaði dómsmál í kjölfar uppljóstrana Edwards Snowden um netnjósnir Bandaríkjamanna.

BRUSSEL Evrópudómstóllinn segir samning Evrópusambandsins við Bandaríkin um gagnavernd ógildan.

Dómstóllinn segir samninginn engan veginn tryggja að stjórnvöld í Bandaríkjunum hnýsist ekki í netgögn einstaklinga sem geymd eru á vefþjónum í Bandaríkjunum.

Þar með er bandarískum netfyrirtækjum á borð við Facebook, Apple, Google og Microsoft í reynd óheimilt að vista persónuleg gögn Evrópumanna í Bandaríkjunum, þar sem ekki er hægt að tryggja öryggi þeirra þar.

Dómstóllinn vísar í gagnaverndartilskipun Evrópusambandsins, en samkvæmt henni er ekki heimilt að flytja netgögn einstaklinga til annarra landa nema þau lönd tryggja vernd gagnanna. Samkvæmt þessu hafi framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ekki verið heimilt að gera fyrrgreindan samning við Bandaríkin.

Það var ungur laganemi í Austurríki, Maximilian Schrems, sem fyrir tveimur árum höfðaði mál gegn Facebook á Írlandi vegna samningsins stuttu eftir að Edward Snowden ljóstraði upp um netnjósnir bandarískra stjórnvalda.

Niðurstaðan er sú að við erum öll öruggari.

Edward Snowden, bandarískur uppljóstrari í útlegð í Rússlandi

Schrems fagnaði í gær ákaflega niðurstöðu dómstólsins.

„Ég vona að þetta verði eitt af mörgum (litlum) skrefum í áttina að breytingum,“ sagði hann á Twitter-síðu sinni eftir að dómurinn var fallinn.

Snowden hefur einnig fagnað þessari niðurstöðu og segir dóminn ótvíræðan um að allt eftirlit með samskiptum sé brot á réttindum einstaklinga.

„Niðurstaðan er sú að við erum öll öruggari,“ skrifar Snowden á Twitter-síðu sína og óskar Schrems til hamingju: „Þú hefur breytt heiminum til hins betra.“

Samningurinn um örugga höfn, sem nú telst ógildur, var gerður árið 2000 og hefur því verið í gildi í 15 ár.

Hann snýst um öryggi gagna, sem flutt eru til annarra landa, en lætur það í raun fyrirtækjum á borð við Facebook eftir að votta öryggi gagnanna. Niðurstaða dóm-



Max Schrems höfðaði fyrir tveimur árum mál á hendur Facebook á Írlandi, og fagnaði sigri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

stólsins er hins vegar sú, að þetta séu fyrirtækin ofær um.

Fyrir bandarísku fyrirtækin þýðir þetta, að vilji þau halda áfram að geyma gögn evrópskra

ríkisborgara í Bandaríkjunum, þá verði þau að sjá til þess að vernd gagnanna uppfylli skilyrði Evrópusambandsins.
gudsteinn@frettabladid.is



Fljótleg og fersk



– þau koma á óvart á kvöldverðarborðinu



Sjaldan er greitt með reiðufé á uppboðum hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lög um peningabætti ná ekki til greiðslna hjá sýslumönnum

STJÓRNSÝSLA Sýslumannsembættin, sem hafa með höndum nauðungarsölur og uppboð á lausafármunum, falla ekki undir lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Fjármálaeftirlitinu ber þess vegna ekki að hafa eftirlit með því að embættin séu ekki misnotuð í þeim tilgangi að koma illa fengnu fé í umferð.

Brynjar Kvaran, lögfræðingur hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, segir að við kaup á fasteignum á nauðungarsölum sé alltaf greitt inn á reikning embættisins með millifærslum. Á lausafáruppboðum sé algengast að greitt sé með debetkorti. Í mun færri tilvikum sé greitt með peningaseðlum. Hvorki er tekið við kreditkortum né ávisunum.

Á vef Fjármálaeftirlitsins segir að haft sé eftirlit með því að fjármálaframtækni, líftryggingafélög og lífeyrissjóðir, váttryggingamiðlarar og váttryggingaumboðsmenn, útibú

erlendra fyrirtækja, greiðslustofnanir og umboðsaðilar þeirra, rafeyrisfyrirtæki og einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni stunda gjaldeyrisviðskipti eða yfirfærslu peninga og annarra verðmæta fari að ákvæðum laganna og reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim.

Brynjar bendir á að uppboð einkaaðila, til dæmis málverkauppboð, falli undir fyrrgreind lög.

Á viðskiptavef Sænska Dagblaðsins segir að glufa sé í sænskum lögum þar sem fógetar í Svíþjóð geti tekið við háum upphæðum í reiðufé á uppboðum án þess að þeim beri skylda til að tilkynna viðkomandi eftirlitsaðilum um það. Þar geti kaupendur valið um hvort þeir greiði með reiðufé eða kortum. Haft er eftir fulltrúa fógetaembættisins að embættið tilkynni um greiðslur í reiðufé sem eru yfir 30 þúsundum sænskra króna, eða rúmlega 450 þúsundum íslenskra króna, þótt þess þurfi ekki. – ibs

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Georg tók við rekstri Flúðasveppa árið 2005 en ræktun sveppa á Flúðum hófst árið 1984. Sveppirnir eru ræktaðir í lífrænum rotmassa sem einnig er framleiddur hjá Flúðasveppum. Svepparæktin er nákvæmnisverk sem krefst alúðar og þekkingar. Sveppirnir eru flokkaðir í höndunum og þeim pakkað á staðnum. Um 30 manns vinna hjá Flúðasveppum árið um kring.



Röng byggingaraðferð veldur myglu

Verkfræðingur segir vel vitað að ákveðin einangrunaraðferð bjóði myglu heim. Ekki hægt að stöðva slíkt, segir forstjóri Mannvirkjastofnunar.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Raki og myglusveppur hefur fundist í heimkynnum Íslendinga frá upphafi byggðar. Vitundarvakning og rannsóknir hafa opnað umræðuna um skaðsemi sveppsins. Rikharður Kristjánsson, verkfræðingur hjá Eflu, sem sérhæfir sig í viðgerðum á raka- og mygluskemmdum, segir einnig vissar breytingar á byggingarháttum gera það að verkum að myglan er fljóttari að koma, oftar en ekki í nýlegum húsum.

„Ísland er að vissu leyti mjög illa stutt hvað varðar myglu. Hér er mikil bleyta og húsin okkar leka. Það er af því að við höfum verið að byggja, hanna og einangra húsin okkar vitlaust í hundrað ár.“

Rikharður útskýrir að þegar hús séu einangruð að innan myndist veruleg hættu á rakauppsöfnun í útveggjum og myglu í framhaldi af því. Á þessu séu eðlisfræðilegar skýringar enda streymi heitt og rakt loft út í útvegginn.

„Ég varaði við þessu fyrir 35 árum og síðan þá hefur oft verið bent á áhættuna. En svona er enn byggt, því þetta er þægilegra og ódýrara. Menn eru líka enn að teikna hús án þess að hugsa um þessa áhættu.“

Pólitik og embættismannahik

Rikharður bendir einnig á að eftirliti sé ábótavant eftir að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins var lögð niður.

„Það var stofnun sem vakti yfir öllum byggingargöllum á Íslandi og kom í veg fyrir að þeir yrðu eða brást fljótt við. Ég vann þarna um tíma og við eyddum til dæmis upp alkaliskemmdum í steypu á einni nóttu. Það var engin pólitík, embættismannahik og hugsað um lögsóknir heldur farið í að útrýma gallanum. Ef stofnunin væri starfandi í dag í sinni gömlu mynd hefði hún getað eytt þessum myglumálum á stuttum tíma.“

Rikharður segir mygluvanda í húsum sem hafa verið byggð á síðustu áratugum því vera að stórum hluta á ábyrgð byggingarstéttarinnar, byggingareftirlitsins og ríkisvaldsins. En er þetta framtakleysi vegna sparnaðar?


„Ríkið hefur alltaf lagt allt of lítinn pening í viðhald á eignum sínum. Það er á hreinu. En ég lít svo á að almennt sé þetta hönnunar- og byggingargallar sem ekki er tekist á við.“



Mygla á steypum útvegg í nýlegu húsi einangruðu að innan.

Tíðni leka- og rakavandamála 2005-2006

55% húseigenda í Reykjavík höfðu orðið varir við leka- og rakavandamál. Af þessum 55%:



Ekki hægt að banna byggingaraðferðir

Björn Karlsson er forstjóri Mannvirkjastofnunar, sem fer með umsjón á regluverki byggingariðnaðarins. Hann segir stofnunina sporna við raka og myglu með ákvæðum í byggingarreglugerðum, skoðunarhandbókum og almannafræðslu. „En við teljum ekki að við getum bannað einhverjar sérstakar byggingaraðferðir,“ segir hann.

Af hverju ekki? „Það eru til góðar og vonðar byggingaraðferðir. Góð og

vond hönnun og framkvæmd. Bygging er viðkvæm fyrir svo mörgum þáttum. Málið er hreinlega stærra og viðfeðmara en svo að hægt sé að stoppa það í regluverkinu.“

Spurður hvort eftirlit byggingarfulltrúa sveitarfélaganna sé nægilegt segir Björn úttektir vera gerðar. „En það getur komið fyrir að það sé buið að klæða að innan, að það sé galli í framkvæmdinni einhvers staðar sem ekki er hægt að koma auga á. Við

rífum sjaldan niður til að skoða.“

Björn bætir við að Mannvirkjastofnun geri sitt besta til að upplýsa almenning og byggingaraðila enda séu raka- og mygluskemmdir teknar mjög alvarlega. „En það hefur ekki tekist að útrýma þessu, hvorki hér né í nágrannalöndum. Raunhæfasta leiðin til að leysa vandann er að endurskoða tryggingakerfið svo þeir sem lenda í þessum ósköpum fái eitthvað bætt.“

Hér er mikil bleyta og húsin okkar leka. Það er af því að við höfum verið að byggja, hanna og einangra húsin okkar vitlaust í hundrað ár.

Rikharður Kristjánsson verkfræðingur



Fólk leitar aðstoðar vegna raka og myglu í íbúðarhúsnæði

Árið 2013

500

leituðu til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

150

húsaskoðanir var farið í vegna tilkynninga

50

leituðu til Umhverfisstofnunar

Oftast berast kvartanir frá leigjendum

Heimild: Skýrsla um myglusvepp í húsnæði, 2015

Bygging er viðkvæm fyrir svo mörgum þáttum. Málið er hreinlega stærra og viðfeðmara en svo að hægt sé að stoppa það í regluverkinu.



SIMPLY CLEVER

ŠKODA



SKEMMTILEGUR Á ALLA VEGU

Nýr ŠKODA Octavia verð frá 3.390.000 kr.



Íslendingar elska Škoda enda eru vandfundnari bílar sem henta íslenskum fjölskyldum betur. Þeir eru einstaklega rúmgóðir, sparneytnir, endingargóðir og frábærir í endursölu. Komdu við hjá okkur í Heklu og prófaðu skemmtilega Škoda.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílaskrá Akranesi · HEKLA Reykjaneshæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is

Í leik og starfi


MOUNTAIN
EQUIPMENT


salomon

Vetralínan 2015


Bakpokar


Fatnaður


100% Merino ull



LJÓSMYND: BJÖRGVÍN HILMARSSON

Íslensku

ALPARNIR

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

Faxafen 8 // 108 Reykjavík // Sími 534 2727

Íslenskir Fjallaleiðsögumenn
klæðast Mountain Equipment
frá Íslensku Ölpunum

Kominn er tími á mygluna



Óli Kr. Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Undanfarna daga og vikur hefur Fréttablaðið staðið fyrir ítarlegri umfjöllun um þá meinsemd sem myglusveppur er í húsum. Sögurnar eru ótal margar af erfiðleikum vegna heilsuþrests, hvort heldur er vegna slíkrar sýkingar á heimilum fólks eða vinnustað.

Sú þrautaganga sem fólk hefur mátt þola til að fá veikindi sín vidurkennd er sláandi og sú staðreynd að fólk virðist engar bætur fá jafnvel þótt það missi bæði húsnæði og innbú vegna smits frá sveppunum. Fyrir nokkru lýsti einn þolandi slíkrar húsasóttar að þetta væri einna helst líkt því að lenda í bruna, en á þess að nokkru sýndi skilning þeim aðstæðum sem fólk væri lent í. Húseigendatryggingar ná ekki yfir slíkar raka- og mygluskemmdir.

Í umfjöllun blaðsins í fyrradag var frá því greitt að tveir fimmtu þeirra sem veikir hafi orðið vegna myglusveppa á vinnustað sínum hafi ekki átt afturkvæmt til starfa á sama vinnustað. „Við erum fjórar sem erum frá vinnu á BUGL þessa dagana vegna myglu,“ sagði Rósa Steinsdóttir listmeðferðarfræðingur, en myglusveppir hafa ítrekað valdið veikindum starfsfólks á Landspítalanum.

Þá hefur komið fram að einstaka leigusalar hafi legið á því lúalagi að leigja ítrekað út „sýkt“ húsnæði, jafnvel þótt vitað sé að fyrri leigjendur hafi hrakist úr húsnæðinu vegna myglu.

Tjón af völdum myglusveppa er langt því frá séríslenskt fyrirbrigði, en víða hefur tekist betur upp við að koma á einhvers konar öryggisneti handa fólki sem lendir í áföllum vegna þeirra. Í mars á þessu ári skilaði tillögum sínum starfshópur um endurskoðun laga og reglugerða með tilliti til myglusvepps. Þar hefur verið unnið ágætisstarf og lesningin fróðlegt yfirlit yfir gildandi reglur hér á landi.

Tillögurnar ganga mikið til út á ráðleggingar um aukna fræðslu til að koma í veg fyrir myglu í húsum, meðan minna fer fyrir ráðleggingum um hvernig bæta megi stöðu þess fólks sem fyrir smitinu verður.

Þó er lagt til að horft verði til Danmerkur sem fordæmis um hvernig hlutir megi betur fara. Þar er notuð byggingargallatrygging sem veitir neytendum vernd og felur í sér skoðun sérfræðinga tryggingafélags á húsnæði einu og fimm árum eftir byggingu þess. Tryggingin, sem húsbýggjandi kaupir, er líklega til þess fallin að auka byggingarkostnað, en það er líka dýrt að láta fólk veslast upp í sjúkdómum og fjárhagsáföllum vegna myglu.

Þá er lagt til að tekin verði upp í húsaleigulög ákvæði um skyldu leigusala til að upplýsa leigutaka um raka og mygluvandamál í húsnæði. Þessar breytingar yrðu strax til bóta, þótt þær séu ekki nema skref í áttina að því að rétta hlut þeirra sem orðið hafa fyrir barðinu á myglusveppum.



Sú þrautaganga sem fólk hefur mátt þola til að fá veikindi sín vidurkennd er sláandi og sú staðreynd að fólk virðist engar bætur fá jafnvel þó svo að það missi bæði húsnæði og innbú.

Halldór



Frá degi til dags

Ráðinn án auglýsingar Ragnheiður Elin Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, kynnti í gær nýja ferðamálastefnu. Niðurstaða úr vinnu við stefnuna sýndi að allt væri í molum hvað varðar undirstöður greinarinnar sem skilar þó mestum útflutningstekjum í þjóðarþúð. Ráðinn var maður í stöðu framkvæmdastjóra nýrrar stjórnstöðvar ferðamála sem ku vist hafa „dottið af himnum ofan“ eins og ráðherrann orðaði það í kynningunni. Þessi nýja staða framkvæmdastjóra var ekki auglýst heldur var maður fenginn í stöðuna. Þar sem laun hans eru að einhverju leyti greidd úr ríkissjóði hlýtur að teljast eðlileg stjórnsýsla að auglýsa stöðuna til að tryggja að sá hæfasti verði ráðinn.

Ísland enn eftirbátur Nýtt frammistöðumat ESA sýnir að Ísland stendur sig verst allra víð að innleiða tilskipanir í gegnum EES. Nú er „innleiðingarhallinn“ svokallaði 2,1 prósent. Ríkisstjórnin setti sér það markmið fyrir rúmum átján mánuðum að ná hallanum niður fyrir 1 prósent fyrir apríl 2015. Í till kynningu utanríkisráðuneytisins segir þó að áfram sé unnið að því að ná því markmiði stjórnvalda að innleiðingarhallinn fari niður fyrir 1 prósent. Það er gott og blessað. Hins vegar er vorið 2015 liðið í aldanna skaut og kemur þar afleiðandi aldrei til baka. sveinn@frettabladid.is

Loðin svör um hælisleitendur



Steinunn Þóra Árnadóttir
Þingmaður
Vinstrihreyfingarinnar –
græns framboðs



Má ætla að ef þessi umræða hefði ekki átt sér stað í þinginu væri Útlendingastofnun nú, í kyrrþey, að senda fólk unnvörpum í óviðunandi aðstæður á Ítalíu?

Evrópa stendur frammi fyrir mesta fjölda flóttafólks frá lokum seinni heimsstyrjaldar. Daglega berast okkur fréttir af fjölda fólks á vergangi og yfirfullum flóttamannabúðum í löndunum sunnar í álfunni. Andspænis þessum vanda hafa ríki Evrópu, þar á meðal Ísland, rætt um að skipta niður á sig flóttafólki til að jafna byrðarnar.

Í ljósi alls þessa skaut skökku við þegar fregnir bárust af því að Útlendingastofnun væri að vísa hælisleitendum frá Sýrlandi aftur til meginlandsins. Þess vegna spurði ég Ólöfu Nordal innanríkisráðherra þann 17. september sl. á Alþingi hvort hún teldi ekki rétt að hætta við núverandi aðstæður að senda fólk úr landi með tilvísun í Dyflinnarreglugerðina. Minnti ég einnig á að Dyflinnarreglugerðin felur aðeins í sér heimild til að senda hælisleitendur til baka til fyrri viðkomustaðar en alls enga skyldu, eins og stundum er þó látið í veðri vaka. Tilgangur Dyflinnarreglugerðarinnar á að vera að allir hælisleitendur fái meðferð síns máls í einu landi – en ekki að vera skalkaskjól afskektra landa álfunnar til að firra sig allri ábyrgð.

Ekki var ráðherra sammála mér í þessu efni en sagði þó skýrt að Íslendingar sendu ekki hælisleitendur til baka til Grikklands, Ungverjalands og Ítalíu vegna aðstæðna í þeim löndum. Sú yfirlýsing var ágæt eins langt og hún náði. Í síðustu viku bárust hins vegar af því fréttir að Hæstiréttur hefði staðfest úrskurð Útlendingastofnunar, undirstofnunar ráðherrans, um að senda tvo hælisleitendur til Ítalíu.

Sú spurning hlýtur því að vakna hvort ekkert hafi verið að marka orð ráðherrans á Alþingi þann 17. september? Má ætla að ef þessi umræða hefði ekki átt sér stað í þinginu væri Útlendingastofnun nú, í kyrrþey, að senda fólk unnvörpum í óviðunandi aðstæður á Ítalíu? Og jafnframt, finnst nokkrum vera heil brú í því að íslensk stjórnvöld sendi hælisleitendur til lands sem þegar er yfirfullt af flóttamönnum en séu á sama tíma að leita leiða til að létta á þeim vanda?



Fyrsta hjálp fyrir þurrar varir

- Engir parabenar
- Engin ilmfefni
- Engin litarefni

Fæst í apótekum

DECUBAL
EXPERT CARE FOR DRY SKIN

Actavis



Hanaa



Sigríður Viðis Jónsdóttir upplýsinga-fulltrúi UNICEF á Íslandi



Hanaa bendir á að í dag sé fjórði hver skóli ónýtur eða notaður sem neyðarskýli fyrir fólk á flóttu. Kennarar hafi flúið, það vanti skólabækur, skólatöskur. Vanti allt. Ég fæ kökk í hálsinn. Röddin í Damaskus ætlar hins vegar ekki að gefast upp.

Skrúðningar berast úr símanum sem liggur á borðinu fyrir framan mig í vinnunni. „Átakalínan fær-ist stöðugt til.“ Í símanum er yfirmaður UNICEF í Sýrlandi, Hanaa Singer. Hún er alvörugefin. Lýsir hörðum bardögum.

Að utan berst umferðarniður, strætó keyrir að Suðurlandsbraut. Röddin í Damaskus bergmálar á línunni. Segir frá því að einungis þriðja hvert sjúkrahús í Sýrlandi sé í dag starfhæft. Skólasókn í landinu hafi hriðfallið. „Tveggja áratuga árangur í menntamálum hefur glatast,“ segir Hanaa. Sýrland var áður millitekjuríki og nær öll börn fóru í skóla. Hanaa bendir á að í dag sé fjórði hver skóli ónýtur eða notaður sem neyðarskýli fyrir fólk á flóttu. Kennarar hafi flúið, það vanti skólabækur, skólatöskur. Vanti allt.

Ég fæ kökk í hálsinn. Röddin í Damaskus ætlar hins vegar ekki að gefast upp. Útskýrir hvernig námsgögnum verður á næstu vikum og mánuðum dreift til meira en einnar milljónar nemenda, hvernig gert verður við 600 skóla og heimanámi komið til 500.000 barna sem eru á átakavæðum og komast ekki í skóla. Það verður að halda börnunum virkum, þau mega ekki detta úr námi í mörg ár. Hættan á týndri kynslóð er raunveruleg.

Börn í stórhættu í Aleppo

Úr símtækinu berst lýsing á skelfilegum aðstæðum í Aleppo. Þar sem áður var íðandi mannlíf í fallettri stórborg eru í dag rústir efnar. Fornar og stórmerkilegar menningarminjar hafa verið eyðilagðar. Vatnsskortur í borginni er gríðarlegur. Grafalvarlegur. Óhreinlæti hefur aukist, sjúkdómahætta sömuleiðis. Sjúkdómar koma alltaf verst niður á ungum börnum. 80% minna vatn er að fá í Aleppo nú en fyrir stríðið.

Börn þurfa að fara í gegnum vegatálma og yfir átakalínur með vatnsbrúsa til að ná í vatn fyrir fjölskyldur sínar. Rogast til baka með fulla brúsa af vatni. Það er auðveldara fyrir börn en fullorðna að komast í gegnum vegatálmana, þess vegna fara þau. Enginn kemst af án vatns. Hanaa lýsir því hvernig börnin eru við þetta í stórhættu. Hvernig UNICEF keyrir hreint vatn í tankbílum til 1,2 milljóna manna á hverjum einasta degi til að bregðast við. Síðan titrar röddin: „Við getum bara fjármagnað þetta í þrjár vikur í viðbót.“

Veturinn er alvörumál

Nístandi staðreyndir halda áfram að berast úr símtækinu. „Svo er það veturinn í Sýrlandi... Hann er alvörumál.“

Í nóvember byrjar að kólna verulega. Í desember og janúar fer hitastigið niður í tvær til fimm gráður og sums staðar undir frostmark. Frá Damaskus berst döpur rödd sem lýsir börnum í Sýrlandi sem dóu í fyrra úr kulda. En hún gefst ekki upp. Ætlar að hita skólastofur vitt og breitt um landið og setja upp færanlegar heilsugæslur til að fylgjast með heilsu barna, þau eru fljót að veikjast í kuldanum. Ætlar að dreifa vetrarfötum til nærri einnar milljónar barna. Fatnaðurinn er búinn til innanlands í Sýrlandi því það veitir konum atvinnutækifæri, styrkir efnahaginn og kemur í veg fyrir sendingarkostnað.

Staðreyndirnar að utan verða yfirþyrmandi. Líka neyðaraðgerðirnar. Stríðið er buið að standa svo lengi, umfang aðgerðanna er svo gríðarlegt. Í fyrra náði UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, til dæmis að veita meira en einni milljón barna frá Sýrlandi sálrænan stuðning. Börnin voru í áfalli. Ekkert barn á að þurfa að ganga í gegnum það sem þau hafa gert. Það er yndislegt að svona mörg börn hafi fengið hjálp – en um leið skuggalegt að svo mörg hafi þurft á henni að halda. Frá því að stríðið hófst hefur UNICEF veitt milljónum og aftur milljónum barna neyðarhjálp. Starfsfólk UNICEF í Aleppo, Damaskus, Homs, Tartous og Hasakah leggur sig í mikla hættu á hverjum einasta degi við að koma til hjálpar. Sumir þurfa að forða sér undan skothríð úr sprengjuvörpum.

Sýrland móttökuríki

Hanaa bendir á að Sýrland hafi tekið á móti miklum fjölda flóttamanna fyrir stríðið. Fólk í órvæntingarfyllri leit að skjóli frá stríði í nágrennaríkinu Írak. Og staðreynd málsins: Sýrland tók við þrisvar sinnum fleiri flóttamönnum þá en hafa leitað til Evrópu nú.

Ég skil ekki hvernig þessi magnaða kona kemst í gegnum daginn og hvernig hún fer að því að vinna vinnuna sína. Fólk eins og hún hefur staðið vaktina frá því að stríðið hófst. Verður þar áfram. Gefst ekki upp við að berjast fyrir réttindum allra barna – alltaf.

Er ráðherrann ekki á förum?



Páll Magnússon fv. útvarpsstjóri



En hvernig skyldi standa á því að þessir vandlætatar líta undan og blístra þegar spillingin stendur allsber og starir beint í augun á þeim? Er það vegna kunnings- skapar eða vináttu við hinn geðþekka og kúltiveraða ráðherra, sem sækir sömu konserta og kaffihús – og spilar auk þess fallega á píanó?



Nú er liðið eitt sumar síðan upplýst var að menntamálaráðherra bað um og fékk persónulegan fjárstuðning frá aðila sem hann síðan veitti pólitíska fyrirgreiðslu vegna viðskiptahagsmuna í Kína. Pólitísk spilling verður ekki augljósari en þetta. Sjálf skilgreiningin, sem OECD og fleiri alþjóðlegar stofnanir nota á fyrirbærinu, felur í sér verknadarlýsingu á því sem ráðherrann gerði: „Misnotkun stjórnvalds eða pólitískra ráðamanna á valdi sinu og áhrifum fyrir ólögsmætan, venjulega leynilegan, persónulegan ávinning.“ Þetta er kjarni málsins og vegna þessa hlýtur ráðherrann að víkja – líka frá þingmennsku – þótt annað kæmi ekki til. Ef ráðherrann ratar ekki sjálfur út hlýtur formaður Sjálfstæðisflokksins að vísa honum veginn. Það er ekki gæfulegt, hvorki fyrir flokkinn né ríkisstjórnina, að sigla inn í seinni hluta kjörtímabils og aðdraganda kosninga með þetta spillingarbrak óbundið í lestinni.

Við þetta bætist síðan að ráðherrann sagði opinberlega og vísitandi ósatt þegar hann hélt því fram í viðtali við Fréttablaðið 9. apríl sl. að tenging hans við þennan aðila væri frá þeim tíma þegar hann var utan þings og að hann hefði engra fjárhagslegra hagsmuna að gæta gagnvart honum lengur. Hvorttveggja var og er ósatt.

Og enn bættist í köstinn um daginn þegar fjölmiðillinn Stundin upplýsti að ofan á allt annað hefði ráðherrann einnig fengið persónulega lánafyrirgreiðslu upp á 3 milljónir króna frá sama aðila, án þess að upplýsa um það eins og lög gera ráð fyrir.

Miðillinn segist hafa þrúspurt ráðherrann um þessi mál – þrettán sinnum – en hann kjósi að svara engu og setji það skilyrði fyrir viðtölum við fjölmiðla um önnur mál,

að ekki verði spurt um þetta! Þögn ráðherrans er skiljanleg. Honum væri þó hollt að minnast þeirrar meginreglu að ráðherrar á Vesturlöndum geta yfirleitt ekki þagað neitt í hel nema sjálfa sig. Og þótt ráðherranum hafi tekist að koma sér undan því að svara fjölmiðlum allan þennan tíma, svo undarlegt sem það nú er og má heita mikil litilþægni af þeirra hálfu, þá kemst hann varla undan því að svara fyrir málið á Alþingi eða Landsfundi Sjálfstæðisflokksins sem stendur fyrir dyrum. Nema þá að þessar stofnanir leggist í samræmda meðvirkni með ráðherranum og spyrji einiskis.

Sömuleiðis hlýtur Umboðsmaður Alþingis að taka málið upp þar sem fyrir liggja sterkar vísbendingar um brot menntamálaráðherra á hegningarlagaákvæðum um mútuþægni.

Undarleg þögn

Után við efni málsins, en tengd því, er hin hjákátlega þögn sem umlykur það af hálfu þeirra sem tíðast skrifa um samfélagsmál í dagblöð og netmiðla. Ekki hefur heyrst hósti né stuna frá þessum annars siskrifandi 5-6 einstaklingum. Þó hefur pólitísk spilling á Íslandi sjaldan birst jafn hrein og kristaltær og í ofangreindu tilviki. Sumir þessara skriffinna görguðu sig t.d. hása mánuðum saman út af máli Hönnu Birnu. Hún gat þó að ákveðnu marki afsakað sig með mistökum, dómgreindarleysi, reynslyleysi og misvitrum aðstodar-

mönnum og ráðgjöfum. Engu líku er til að dreifa í máli menntamálaráðherra. Þar stendur spillingin ein og hrein og hefur ekkert skjól af mistökum eða dómgreindarleysi; þetta var úthugaður og einbeittur ásetningur ráðherra um pólitískan greiða fyrir persónulegan. Samt heyrst ekki múkk í hinni málglöðu intelligensiu. Það er svo sem í góðu samræmi við þau margtuggðu visdómsorð Laxness að Íslendingar „...leysi vandræði sín með því að stunda orðheingilshátt og deila um titlingaskit sem ekki kemur málinu við; en verði skelfingu lostnir og setji hljóða hvenær sem komið er að kjarna máls.“

En hvernig skyldi standa á því að þessir vandlætatar líta undan og blístra þegar spillingin stendur allsber og starir beint í augun á þeim? Er það vegna kunnings- skapar eða vináttu við hinn geðþekka og kúltiveraða ráðherra, sem sækir sömu konserta og kaffihús – og spilar auk þess fallega á píanó? Sem sagt: „Einn af okkur.“ Eða er það kannski fremur vegna þess að álitsgjafarnir geta margir hverjir haft hag og gagn af því, beint eða óbeint, að vera á góðum talfæti við menntamálaráðherra á hverjum tíma? Siðferðiskröfurnar séu afstæðar – fari eftir því hver á í hlut? Þeir hefðu t.d. aldeilis fengið að kenna á því frá þessum mönnum Sigmundur Davíð eða Bjarni Ben. eða Gunnar Bragi ef þeir hefðu gengið fram með þessum hætti. En ekki menntamálaráðherrann.

TJARNARBÍÓ

LÍFID

STÓRSKEMMTILEGT

drukkumall

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

SÝNT Í TJARNARBÍÓ

Adeins orðfáar sýningar:

Sun. 18. okt. kl. 13.00

Sun. 1. nóv. kl. 13.00

Sun. 15. nóv. kl. 13.00

Sun. 22. nóv. kl. 13.00

Gríman 2015

Barnasýning ársins

Sproti ársins

- DV

- S.J. Fréttablaðið

MÍÐASALA Á MIDT.IS OG Í TJARNARBÍÓ

Þegar Guðmundur kom í Munaðarnes



Ógmundur Jónasson
alþingismaður



Frá því hafi verið skemmt að segja að í Munaðarnesi hafi hann ekki komist á salerni og því afráðið að flýta sér sem mest hann mátti aftur til síns heima.

Þetta greinarkorn fjallar um heimsókn hins mikla baráttumanns fyrir réttindum fatlaðs fólks, Guðmundar Magnússonar, í Munaðarnes fyrir allmörgum árum. Greinin fjallar þó fyrst og fremst um boðaða nýja byggingarreglugerð um afnám kvaða.

Ég var formaður BSRB á þessum tíma og jafnframt í forsvari fyrir orlofsbyggðir bandalagsins. Við höfðum þá nýlengi við að gera eitt sumarhúsanna upp frá grunni þannig að allt væri sniðið að þörfum fatlaðs fólks, hækkanlegar og lækkanlegar innréttingar og síðast en ekki síst salerni og baðherbergi þannig úr garði gerð að auðvelt var að athafna sig fyrir fólk í hjólastól. Á þessum tíma settum við einnig lyftu á milli hæða í þjónustumiðstöðina svo fatlað fólk gæti farið frítt um.

Við vorum nokkuð góð með okkur þegar við opnuðum nýuppgerða húsið en Guðmundi, sem góðum félagi og manni sem þekkti erfiðleikana frá fyrstu hendi, hafði verið boðið að taka þátt í fögnuðinum. Ég hélt ræðu og hann hélt ræðu.

Hans ræða var eftirminnileg. Hann hrósaði okkur í hástert fyrir framtakið en sagði að þetta væri bara fyrsta skrefið.

Svo kom sagan. Skömmu eftir að hann lasaðist og lamaðist þannig að hann varð bundinn við hjólastól upp frá því, hafði hann komið í orlofsbyggðirnar í Munaðarnesi að heimsækja fjölskyldu sína. Hann kvaðst minnst þess hve mjög hann hefði hlakkað til heimsóknarinnar. Hún hefði hins vegar snúist upp í martröð. Þannig var að orlofshúsin höfðu verið byggð áður en vitund manna hafði almennt vaknað um

þarfir fatlaðs fólks og öllum reglugerðum þar að lútandi auk þess áfátt. Frá því hafi verið skemmt að segja að í Munaðarnesi hafi hann ekki komist á salerni og því afráðið að flýta sér sem mest hann mátti aftur til síns heima.

Sæmandi fyrir alla

„Og lærdómurinn af þessu,“ sagði Guðmundur, „er að það er ekki nóg að byggja eitt hús sniðið að þörfum fatlaðs fólks, heldur þarf að byggja öll hús á þann veg. Við sem búum við fötlun erum nefnilega líka gestkomandi hjá ykkur hinum!“

Mér kom þessi saga í hug þegar ég nú les um hina miklu baráttu gegn reglugerðum um húsnæðisstaðla, sem ganga út á að gera byggingaverktökum auðveldara um vik að byggja húsnæði fyrir tekjulítið fólk. „Burt með reglugerðafarganið,“ segja menn við góðar undirtektir.

En gæti verið að reglugerðunum hafi verið ætlað að tryggja að einvörðungu verði reist íbúðarhúsnæði sem er sæmandi fyrir alla, fatlaða jafnt sem ófatlaða, tekjulága jafnt sem tekjuháa?

Reynslumikill arkitekt með góða dómgreind, segir mér að reglugerðarsmiðir hafi farið offari og sitthvað þurfi að einfalda. Vísar hann í ábendingar Arkitektafélagsins.

En hugleiðum málið frá öllum hliðum áður en við stöndum upp til að klappa og fagna einfaldara lífi verktökum til handa.

Leiðréttum mistökin strax



Ólafur Bjarni Halldórsson
Ísafirði

Sameign okkar allra, Ríkisútvarpið, fer um þessar mundir í kynningarferð um landið þar sem til umræðu eru dagskráin, tæknibúnaður og fjármál stofnunarinnar. Auk þess gefst hlustendum kostur á að spyrja, gagnrýna eða hrósa. Þetta framtak ber að virða eins og annað sem vel er gert. Það kom fram á fyrsta fundinum hér á Ísafirði að starfsemi á landsbyggðinni yrði eflað á ný eftir harkalegan niðurskurð og sömuleiðis að innlend dagskrárgerð og fræðsluefni yrði aukið en dregið úr erlendu afþreyingarefni. Flestir geta tekið undir að þetta sé spor í rétta átt. Ríkisútvarpið hefur frá því að mælingar höfðu notið meira trausts en aðrir fjölmiðlar og hlýtur það að teljast helsti styrkur þess.

Varðveitum traustið

Þetta hugtak traust er að öllu jöfnu eitthvað sem byggist upp á löngum tíma en er að sama skapi fallvalt. Til dæmis geta ákvarðanir sem tekst hvorki að skýra né rökstyðja dregið þetta lífsnaúðsynlega traust niður fyrir hættumörk. Ríkisútvarpið okkar býr að góðum tæknibúnaði og húsnæði sem hvort tveggja er nauðsynlegt en fyrst og síðast er það fólkioð sem þar starfar sem byggir upp og viðheldur þessari þjóðarstofnun. Ég tala um stofnun og vitna þar til orða mætrar útvarpskonu, Jörunnar Sigurðardóttur, sem fyrir tveimur árum var sæmd verðlaunum Jónasar Hallgrímssonar. Hún sagði við það tækifæri að útvarpið mætti aldrei verða fyrirtæki heldur ávallt stofnun.

Óútskýrðar uppsagnir

Að sjálfsögðu hefur gengið á ýmsu í

áttatíu og fimm ára sögu útvarpsins. Það var hægt að sýna því skilning að gripa þurfti til óvinsælla aðhaldsaðgerða í formi uppsagna fyrstu árin eftir fjármálahrún landsins þegar halli á ríkissjóði náði áður óþekktum stærðum. Nú er engu slíku til að dreifa og því verður að gera þær kröfur til stjórnenda að vandað sé til verka þegar fólk á í hlut. Sjaldan hefur farið af stað önnur eins bylgja andmæla eins og þegar tveimur þekktum og vinsælum útvarpskonum var gert að hætta fyrirvaralaust störfum við útvarpið. Hér er verið að tala um þær Hönnu G. Sigurðardóttur og Sigríði Stephensen sem báðar eiga langan og óumdeilanlega farsælan feril hjá útvarpinu þar sem Hanna hóf störf árið 1984 og Sigríður 1991. Báðar eru þekktar fyrir vönduð vinnubrögð og búa að yfirburða þekkingu í dagskrárgerð. Það er fólk eins og þessar tvær konur sem hafa á löngum ferli skapað útvarpinu okkar það traust sem aldrei verður að fullu metið. Það eru vægast sagt undarleg starfslok þegar fólk sem hefur stundað sína vinnu af alúð og samviskusemi er gert að hætta á deginum án þess að gefa fyrir því neina frambærilega ástæðu.

Þegar það kemur fram opinberlega að þetta hafi komið „eins og þruma úr heiðskíru lofti“ þá þarf enginn að efast um að hér er um að ræða einhliða ákvörðun þeirra sem fara með vald yfir starfsmannamálum Ríkisútvarpsins. Að þetta sé „liður í skipulags- og áherslubreytingum sem ætlað sé að styðja við ágætis þróun á Rás 1 á undanförmum vetri“ er í besta falli merkingarlaus klisja en þó, hvað þessar konur varðar, meira í ætt við öfugmæli eða hundalógik. Það hefur ekki tekist að skýra hvernig það „styður við ágætis þróun“ er í ómetanlegri reynslu, vandvirkni og þekkingu sé umsvifalaust varpað á dyr. Að auki hlýtur það að orka tvímælis að þessi fyrirvaralaus uppsögn standist 12. grein laga um Ríkisútvarpið þar sem kveðið er á um að „málefnalegar



Góður skipstjóri réttir stefnuna þegar skipið ber af leið.

ástæður þurfi ætíð að liggja að baki brottrekstri starfsmanna“. Þessar málefnalegu ástæður hafa ekki komið fram og við sem skiljum ekki þennan gjörning getum því aðeins ályktað sem svo að líklega séu þær langsóttar.

Mannleg mistök

Okkur getur öllum orðið á en þá er yfirleitt sú leið fær að leiðrétta mistök. Eftirfarandi var haft eftir rómverska heimspekingnum Seneca fyrir tuttugu öldum: Errare humanum est, sed in errare perseverare diabolicum, sem má útleggja: Það er manlegt að skjátlást en að halda fast við mistökin er djöfullegt. Það er því skorað á þá sem ábyrgðina bera að fylgja heilræðum Senecas og draga þessa vanhugsuðu ákvörðun að fullu til baka.

Það dugar hvorki að gera þessa hæfu starfsmenn að óreglubundnum verktökum eða gera þeim að keppa um fyrri störf sín eftir einhverjum óskilgreindum markaðsreglum. Eins og þjóðþekktur maður sagði eitt sinn er honum fannst vegið í knérunn þeirra er ekki gætu komið vörnum við: „Svona gera menn ekki.“ Stjórnendur væru því menn að meiri að afturkalla ákvörðun sem hvorki nýtur stuðnings hlustenda né starfsmanna. Góður skipstjóri réttir stefnuna þegar skipið ber af leið.

Verndum þjóðareignina

Ríkisútvarpið og ekki síst elsti hluti þess, Rás 1, er menningarstofnun sem talar til þjóðarinnar dag og nótt allan ársins hring. Höldum vörð um þau gildi sem hún stendur fyrir. Þá mun hún sem áður sameina okkur á bæði erfiðum og góðum stundum.

Við viljum að það sé tekið mark á okkur!



Guðrún Ágústsdóttir
formaður
öldungaráðs
Reykjavíkurborgar

Öldungaráð Reykjavíkur, hvað er það? Samkvæmt samþykkt um öldungaráð Reykjavíkurborgar þá ber okkur að vera borgarstjórn, nefndum og ráðum borgarinnar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ennfremur að vera vettvangur samráðs borgarbúa 67 ára og eldri, félagsamtaka þeirra, atvinnulífs og borgaryfirvalda og vera virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflóksins.

Við eigum að vera ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflóknum og eigum að stuðla í samstarfi við þjónustumiðstöðvarnar að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu borgarstofnana til borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Þetta er ekkert smáræði.

Öldungaráðið er nýtt hér í borginni, við vorum kosin á þessu ári og fyrsti fundurinn okkar var haldinn 11. mars sl. Við höfum til þessa einbeitt okkur að því að læra á kerfið, með því að fara í heimsóknir og fá til okkar fagaðila á ýmsum sviðum. Við óskum eftir því að fá fulltrúa frá Velferðarráði sem áheyrnarfulltrúa á fundina okkar, en öldungaráðið er

vistað á mannréttindaskrifstofu. Við höfum fengið tengiliði við öll svið borgarinnar.

Einhver kynni að spyrja sig – hvað koma skipulagsmál öldruðum við? Svárið er: Ótal margt. T.d. góðar almenningssamgöngur sem stuðla að því að fólk geti sinnt hugðarefnum sínum. Hálkueyðing, gifurlega mikilvægt mál. Og fleira og fleira. Allt sem stuðlar að því að fólk geti séð um sig heima eins lengi og það getur og vill skiptir máli. Þannig mætti fara yfir öll svið borgarinnar; allir starfsþættir hennar skipta aldrei máli. Líka leikskólar.

Fjölmenningsráðið er líka vistað hjá Mannréttindaskrifstofu. Nú hefur það ráð óskað eftir fundi með okkur og hann verður haldinn fljótlega. Við sjáum fyrir okkur samvinnu við þau, t.d. umræðu um það hvernig við erum í stakk búin til að sinna öldruðum innflytjendum. Við væntum okkur mikils af samstarfi við fjölmenningsráðið.

Aldursvæn borg

Og síðast en ekki síst eru bundnar miklar vonir við þátttöku borgarinnar í verkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í aldursvænum borgum. Fyrir nokkrum dögum héldu borgarstjórn og öldungaráðið fyrsta opna sameiginlega fund sinn. Þar komu allir borgarfulltrúar allra flokka sem sýndu málefnum aldruðra mikinn áhuga. Þá komu á fundinn fulltrúar og talsmenn starfssviða borgarinnar. Það var góður fundur. Það er ástæða til að þakka borgar-



Við ætlum ekki að verða silkihúfa, við ætlum að taka virkan þátt í starfsemi borgarinnar og við viljum að það verði tekið mark á okkur!

stjórn fyrir að kalla öldungaráðið til verka og við munum reyna að standa undir væntingum.

Við ætlum ekki að verða silkihúfa, við ætlum að taka virkan þátt í starfsemi borgarinnar og við viljum að það verði tekið mark á okkur! Við í öldungaráðinu væntum okkur mikils af samstarfinu innan borgarkerfisins og við aðra þá sem vinna að málefnum eldra fólks og vonum að þær ábendingar og umsagnir og tillögur sem frá okkur koma í framtíðinni muni hjálpa til við að bæta kjör þessa hóps og hjálpa til við að hann verði sjálfbær sem allra lengst. Við viljum ekki að talað sé um fjölgun aldruðra sem óheillavænlega þróun sem minni helst á þá miklu vág sem heiminum stafar af loftslagsbreytingum af mannavöldum. Aldraðir á Íslandi eru nefnilega ungir! Þeir eru lægra hlutfall þjóðar en í grannlöndum okkar. Þeir vinna lengur eftir að fólk er komið á eftirlaunaaldur og þeir hafa lagt fyrir í stærstu sameiginlega sjóði landsmanna, lífeyrissjóðina. Við viljum vera með!

SPRENGISANDUR ER Í LOFTINU

SIGURJÓN M. EGILSSON OG UMRÆÐA SEM SKIPTIR MÁLI

SUNNUDAG KL. 10:00 - 12:00

BYLGJAN
989



BÍLL SEM SVARAR SPURNINGUM DAGSINS Í DAG



3,4 l/100 km

89 g/km



ÞARF AÐ VERA
SVONA DÝRT AÐ
REKA BÍL?



ER NAUÐSYNLEGT AÐ
MÆLABORÐIÐ SÉ
FULLT AF TÖKKUM?



ÞARF MAÐUR AÐ
SÆTTA SIG VIÐ
SKELLUR OG RISPUR?

VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.690.000 KR.

CITROËN C4 CACTUS

Hvernig get ég eignast og rekið nýjan bíl? Hvers vegna er ekki framleiddur léttari og sparneytnari bíll? Er ekki hægt að vernda hurðirnar gegn rispum og skellum? Af hverju getur mælaborðið ekki verið notendavænna og stílhreinna? Öllum þessum spurningum er svarað með nýja Citroën C4 Cactus. Hugmyndafræðin að baki nýja C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert þrjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus hefur svörin.

Velkomin í reynsluakstur

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

15 ára afmæli
Citroën
Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Skoðu citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



CITROËN

Útskýrði málið fyrir dómi í París

Kolbeinn Sigþórsson hefur enn ekki fundið netmöskvana í Frakklandi en er þó þegar kominn með rautt spjald. Honum líður vel í Nantes þrátt fyrir að búa enn á hótélherbergi með unga fjölskyldu sína.

FÓTBOLTI Kolbeinn Sigþórsson er kominn aftur á íslenskt gras og undirbýr sig nú fyrir landsleikina gegn Lettlandi og Tyrklandi í undankeppni EM 2016 ásamt félögum sínum í íslenska landsliðinu. Strákarnir eru sem kunnugt er nú þegar búnir að tryggja farseðilinn til Frakklands næsta sumar en ætla sér þó sigur í leikjunum tveimur og efsta sæti riðilsins.

Kolbeinn gekk í sumar í raðir Nantes sem leikur í frönsku úrvalsdeildinni þrátt fyrir erfiðleika liðsins í deildinni og markapurrð hans segir hann að sér líði vel. Hann flutti til Frakklands í júlí en býr þrátt fyrir það enn á hóteli í borginni.

Þarf að biða í tvær vikur í viðbót

„Það er auðvitað ekki ákjósanlegt eins og gefur að skilja. En stundum er þetta svona þegar maður fer í nýtt lið. Við vorum búnir að finna húsnaði sem við þurftum síðan að hætta við á síðustu stundu.“ Kolbeinn á sautján mánaða dóttur en fjölskyldan fær þó stærra húsnaði síðar í mánuðinum. „Ég þarf að biða í tvær vikur í viðbót,“ segir hann.

Hvað knattspyrnuna varðar þá segir Kolbeinn að honum líki vistin vel hjá Nantes. „Þetta er flottur klúbbur og aðstæður allar mjög góðar. Þetta er rólegt félag þó svo að það sé með ríka sögu á bak við sig. Maður finnur að þeir eru að byrja á því að byggja upp lið til framtíðar.“

Nantes tapaði fjórum leikjum í röð í síðasta mánuði en náði þó að fara inn í landsleikjahléið á góðum nótum eftir sigur á Lille fyrir viku. Nantes vann, 1-0, með marki strax á fimmtu mínútu. Kolbeinn segir að það sé dæmigert fyrir frönsku deildina.

„Fótboltinn í Frakklandi er „physical“ og oft leitað að þessu fyrsta marki og svo bara pakkað í vörn. Ég er vanur því að vera í sóknarliði – líkt og hjá Ajax og íslenska landsliðinu. Mark með þeim liðum þýðir áframhaldandi hápressu og fleiri mörk. Þetta eru því ákveðin viðbrigði fyrir mig og ég þarf að ná minnu fyrsta marki til að kveikja almennilega í mér,“ segir Kolbeinn



Það er aðeins kaldara á Íslandi en í Frakklandi eins og sést á Kolbeini Sigþórssyni á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

sem skynjar þó að það ríki þolinmæði í hans garð sem og liðsins alls.

„Ég upplifði að menn voru mjög óþolinmóðir hjá Ajax en það er allt annað í gangi hjá Nantes. Við erum með ungt lið og sem stendur ekki hægt að gera kröfu um að vera í toppbaráttunni. Þetta er ólíkt að því leyti.“

Fékk tveggja leikja bann

Kolbeinn fékk að líta beint rautt spjald gegn Rennes um miðjan síðasta mánuð og tók út tveggja leikja bann vegna þess. Hann segir að það hafi verið ný reynsla fyrir sig. „Ég þurfti að fara til Parísar og útskýra mál mitt,“ sagði Kolbeinn og útskýrði að honum hafi ekki verið skylt að gera það en gert það til að fá vægari dóm.

„Ég átti að fá þriggja leikja bann en forsetinn [hjá Nantes] bað mig um að koma með sér til Parísar og reyna að fá dóminn mildaðan. Mér

tókst að fá hann niður í tvo leiki.“

Kolbeinn sagðist hafa gert sér strax grein fyrir því að hann hafi verið of seinn í tæklinguna í umræddu atviki. „Völlurinn var blautur en ég náði að kippa löppinni að mér áður en ég fór í manninn. Ég notaði það mér til málsvarnar enda ætlaði ég ekki að meíða hann. Ég held að þeir hafi tekið það til greina. Þar að auki er leikstillinn í Frakklandi nokkuð nýr fyrir mér. Við fengum ekki einu sinni að tækla á æfingum með Ajax,“ segir hann og brosir.

Allir þurftu að halda fyrir eyrun

Nantes átti svo leik gegn Nice á úti-velli um helgina en leiknum var aflýst vegna veðurs í upphafi síðari hálfleiks. Kolbeinn segist aldrei hafa lent í öðru eins.

„Tveimur sekúndum fyrir leik slær niður eldingu rétt við völlinn, og það í grenjandi rigningu. Það

þurftu allir að halda fyrir eyrun út af látunum. En þetta var mjög flott að byrja leikinn á þennan hátt,“ sagði Kolbeinn.

„Þegar við komum út í seinni hálfleikinn sáum við að það hafði bætt enn í rigninguna. Það var eins og hellt úr fötu. Dómarinn bað okkur um að prófa að spila en það þýddi ekkert. Það kom stungusending inn fyrir en boltinn steindrapst í polli og ekkert annað að gera fyrir dómarann að flauta þetta af.“

Kolbeinn segist spenntur fyrir verkefnunum fram undan með landsliðinu en strákarnir mæta Lettlandi á laugardag og Tyrklandi ytra á þriðjudag. „Stuðningurinn hefur verið magnaður og þetta eru skemmtilegustu leikirnir sem maður spilar. Nú þurfum við að setja okkur ný markmið og einbeita okkur að því að vinna þessa tvo leiki. Það gæti skipt okkur miklu máli.“ eirikur@frettabladid.is

Nýjast

SNORRI STEINN Í GÓÐUM HÓPI Snorri Steinn Guðjónsson, leikstjórnandi íslenska landsliðsins og franska liðsins Nimes, er einn af þremur sem koma til greina sem leikmaður mánaðarins í frönsku deildinni. Snorri Steinn er tilnefndur með þeim Mikkel Hansen, leikmanni Paris Saint Germain, og Jure Dolenc, leikmanni Montpellier HB. Snorri Steinn er markahæstur í deildinni með 41 mark eftir fjóra leiki, meira en tíu mörk í leik, og hefur skorað fjórum mörkum fleira en vinur hans og fyrrum liðsfélagi, Mikkel Hansen. Snorri hefur meðal annars nýtt 20 af 21 viti sínum sem gerir 95,2 prósentu vítanýtingu.



🐦 **Að 38% leikmanna glími við þunglyndi eða kvíða skv. Fifpro er sjokkerandi há tala. Þarf að huga betur að andlegri liðan íþrífólks.**

Helga Einarsdóttir
@HelgaEinarsd

TVÖ STJÓRNULIÐ MÆTAST Í GARÐABÆNUM Í KVÖLD Tímabilið er ekki búið hjá íslenskum félagsliðum. Kvennalið Stjórnunnar leikur í kvöld fyrri leik sinn við rússneska liðið Zvezda Perm í 32 liða úrslitum Meistaradeildarinnar en leikurinn fer fram á Samsung-vellinum í Garðabæ og hefst klukkan 19.00. Þetta er annað árið í röð sem liðin, sem bera bæði nafnið Stjarnan, mætast í keppninni en í fyrra vann rússneska liðið 8-3 samanlagt eftir að hafa unnið fyrri leikinn 5-2 í Garðabænum. Stjarnan hefur þegar unnið þrjá Evrópuleiki á árinu en Stjörnukonur voru með fullt hús og markatöluna 11-0 í undanriðlinum á Kópur í ágúst.



Í dag

02.00 Forsetabikarinn Golfstöðin



LANDSBRAUÐ

Til styrktar Slysavarnafélaginu Landsbjörg

Íslenskir bakarar vilja vekja athygli á hollustu trefjarikra brauða. Trefjarík blanda af höfrum, bygg og rúgi stuðlar að eðlilegri og góðri meltingu. Bakarar hafa nú á boðstólum Landsbrauð sem er trefjaríkt hollt brauð. Landsbrauð er mjúkt, milt á bragðið og einstaklega ljúffengt.

Slysavarnafélagið Landsbjörg fær 30 kr. í sinn hlut af hverju seldu brauði, til styrktar einingum félagsins.

Landsbrauð er trefjaríkt og inniheldur m.a. heilmalað korn.



Philips 7600 línan



Hlaut EISA verðlaunin sem bestu kaupin í Evrópu 2015-2016

7600 línan frá Philips með Android sameinar 4K Ultra HD upplausn, þægileg hljómgæði og þríhliða Ambilight baklýsingu í aðlaðandi blaðpunni hönnun. Allt sem þú vilt að sé til staðar í sjónvarpi. Og það er margverðlaunað líka. Tækið fæst í þremur stærðum, 48", 55" og 65".



EISA
AWARD
Best
Product
2015-2016

BEST BUY TV
Philips 55PUS7600

 með Android

PHILIPS

 **Heimilistæki** ht.is
UMBODSMENN UM LAND ALLT

TÍMAMÓT



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Hera Karlsdóttir

Ijósmóðir,

verður jarðsungen frá Fossvogskapelli
fimmtudaginn 8. október kl. 13.00.

Fanney Davíðsdóttir
Ingibjörg Snorradóttir

Guðm. Geir Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

Björg Jónasdóttir Sen

lést á Sólvangi miðvikudaginn 16.
september. Útförin fór fram í kyrrþey að
ósk hinnar látnu þann 6. október frá
kapellunni í Hafnarfjarðarkirkjugarði.
Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð.

Póra Sen, Björn Vignir Jónsson, Oddný Sen, Jónas
Sen, Jóhanna Jónasdóttir, Jón H. H. Sen, Gunnur Sif
Sigurgeirsdóttir og barnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
stjúi, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Andrés Stefánsson

lést 25. september sl. Útförin hefur farið
fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Auður Anna Konráðsdóttir
Klara Hrönn
Konráð
Elvar Aron
Laufey Konný
Kristín Jóna
barnabörn og barnabarnabörn.



Guðmundur Davíð
Drífa
Sigrún
Markús
Þráinn



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

Helga Jóhanna Jónsdóttir

Brákarhlíð í Borgarnesi,
áður Bøðvarsgötu 4,

verður jarðsungen frá Borgarneskirkju
laugardaginn 10. október kl. 14.00.
Þeim sem vilja minnst hinnar látnu er bent á
Minningsarsjóð Brákarhlíðar – sjá heimasíðu,
www.brakarhlid.is.

Jón Björnsson
Magnús Þórðarson
Gunnar L. Þórðarson
Hörður Þórðarson
Þórður Þórðarson
Guðrún Hildur Þórðardóttir

Maria Alexandersdóttir
Anna María Kristjánsdóttir
Inga Sigurðardóttir
ömmu- og langömmubörn.



Ástkær eiginkona mín og besti vinur,
móðir okkar, tengdamóðir og amma,

María Ármannsdóttir

Miðtúni 5, Sandgerði,

lést á Landspítalanum
við Hringbraut 1. október.
Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í
Sandgerði föstudaginn 9. október kl. 15.00.

Þórður Marelsson
Kolbrún Marelsdóttir
Ólafía Marelsdóttir
og barnabörn.

Marel Andrésón
Fríður María Halldórsdóttir
Ragnar Kristjánsson
Magnús Þórisson

Byrjar daginn á tattúí

Doktor Gunnur er fimmtugur í dag og þykir það lítið merkilegt. Hann heldur þó upp á það með tattúí og tónleikum en partí var haldið um síðustu helgi og þá sem 140 ára afmæli.

„Ég er nú ekkert með það á heilanum hvað ég er gamall. Enda lítið merkilegt að verða fimmtugur. Maður má bara þakka fyrir að hafa ekki verið uppi fyrir 1.000 árum og vera dauður löngu fyrir þann aldur úr einhverju rugli,“ segir Gunnar Lárus Hjálmarsson, þekktur sem doktor Gunnur.

Hann ætlar að byrja daginn á að fá sér tattú í fyrsta skipti. Telur sig nógu þroskaðan í slíkt. Það verða þrjár kúlur í brauðformi á öðrum hvorum handleggnum. Mikill ísmaður? „Já, þetta er það sem fjölskyldan er dálítið í – að fá sér ís. Það er skemmtilegt og lítið karlmannlegt. Maður vill vera sem minnst karlmannlegur enda er karlmennskan að leggja heiminn í rúst. Það gerir apa-eðlið.“

Gunnur segir afmælispartíið hafa verið haldið um síðustu helgi. „Konan varð fertug og vinir okkar á efri hæðinni líka svo það var haldið 170 ára afmæli. En ég verð að spila í dag, á afmælinu, í Lucky Records við Rauðarárstíg klukkan fimm. Þangað eru allir velkomnir,“ segir doktorinn sem var að gefa út plötu sem heitir Doktor Gunnur í sjoppu. 50 eintök komu út á vínýl og búið að selja þau öll númeruð og áletruð.

Gunnur ólst upp í Kópavogi og bjó í sama húsi 22 fyrstu árin. Flutti svo í borgina 1988. Skyldi hafa verið tónlistar-íðkun á æskuheimilinu? „Nei, nákvæmlega engin, mín er algerlega sjálfsprottin enda finnst mér alltaf dálítið feik þegar krakkarnir fara að gera það sama og for-



„Ég fékk bítlæði 1978 og svo pönk- og nýbylgjuæði í framhaldinu,“ segir Gunnar Lárus Hjálmarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

eldrarnir. Það kom reyndar plötuspilari á heimilið 1976 og nokkrar plötur með. Ég fékk bítlæði 1978, svo pönk- og

nýbylgjuæði í framhaldinu og hef verið í þessum þælingum síðan.“
gun@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Valdimar Þ. Kristjánsson

lést á Hrafnistu laugardaginn
3. október. Útförin fer fram frá Áskirkju
föstudaginn 9. október kl. 13.00.

Kristján Valdimarsson
Óðinn Valdimarsson
Sóley Valdimarsdóttir
Bunron Kaewmee
Bjarni Kristjánsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar og amma,
Arnbjörg Jónsdóttir Waage

lést 29. september.
Útförin verður frá Kópavogskirkju
8. október kl. 13.00.

Guðbjörg H. Waage
Ágústa Waage
Guðný Waage
og barnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug við andlát og útför
elskulegs sambýlismanns míns, sonar
míns, bróður okkar, mágs okkar og
frænda,

Eiríks Þórs Helgasonar

Móabará 16,
Hafnarfirði.

Cecilia Nfono Mba
Helgi Hermann Eiríksson
Halldóra K. Helgadóttir
Ívar Örn Helgason
Samúel Guðmundsson
Dýrleif J. Guðlaugsdóttir
frændur og frænkur.



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Jón Kristjánsson
frá Fellshlíð,

lést þriðjudaginn 1. september.
Útförin hefur farið fram.

Kristján Jónsson
Jón Gunnar Jónsson
Soffía Jónsdóttir
Rósa Guðrún Danielsdóttir
Ingigerður Guðmundsdóttir
Halldór Brynjarsson
Guðmundur B. Þórðarson



Ástkær móðir okkar,
Erla Stefánsdóttir
pianókennari,

lést í Sóltúni 5. október.

Salome Ásta Arnardóttir
Sigprúður Erla Arnardóttir
Stefán Örn Arnarson



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi,
Jósef Magnússon
bóndi,
Steinnesi, A-Hún.,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands,
Blönduósi, að morgni 4. október.
Jarðarförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem
vilja minnst hans er bent á Þingeyrakirkju.

Fyrir hönd aðstandenda,

Vilmundur Jósefsson
Magnús Jósefsson
Sigrún Lóa Jósefsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn,
Þórhildur Lárusdóttir
Líney Árnadóttir
Grétar Geirsson

Tilkynningar um merkasatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is. Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

OYSTER PERPETUAL
SUBMARINER DATE


ROLEX


MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 7. október 2015

39. tölublað | 9. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

»2

250 milljarða fjárfestingarþörf

Fjármagn til framkvæmda dregist saman um 70 prósent frá hruni.

»4

Alvogen greiðir milljónir

Yfir 120 milljónir í ógreidda bónusa til starfsmanna um áramótin.

»11

Svipmynd: Haukur Hannesson

Haukur Hannesson er framkvæmdastjóri AGR-Reyndar.

»14

Aðhald í peningastefnu

Lars Christensen skrifar um aðhald í peningastefnu á Íslandi.

»16

Tölvuleikur á uppleið

Stjórnarmaðurinn skrifar um velgengi QuizUp.

Kauphöll Íslands verður 30 ára á föstudaginn.

Áhuginn á First North að aukast.

Vill að almenningur fjárfesti meira.

»8

Býst við skráningum á First North á næsta ári

SKJÓÐAN



Er slíkur stöðugleiki eftirsóknarverður?

NÚ BERAST af því fregnir að samanlagt stöðugleikaframlag stóru bankanna þriggja muni nema eitthvað um 300 milljörðum króna.

ÞESSI FJÁRHÆÐ er miklu lægri en sú sem boðuð var þegar stöðugleikaskilyrði ríkisstjórnarinnar voru kynnt 8. júní sl. Þá var raunar einblínt á hvaða fjárhæð yrði sótt til slitabúa föllnu bankanna með stöðugleikaskatti. Sú upphæð var 850 milljarðar.

Í SJÓNVARPSVIÐTALI sama kvöld sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra aðspurður að búast mætti við að stöðugleikaframlag bankanna og bankaskatturinn myndi skila ríkissjóði 500 milljörðum. Nú er hins vegar komið fram að upphæðin er líklega ekki nema 300 milljarðar. Þetta er rétt rúmur þriðjungur af því sem ríkisstjórnin boðaði í júní.

Í KYNNINGUNNI, 8. júní sl. var fullýrt að heildarumfang aðgerða stjórnvalda gagnvart slitabúunum næmi 900 milljörðum og var þar miðað við 850 milljarða stöðugleikaskatt.

EN SKATTURINN kemur að öllum líkindum ekki til framkvæmda og fjárhæðin sem rennur til ríkisins er því einungis 300 milljarðar ef þær tölur, sem nú er fjallað um í fjölmöldum eru á rökum reistar. Ljóst er að slíkt framlag dugar hvergi nærri til að leysa þann vanda sem stöðugleikaáætlun stjórnvalda var ætlað að leysa.

KÁRI STEFÁNSSON, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, hefur

lýst furðu sinni á því að stjórnvöld hygðist ekki láta slitabúin greiða bætur vegna þess tjóns sem starfsemi og fall gömlu bankanna olli hagkerfinu og ríkissjóði.

ÞAÐ MÁ TAKA UNDIR með Kára. Krefjast þarf mun hærra stöðugleikaframlags en sem nemur þeim 300 milljörðum sem nú eru til umræðu. Annars er vandamálið ekki leyst í eitt skipti fyrir öll, eins og fjármálaráðherra fullyrði í júní. Þá sleppa kröfuhafar, sem flestir eru áhættufjárfestar, sem fjárfest hafa í kröfum á bankanna eftir fall þeirra, úr landi með gríðarlegan hagnað. Eftir sitjum við Íslendingar með sárt ennið og langan skuldahala.

FALL ÍSLENSKU BANKANNA hefur reynst íslenskum fyrirtækjum, almenningi og ríkissjóði sjálfum mjög dyrkeypt. Nýju bankarnir, sem eru í eigu kröfuhafa gömlu bankanna og íslenska ríkisins, hafa gengið hart fram gegn fyrirtækjunum og heimilunum í landinu til að hámarka gróða lukkuriddara, sem í alþjóðlegum fjármálaheimi eru nefndir „hrægammur“, en svo eru þeir fjárfestar nefndir sem sérhæfa sig í kaupum á skuldabréfum fallinna fyrirtækja.

VERÐI SLITABÚUNUM sleppt með að borga einungis 300 milljarða blasir við að stöðugleikaáætlun ríkisstjórnarinnar hrekkur skammt til að grynna skuldir ríkissjóðs, sem að stórum hluta eru tilkomnar vegna falls bankanna. Þar með er ljóst að stöðugleikinn sem boðið verður upp á felst í að binda hagkerfið í spennitreyju risavaxinna ríkisskuldna og viðvarandi hafta.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** jonhakon@365.is

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Stefán Karlsson**
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

Einkaaðilar komi að fjármögnun sæstrengs

Framkvæmdastjóri GAMMA segir erlenda aðila vera reiðubúna að fjárfesta í nokkrum mikilvægum verkefnum á Íslandi. Úthlutun fjár til samgöngumála hafi dregist mikið saman. Þörfin fyrir fjárfestingu í innviðum sé gríðarleg.

Á Íslandi eru nokkur stór verkefni sem vel myndu falla að kostum einkafjármögnunar, að mati Gísla Haukssonar, framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækisins GAMMA. Hann segir líklegt að erlendir aðilar, til dæmis erlendir sjóðir sem eru sérhæfðir í fjárfestingum í innviðum, hafi áhuga á að fjárfesta á Íslandi. Bæði með eigið fé og lánsfé.

Gísli segir að eitt slíkt hentugt verkefni væri sæstrengur, sem rætt er um að leggja til Bretlands. „Og það er mjög líklegt að það yrðu stórir alþjóðlegir innviðafjárfestar, og hugsanlega íslenskir líka, sem kæmu að því að leggja þann streng, hanna, byggja og mögulega reka,“ segir Gísli.

Hann nefnir fleiri verkefni, svo sem stækkun á Leifstöð og uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli sem til stendur að ráðast í. Einnig Sundabraut. „Það er verkefni sem hefur verið metið í gegnum tíðina þjóðhagslega arðbætt og skorar gríðarlega hátt á öllum kostnaðar- og ábatagreiningum sem gerðar eru á forgangsröðun samgöngumannvirkja en hefur ekki verið talin ástæða að ráðast í,“ segir Gísli. Þá megi jafnframt nefna stækkun Hvalfjarðarganga.

Gísli hélt ræðu um einkafjármögnun innviða á ráðstefnu hjá Sjávarklasunum á dögunum. „Í þessari ræðu tala ég ekki eingöngu frá samgöngusviðinu, heldur almennt um innviði yfirhöfuð. Það er verið að tala um veitufyrirtæki og félagslega innviði. Við erum aftur á merinni heldur en fjölmörg önnur ríki sem við berum okkur að jafnaði saman við þegar kemur að slíkum verkefnum. Ég held að við ættum að læra af reynslu annarra þjóða sem víðast hvar hefur verið



Gísli Hauksson, forstjóri GAMMA, vill sjá fleiri framkvæmdir fjármagnaðar með þátttöku einkaaðila. FRÉTTABLAÐID / GVA

Það er í raun mjög athyglisvert hve lítið hefur verið fjárfest í innviðum á Íslandi undanfarið.

Gísli Hauksson, framkvæmdastjóri GAMMA

göð,“ segir Gísli. En með félagslegum innviðum á hann við skóla og aðrar menntastofnanir, mannvirki og þjónustu tengda heilbrigðisgeiranum, mannvirki og þjónustu tengda dómstólum, fangelsi og íþróttaleikvanga.

Gísli bendir á að þörfin fyrir fjárfestingu í innviðum á Íslandi sé gríðarleg, enda hafi úthlutun framkvæmdafjár til samgöngumála dregist saman um 70% frá hrúni.

GAMMA metur að uppsöfnuð fjárfestingarþörf í hefðbundnum og félagslegum innviðum sé um 250 milljarðar króna, og að fjárfestingarþörf í innviðum næstu 7-10 árin verði að minnsta kosti 500 milljarðar.

Gísli veltir fyrir sér hvort uppbygging verkefna á borð við hátækni sjúkrahús og Sundabraut hefði ekki gengið hraðar fyrir sig ef einkaaðilar hefðu komið að þeim. jonhakon@frettabladid.is

Vikan sem leið

- **Vextir nýrra verðtryggðra lána** með föstum vöxtum hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna lækkuðu í 3,6% og lántökukostnaður lækkaði í 0,75%.
- **80% af áætlunum heildarendurheimtum** í þrotabú gamla Landsbankans hafa verið endurheimt eða um 1.335 milljarðar króna af 1.663 milljörðum.

- **Meginvextir Seðlabankans**, vextir á sjö daga bundnum innlánum, verða áfram 5,5%, samkvæmt ákvörðun Peningastefnufundar. Bindiskylda verður aukin úr 2% í 4%.
- **46 milljónir króna** voru rekstrartekjur veitingastaðarins Ali Baba á árinu og hækkuðu þær um tæpar 9 milljónir króna milli ára.

Á döfinni

Miðvikudagur 7. október
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS – Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum
HAGSTOFA ÍSLANDS – Gistinætur og gestakomur á hótelum í ágúst

Föstudagur 9. október
HAGSTOFA ÍSLANDS
Efnahagslegar skammtimatölur

LÁNAMÁL RÍKISINS
Útboð ríkisbréfa og mánaðalegar markaðsupplýsingar

Þriðjudagur 13. október
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum
visir Allar markaðsupplýsingar

Fimmtudagur 15. október
HAGSTOFA ÍSLANDS
Fiskafli í september 2015
HAGSTOFA ÍSLANDS
Vöruskipti við útlönd í september

Mánudagur 19. október
HAGSTOFA ÍSLANDS
Samræmd vitatala neysluverðs

keldan
dagatal viðskiptalífsins

thekking.is

ÞEKHING ER TÖLVUDEILD YFIR 300 FYRIRTÆKJA

Við önnumst daglegan rekstur á tölvukerfum, hýsum gögn og hugbúnað. Við veitum persónulega þjónustu og erum sérfræðingar í tækniþörfum viðskiptavina okkar.

Kynntu þér málið:
460 3100 / sala@thekking.is

PEKHING
Tölvudeildin þín

URÐARHVARF 6, 203 KÓPAVOGUR 460 3100
HAFNARSTRÆTI 93-95, 600 AKUREYRI THEKKING.IS

Stefán Jóhannesson
Framkvæmdastjóri
@thekking





Þjónusta við fyrirtæki

Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við út á hvað starfið gengur.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af þjónustu við íslensk fyrirtæki, þekkir fjölbreyttan atvinnurekstur af eigin raun og býður fram þekkingu sína og áhuga til að efla þinn rekstur.

Þekking sprettur af áhuga.

Rósa Guðmundsdóttir hefur í tólf ár veitt stærri fyrirtækjum fjármálaþjónustu með sérstakri áherslu á verkefni á fasteignamarkaði.

Rósa er viðskiptastjóri fasteignateymis Íslandsbanka.

Milljóna bónusar til starfsmanna Alvogen

Starfsmenn Alvogen Iceland áttu von á yfir hundrað milljóna bónusgreiðslum um áramótin. Milljarðs tap varð af rekstri félagsins hér á landi en góður hagnaður af samstæðunni í heild. Tapið er sagt skýrast af því að félagið sé stoðdeild.

Ógreiddar bónusgreiðslur til starfsmanna Alvogen Iceland ehf. námu 124,5 milljónum króna um síðustu áramót. Deilist bónusgreiðslurnar jafnt til þeirra 33 starfsmanna sem störfuðu hjá fyrirtækinu í fyrra nema þær tæplega fjórum milljónum á hvern starfsmann. Meðallaun starfsmanna voru 2,15 milljónir króna á mánuði en laun og launatengd gjöld námu 851 milljón króna á síðasta ári.

Launagreiðslur til starfsmanna félagsins riflega tvöfölduðust milli ára en þær námu 395 milljónum króna eða 1,1 milljón á þá 30 starfsmenn sem störfuðu hjá félaginu árið 2013. Margir af lykilstarfsmönnum félagsins í Evrópu starfa hjá Alvogen Iceland samkvæmt því sem fram kemur á heimasíðu félagsins.

Íslenska dótturfélagið tapaði 1,36 milljörðum króna á síðasta ári og 802 milljónum króna árið 2013 samkvæmt því sem fram kemur í ársreikningi þess. Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri hjá Alvogen, segir tapið skýrast af því að Alvogen Iceland sé fyrst og fremst stoðdeild fyrir samstæðuna, t.d. í fjármálum, markaðsmálum og gæðamálum. Samstæðan í heild

sinni sé öflugt fyrirtæki og hafi skilað finni afkomu á síðasta ári.

Fréttablaðið greindi frá því í sumar að hluthafahópur, undir forystu alþjóðlegu fjárfestingarsjóðanna CVC Capital Partners og Temasek, hefði keypt meirihluta hlutafjár í móðurfélaginu Alvogen. Kaupverðið var ekki gefið upp, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var heildarvirði Alvogen 270 milljarðar króna eftir viðskiptin. Þá hermdu heimildir Fréttablaðsins að tekjur Alvogen hefðu numið 100 milljörðum króna það sem af var ári og rekstrarhagnaður þess hefði numið um 30 milljörðum króna.

Hjá systurfélaginu Alvotech voru 2,33 stöðugildi skráð í ársreikningi að meðaltali á árinu 2014 og námu laun og launatengd gjöld til þeirra 47,6 milljónum króna eða 1,7 milljónum króna á mánuði á hvern starfsmann. Framkvæmdir vegna húsnæðis Alvotech í Vatnsnýrinni eru langt komnar en þar hyggst félagið vinna að þróun líftækni-lyfjahlíðstæðna sem vonast er til að komi á markað á árunum 2018-2019 þegar einkaleyfi frumlyfjanna renna út. Halldór segir um 100 manns nú starfa hjá Alvogen og Alvotech á Íslandi. ingvar@frettabladid.is



Röbert Wessmann er forstjóri Alvogen.

2,15

milljónir voru meðalmánaðar-launagreiðslur til starfsmanna Alvogen Iceland árið 2014.



Nýir eigendur keyptu Lifandi markað út úr þrotabúi hins gjaldþrota félags.

Íhuga skaðabótamál vegna Lifandi markaðar

Forsvarsmenn heildsöluinnar Innness ehf. íhuga að höfða skaðabótamál gegn fyrirverandi stjórnendum Lifandi markaðar vegna viðskipta sem urðu í kjölfar gjaldþrotaskipta félagsins.

Lifandi markaður ehf. var lýst gjaldþrota þann 4. júlí 2014 og eftir að forsvarsmenn fyrirtækisins fóru fram á það. Nafni félagsins var í kjölfarið breytt í Lokaður markaður ehf. Gjaldþrotaskiptum félagsins lauk þann 1. október og námu lýstar kröfur 283 milljónum króna. Bús- og veðkröfur voru greiddar að fullu en 54,5 prósent fengust upp í forgangskröfur og ekkert upp í almennar og eftirstæðar kröfur.

Nýir aðilar keyptu rekstur þriggja veitingastaða og verslunar Lifandi markaðar út úr þrotabúinu nokkrum vikum eftir gjaldþrotið og reka þá í dag.

Innnes og Kaja organic ehf. kærðu fyrirverandi stjórnendur Lifandi markaðar fyrir fjárfesting og blekkingar í kjölfar gjaldþrotaskiptanna.

Í kærunum kom fram að Lifandi markaður hefði lagt inn pantanir hjá Innnesi eftir að fyrirtækið hafði óskað eftir gjaldþrotaskiptum og Kaja hefði átt í viðskiptum við fyrirtækið eftir að gjaldþrotaskiptin gengu í gegn.

Lögregla hætti rannsókn málsins án þess að gefa út ákæru. Magnús Óli Ólafsson, forstjóri Innness ehf., segist furða sig á niðurstöðu lögreglu. Tjón fyrirtækisins hafi verið á aðra milljón króna.

Hið gjaldþrota félag var í eigu fagfjárfestingarsjóðsins Auðar 1 sem Virðing rekur nú en fyrirtækið sameinaðist Auði Capital. Fjölmargir lífeyrissjóðir hafa fjárfest í Auði 1.

Karen Emilia Jónsdóttir, eigandi Kaja Organic, á ekki von á því að fara með málið lengra þar sem hún sjái ekki að það verði til neins. Hún segir tap Kaja Organic vegna gjaldþrotsins hafi numið um 850 þúsund krónum. „Þetta er alveg ömurlegt að fjárfestingarbanki skuli geta hagað sér svona,“ segir Karen. – íh



Opus

Fasteignafélag



Skútuvogur 13A, 104 Reykjavík.

Opus fasteignafélag kynnir til leigu 910 m² skrifstofuhúsnæði í Skútuvogi. Mögulegt að skipta niður í minni einingar. Fundarherbergi, eldhús og öll aðstaða til staðar fyrir 50+ manna vinnustað. Húsnæðið er sniðið fyrir hugbúnaðarfyrirtæki.

Fyrir nánari upplýsingar sendið tölvupóst á netfangið leiga@opusfasteignafelag.is



www.opusfasteignafelag.is

Sími: 568 - 6787



Melabúðin var opnuð 1956 og verður því 60 ára á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Melabúðin hagnaðist um 40 milljónir í fyrra

Melabúðin ehf., sem rekur samnefnda verslun við Hagamel í Vesturbænum í Reykjavík, hagnaðist um 40 milljónir króna á síðasta ári sem er aukning um ríflega 5 milljónir króna milli ára.


Eignir Melabúðarinnar nema 289 milljónum króna og aukast um 15 milljónir króna milli ára. Þar munar mest um vörubirgðir og skammtímakröfur sem nema nærri 170 milljónum króna. Þá eru fasteignir bókfærðar á 41 milljón króna. Skuldir Melabúðar-

innar nema 100 milljónum króna og þar af nema viðskiptakröfur 69 milljónum króna. Félagið skuldar hins vegar engin langtímalán.

Eigið fé Melabúðarinnar nemur 188,5 milljónum króna sem er nær allt bókfært sem óráðstafað eigið fé.

25 milljónir króna voru greiddar í arð til hluthafa félagsins sem eru hjónin Katrín Stella Briem og Guðmundar Júlíusson og synir þeirra, Pétur, Friðrik og Snorri. – ih

Hagnaður lögfræðistofa í milljónum króna



Fjórða hver króna í hagnað

Sex af stærstu lögfræðistofum landsins högnuðust um tæplega 1,5 milljarða króna í fyrra. Hagnaður dregst litillega saman en er nær allur greiddur í arð.

Ríflega fjórða hver króna sem fjórar af stærstu lögmansstofum landsins þénuðu í fyrra skilaði sér í hagnað. Rekstrartekjur lögmansstofanna fjögurra, Lex, Logos, Markarinnar og BBA Legal, námu 4,6 milljörðum en hagnaður ríflega 1,2 milljörðum króna.

Sé einnig horft til afkomu Landslaga og Réttar sem ekki gefa upp veltutölur í ársreikningi, högnuðust lögmansstofurnar sex um 1.483 milljónir króna á síðasta ári en 1.513 milljónir króna árið 2013 svo hagnaður dróst saman um 31 milljón króna milli ára.

Nær allur hagnaður lögmansstofanna árið 2013 var greiddur í arð á síðasta ári en alls námu arðgreiðslur til eigenda lögmansstofanna sex 1.407 milljónum króna í fyrra.

Þegar kemur að veltu er Logos langstærsta lögmansstofan, en fyrirtækið velti 2,2 milljörðum króna árið 2014 sem er samdráttur um 221 milljón króna milli ára. Hagnaður Logos dróst einnig saman um 102 milljónir króna, en hagnaður fyrirtækisins var 616 millj-

ónir króna í fyrra en 718 milljónir króna í hittifyrra.

Næststærst er Lex sem er hálfdrættingur á við Logos þegar kemur að veltu og amlóði þegar kemur að hagnaði. Lögmansstofan velti 1,2 milljörðum króna í fyrra en hagnaður hennar var 206 milljónir króna sem er smávægileg aukning milli ára.

BBA Legal er hástökkvari ársins þegar kemur að hagnaði sem nær tvöfaldaðist milli ára. Hagnaður BBA Legal nam 250 milljónum króna í fyrra en 134 milljónum árið 2013. Þá jukust rekstrartekjur fyrirtækisins um 160 milljónir og voru 685 milljónir.


Hagnaður og velta Markar dróst saman um 60 milljónir króna í fyrra, en fyrirtækið velti 500 milljónum króna og hagnaðist um 168 milljónir króna.

Landslög högnuðust um 175 milljónir króna í fyrra sem er 25 milljónum króna meira en árið 2013. Þá hagnaðist lögmansstofan Réttur um 59 milljónir króna í fyrra sem er 8 milljónum minna en árið 2013. ingvar@frettabladid.is

Góð ávöxtun Úrvalsbréfa

Landsbréf – Úrvalsbréf hafa skilað góðri ávöxtun síðastliðin ár. Sjóðurinn er hlutabréfasjóður. Að baki Úrvalsbréfum er teymi fólks með mikla reynslu, víðtæk tengsl við markaðinn og þekkingu á íslensku viðskiptalífi.

Meðaltal nafnávöxtunar Úrvalsbréfa á ársgrundvelli miðað við 31.08. 2015



Veittur er 50% afsláttur af gjaldi við kaup út október.

Hafa þér í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á framtíðarárangur. Gengi sjóðsins getur bæði hækkað og lækkað og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Ávöxtunartölur eru fengnar hjá Landsbankanum sem er vörsluaðili sjóðsins.

Fjárfesting í hlutabréfasjóðum felur ætíð í sér áhættu. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða er þó að jafnaði öruggari en þegar keyptir eru einstakir fjármálagerningar, þar sem hver sjóður dreifir áhættu fjárfesta með kaupum í fleiri en einum flokki fjármálagerninga. Hlutabréf eru í eðli sínu áhættusöm fjárfesting og afkoma þeirra félaga sem sjóðurinn á hlutabréf í hefur bein áhrif á gengi sjóðsins. Nauðsynlegt er að fjárfestar kynni sér vel þá áhættu sem fólgin er í því að fjárfesta í hlutabréfasjóðum með því að kynna sér útbodslýsingu sjóðsins áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu.

Landsbankinn er söluaðili sjóða Landsbréfa. Komdu við í næsta útibúi eða hafðu samband við Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf í síma 410 4040.

Landsbréf – Úrvalsbréf eru fjárfestingarsjóður, starfræktur í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði og lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélag sjóðsins eru Landsbréf hf. og vörslufélag er Landsbankinn hf. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst almennt áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði vegna rýmri fjárfestingaheimilda. Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins er virði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins, s.s. ógreiddri umsýslu, þóknunum og öðrum gjöldum. Nánari upplýsingar um sjóðinn, skattlagningu hlutdeildarskírteina og áhættuþætti við fjárfestingu í sjóðnum má sjá í útbodslýsingu sjóðsins og lykluþýsingu sem finna má á vefsvæði Landsbréfa, landsbref.is.





Strength-LEAD

Strength Based Leadership Development Program

OPINN KYNNINGARFUNDUR MEÐ LISA VIVOLL STRAUME

- LEIÐTOGAÞJÁLFUN FYRIR ÆÐSTU STJÓRNENDUR
- HAGNÝT OG EINSTAKLINGSMÍÐUÐ ÞJÁLFUN Í
ÞREMUR LOTUM FRÁ NÓVEMBER TIL APRÍL



Kennarar:

Lisa Vivoll Straume PhD í jákvæðri sálfræði og stofnandi MIND og **Rune Sagør**, stofnandi og framkvæmdastjóri MIND.

14. OKTÓBER KL. 12:15
HJÁ ENDURMENNTUN AÐ DUNHAGA 7

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á ENDURMENNTUN.IS EÐA Í SÍMA 525 4444

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Karen Millen reið út í slitabú Kauppings

„Ég er mjög reið eins og gefur að skilja,“ segir Karen Millen, stofnandi og fyrrverandi eigandi tískumerkis í eigin nafni, í einkaviðtali við Markaðinn. Hún segir nýja eigendur, Aurora Fashions, nota nafn hennar á annan hátt en um var samið þegar hún seldi merkið, sem nefnt er eftir henni, árið 2004. Langstærsti hluthafi í Aurora Fashions er slitabú gamla Kauppings.

Ólöf
Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



rekstur tiskuvörfyrirtækis á ný.
Hvernig er að eiga ekki lengur
eigið nafn?

Breska tiskuverzlana-keðjan Karen Millen hefur verið áberandi í breskum fjölmiðlum undanfarið. Forstjóri fyrirtækisins, Mike Shearwood, hætti í byrjun september eftir að hafa, ásamt öðrum stjórnendum, mistekist í viðleitni sinni til að kaupa félagið af núverandi eigendum, Aurora Fashions. Stærsti hluthafi Aurora Fashions er slitabú gamla Kauppings, en félagið á einnig verslanakeðjurnar Oasis, Coast og Warehouse.

Sjálf hefur Karen Millen, stofnandi verslanakeðjunnar og eigandi til margra ára, lýst yfir óánægju sinni með núverandi eignarhald merkisins sem heitir eftir henni. Karen sagði í viðtali við The Guardian fyrir nokkru að hún skammaðist sín fyrir þá stefnu sem fyrirtækið hefði tekið undanfarin misseri og klæddist aldrei fötum frá því. Þá hefur henni verið meinað að nota vörumerkin Karen og KM, sem hún hafði hug á að gera, hefji hún

sem ég hafði byggt frá grunni árið 2004 til Mosaic Fashions. Ut úr samningum fékk ég bæði greiðslu og hlut í félaginu, sem ég taldi góða fjárfestingu. Árið 2009 fór Mosaic Fashions í gjaldþrotaskipti og ég missti minn hlut í fyrirtækinu. Þá kom Aurora Fashions fram sem nýr eigandi og nú vill hann nota mitt nafn á annan hátt en um var samið árið 2004. Ég er mjög reið, eins og gefur að skilja,“ útskýrir Karen.

Gjaldþrotaskipti Mosaic Fashions voru umdeild í Bretlandi. Sama dag og tilkynnt var um gjaldþrot félagsins var meginþorri þess seldur aftur til Kauppings, en Kaupþing var líka í slitameðferð. Nafni félagsins var breytt í Aurora Fashions. Fyrirtækið skilaði ágætis hagnaði á erfiðum markaði, með merkið Karen Millen í broddi fylkingar.

Karen Millen stofnaði merkið sjálf ásamt þáverandi eiginmanni sínum, Kevin Stanford, árið 1981. Þá fengu þau hjónin 100 punda lán, sem í dag jafngildir tæplega tuttugu þúsund íslenskum krónum,

og hófu að hanna, búa til og selja hvítar skyrtur. Fyrst um sinn seldu þau bara vinum sínum skyrtur, en árið 1983 opnuðu þau saman fyrstu verslunina undir merkjum Karen Millen í Kent á Englandi. Fyrirtækið óx hratt og má nú finna verslanir Karen Millen víða í Evrópu, Asíu og Ástralíu svo eitthvað sé nefnt. Millen og Stanford, sem skildu árið 2001, héldu áfram að starfa saman í viðskiptum eftir skilnaðinn. Þau tengdust íslensku viðskiptalífi nánum böndum, en ásamt þeim átti Baugur Group hluti í Mosaic Fashions. Þá áttu þau í viðskiptum við Kaupþing í Lúxemborg. Þegar fjármálahrunið varð misstu þau nærri allt sitt í hendur bankanna.

Stanford átti auk hlutar í Mosaic Fashions hlut í Materia Invest með þeim Magnúsi Ármann og Þorsteini Jónssyni, gjarnan kenndum við Vífilfell.

Sjálf hefur Karen Millen, stofnandi merkisins og eigandi þess til margra ára, lýst yfir óánægju sinni með núverandi eignarhald merkisins.

Finnst þér nýir eigendur hafa brugðist hlutverki sínu?

„Við skulum bara orða það sem svo að ég er mjög sorgmædd að sjá fyrirtækið sem ég og fyrrverandi eiginmaður minn byggðum og seldum fyrir ellefu árum í krísu og að tapa peningum.“

Sjálf hyggst Karen aftur fara út í viðskipti, með einum eða öðrum hætti, þótt það verði ekki endilega undir merkjum Karen Millen. „Börnin mín eru orðin fullorðin og ég hef allan þann tíma og orku sem til þarf. Ég er tilbúin að takast á við nýjar áskoranir og get ekki beðið eftir að fara aftur að vinna.“



●● Ég er mjög sorgmædd að sjá fyrirtækið sem ég og fyrrverandi eiginmaður minn byggðum og seldum fyrir ellefu árum í krísu.

●● Þá kom Aurora Fashion fram sem nýr eigandi og nú vill hann nota mitt nafn á annan hátt en um var samið árið 2004.

●● Ég er tilbúin að takast á við nýjar áskoranir og get ekki beðið eftir að fara aftur að vinna.

Karen Millen loðað við Ísland í rúman áratug

Árið 2004

- Mosaic Fashions, mestmegnis í eigu Baugs, keypti Karen Millen á

120

milljónir punda

Á núverandi gengi eru það rúmir 23 milljarðar króna.

2003-2009

- Mosaic Fashions rak um það bil 2.000 verslanir og hafði 13.000 manns í vinnu undir merkjunum:

Anoushka G
Coast
Karen Millen
Oasis
Odile
Principles
Shoe Studio Group
Warehouse



Kevin Stanford var giftur Karen Millen og meðeigandi merkisins.

Árið 2009

- Baugur fór í gjaldþrotaskipti og um leið Mosaic Fashions.
- Aurora Fashions var stofnað til þess að kaupa verslanakeðjur af hinu gjaldþrota Mosaic Fashions.
- Millen og Stanford misstu sinn hlut í Mosaic Fashions.
- Í kjölfar þess veltu Millen og Stanford því fyrir sér að höfða mál gegn slitabúi Kaupþings.

Aurora Fashions

90%

félagsins eru í eigu slitastjórnar gamla Kaupþings.

1.250

verslanir eru undir hatti Aurora í 38 löndum.



Eldborg, Hörpu

20. desember
kl. 21:00

UPPSELT KL. 21:00!

Jólatónleikar
Boney M

með söngdívunni Liz Mitchell

AUKATÓNLEIKAR

kl. 17:00 sama dag

Hooray! Hooray! It's a Holi-Holiday

Daddy Cool

Rivers of Babylon

Mary's Boy Child

Rasputin

Miðasala í fullum gangi á fix.is,
harpa.is og í síma 528 5050

Boney M, ein stærsta hljómsveit diskótímabilsins heimsækir Hörpu á aðventunni. Með í för er sjálf söngdívun Liz Mitchell. Það er óhætt að lofa góðri skemmtun í Eldborg á meðan Mary's Boy Child, Rivers of Babylon, Rasputin og allir hinir smellirnir koma salnum á hreyfingu. Tryggðu þér miða á stórkostlega skemmtun og komdu þér í réttu stemninguna fyrir jólin.

DÆGURFLUGAN



HARPA



Páll Hardarson segir það miður að öll stóru fyrirtækin hafi skyggt á minni fyrirtækin fyrir hrún. Hann býst við því að First north markaðurinn muni vaxa á næstunni og hefur fundið fyrir áhuga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mikilvægt að fræða fjárfesta framtíðarinnar

Páll Hardarson, forstjóri Kauphallarinnar, telur að brýn þörf hafi verið fyrir Kauphöllina bæði þegar hún var stofnuð fyrir 30 árum og í dag. Töluvert hefur dregið úr beinni þátttöku almennings frá hrúni. Páll vill sjá hana aukast á ný.

Sæunn
Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Nasdaq Iceland sem í daglegu tali nefnist Kauphöllin fagnar þrjátíu ára afmæli sínu þann 9. október.

Kauphöllin var stofnuð sem verðbréfaþing að frumkvæði Seðlabankans árið 1985. Hlutabréfa- viðskipti hófust hins vegar ekki fyrr en árið 1991. Á næsta áratug átti gríðarleg uppbygging sér stað. „Á einum áratug fór Kauphöllin úr því að vera með ekkert skráð félag í það að vera með 75. Það er eiginlega ævintýraleg uppbygging,“ segir Páll Hardarson, forstjóri Kauphallarinnar. Aðspurður segist Páll telja að full þörf hafi verið fyrir Kauphöllina þegar hún var fyrst sett á laggirnar og að sú þörf sé enn brýn í dag. „Fyrir þrjátíu árum var fjármálaumhverfið að vissu leyti frekar vanþróað. Þegar verðbréfaþingið var stofnað varð í fyrsta sinn til opin markaður. Þá snerist það um að auka möguleika fyrirtækja landsins á fjármögnun. Í dag er umhverfið öðruvísi, en ég held að þörfin sé enn þá brýn. Þrátt fyrir þróaðra umhverfi, þá breytir

það því ekki að við erum enn þá í sömu stöðu, að íslenskt atvinnulíf býr við takmarkaðri kosti til fjármögnunar en atvinnulíf í öðrum löndum,“ segir Páll.

Smærri fyrirtæki velkomin
Í dag eru samtals 19 félög skráð í íslensku Kauphöllinni, 16 á Aðalmarkaði og þrjú á Nasdaq First North. Páll telur að allt að 40 til 50 félög gætu komið inn á Aðalmarkað og vonast til að 10-15 bættist við á First North á næstu árum. Páll telur að stóra verkefnið í dag snúi að því að koma litlum og meðalstórum fyrirtækjum á markað. „Ef við berum okkur saman við Svíþjóð, sem er þróaðasti markaðurinn á Norðurlöndum, þá hafa smærri fyrirtæki nýtt sér hlutabréfamarkaðinn þar í mjög ríku mæli. Smærri fyrirtæki hér á landi hafa ekki gert það og hafa átt í erfiðleikum með að fá fjármagn annars staðar. Þarna held ég að séu gríðarlegir möguleikar til sóknar,“ segir Páll.

Í kringum aldamótin þegar fjöldi skráninga í Kauphöllinni náði hámarki voru mun fleiri smærri fyrirtæki skráð en í dag. Aðspurður telur Páll að aðgangur að ódýrara lánsfjármagni á fyrstu árum aldarinnar og sameiningar smærri fyrirtækja hafi að hluta til

●● Ég held að markaðurinn missi út mikilvægan þátt við það að hafa ekki meiri beina þátttöku almennings... Þetta er líka mikilvægt upp á tengsl almennings og atvinnulífsins að almenningur eigi beinna, ekki bara óbeinna, hagsmuna að gæta.

●● Á einum áratug fór Kauphöllin úr því að vera með ekkert skráð félag í það að vera með 75. Það er eiginlega ævintýraleg uppbygging.

valdið þessari þróun. „Markaðurinn varð fyrst og fremst fyrir stærri fyrirtæki. Ég held að það hafi verið miður að þessi stóru fyrirtæki skyggðu á hin fyrirtækin. Yfirbragð markaðarins breyttist gríðarlega,“ segir Páll. Kauphöllin vill sjá fleiri smærri fyrirtæki á markaði og hefur skoðað það hvernig hægt væri að auka mögulegan ávinning þeirra á markaði. „Við höfum átt góð samtöl við stjórnvöld um

að breyta þessu og fengið mjög góð viðbrögð. Þannig að ég er bjartsýnn á að þessu verði kipt í liðinn,“ segir Páll. Hann telur að First North sé ágætur staður fyrir þessi fyrirtæki til að koma inn á og síðan mætti hugsa sér eins og erlendis að þau fyrirtæki sem gengi vel á markaði færðu sig svo yfir á Aðalmarkað.

Aukinn áhugi á First North

Fyrir á þessu ári var frumvarp samþykkt sem leyfir lífeyrissjóðum að flokka verðbréf á First North sem skráð í eignasöfnunum sínum upp að vissu marki. Páll segir frumvarpið nú þegar hafa vakið viðbrögð. „Við höfum séð aukinn áhuga á samstarfi hjá ráðgjöfum sem mögulega gætu séð um skráningar á First North. Jafnframt höfum við átt samtöl við og fengið fyrirspurnir frá nokkrum fyrirtækjum sem eru að velja skráningu fyrir sér á næsta ári. Ég held að við munum sjá einhverjar skráningar á First North á næsta ári, það eru nokkur fyrirtæki sem eru mjög áhugasöm um að skoða þennan möguleika og stafar það beint af þessari lagabreytingu,“ segir Páll. Spurdur um framtíðarsýn segist Páll vilja sjá First North markaðinn fara í 10-15 félög á nokkrum árum og sjá samskiptum lífliga veltu og fá margbreytileg félög á markaðinn. Ég geri mér miklar vonir um að nýsköpunar- og sprotafyrirtæki nýti sér þennan vettvang,“ segir Páll.

Þátttaka almennings mikilvæg

Viðskiptamannahópur Kauphallarinnar hefur breyst í samsetningu undanfarin misseri. Í dag nemur bein þátttaka almennings af heildarvirði tæplega 6%, samanborið við 10-15% fyrir hrún. „Þetta er ekki séríslenskt fyrirbæri. Stærri fagfjárfestar, sjóðir, meðal annars verðbréfasjóðir og lífeyrissjóðir, eru að verða fyrirferðarmeiri á markaðnum. Þátttaka almennings er því að verða meiri óbein,“ segir Páll. Aðspurður segist Páll vilja sjá beina þátttöku almennings aukast. „Ég held að markaðurinn missi út mikilvægan þátt við það að hafa


ekki meiri beina þátttöku almennings. Ég tel að aukin þátttaka almennings sé mikilvæg einfaldlega til þess að almenningur skilji markaðinn betur. Þegar maður fjárfestir beint er maður líklegur til að fræðast meira um markaðinn og kynna sér hann betur. Það er að vissu leyti ákveðið aðhald fyrir markaðinn að almenningur sé inni á honum og sýni honum áhuga. Þetta er líka mikilvægt upp á tengsl almennings og atvinnulífsins að almenningur eigi beinna, ekki bara óbeinna, hagsmuna að gæta. Það hvetur sennilega líka fyrirtæki til að gefa almennum fjárfestum meiri gaum ef þeir eru fyrirferðarmiklir,“ segir Páll. Aðspurður segist hann telja að fólk sé ennþá hrætt við það að fjárfesta á hlutabréfamörkuðum, eftir hrúnið. „Við höfum séð aukinn áhuga á markaðnum, en enn eru einhverjir hikandi við að koma inn á hann,“ segir Páll.

Hrifin af Ungum fjárfestum

Undanfarin ár hefur Kauphöllin beitt sér fyrir verkefni sem heitir Fjölbreytni á markaði. Konur skipa þriðjung einstaklinga á markaði en karlar tvo þriðju ef hluthafaskrá er skoðuð. „Við höfum beint sjónum okkar sérstaklega að konum. Við vildum sjá þetta hlutfall hækka. Við höfum í samstarfi við VÍB beitt okkur fyrir því að reyna að laða konur í auknum mæli inn á námskeið og svara kalli eftir aukinni fræðslu. Við höfum jafnframt talað fyrir aukinni þátttöku kvenna á markaði, til dæmis í stjórnnum. Við höfum stutt kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja, sem við töldum nauðsynlegt en vonandi tímabundið skref,“ segir Páll. Kauphöllin hefur einnig lagt mikið upp úr því að fræða unga fjárfesta. Ungar konur og karlar fóru í auknum mæli að sækja þessi námskeið og Ungir fjárfestar urðu til upp úr þeim. „Við höfum átt í mjög góðum samskiptum við Unga fjárfesta og reynt að styðja við þau samtök, við erum afskaplega hrifin af því sem þau eru að gera,“ segir Páll.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Stígagerð á Laugavegi
Fjöldi sjálfboðaliða vinnur á sumri hverju að stígagerð í Þórsörk en í sumar hófst einnig vinna við uppbyggingu og viðgerð stíga á Laugaveginum.
SÍÐA 2

W White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát Stórt op > auðvelt að hlaða Sparneytin **amerísk** tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari >



RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



★★★★
Amerísk gæðavara

★★★★
Amerísk gæðavara

Náttúruleg húðnæring í úðaformi

Er húðin þín þurr?

Þurrkur - Sórfásis - Exem
- Kláði í húð - Útbrot

Tilboðspakning
Zeoderm 100ml & Dermasprey 50ml fylgir í kaupbætil

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum. www.salcura.is

PESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ
BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

GULL BYLGJAN



SÍVINSÆLT „Stolt staðarins hefur alltaf verið sjávarréttahlaðborðið sem við bjóðum upp á bæði í hádeginu og á kvöldin,” segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður.

MYND/ANTON BRINK

**2
FYRIR
1**

Plokkfiskur með rúgbrauði til að taka með. Aðeins 1.290 kr. fyrir tvo. Klíptu miðann út og hafðu hann með þér.

Gildir til 15. desember 2015.

ÖMMUFISKUR Á FIMMTUDÖGUM

SJÁVARBARINN KYNNIR Á fimmtudögum, bæði í hádeginu og á kvöldin, er boðið upp á hlaðborð með sígildum fiskréttum úr „eldhúsi mömmu og ömmu“ á Sjávarbarnum við Grandagarð. Rammíslenskur matur á góðu verði.

Það sleikja margir út um þegar þeir hugsa um klassískar kræsingar eins og saltfisk með hömsum, siginn fisk, kæsta skötu og plokkfisk. Nú er hægt að ganga að þessum rammíslenska mat vísu á Sjávarbarnum við Grandagarð á fimmtudögum, frá 11.30 í hádeginu og frá 17.30 á kvöldin.

„Stolt staðarins hefur alltaf verið sjávarréttahlaðborðið sem við bjóðum upp á bæði í hádeginu og á kvöldin með áherslu á ferskan fisk sem við fáum á fiskmarkaðnum hérna spölkorn frá,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „En ég er mikill áhugamaður um sígildan íslenskan mat og hef alltaf haft plokkfisk og fiskibollur á hlaðborðinu og það hafa verið vinsælustu réttirnir. Svo hefur líka alltaf mælst mjög vel fyrir hjá gestum okkar þegar við höfum laumað öðrum hefðbundnum íslenskum fiskréttum á hlaðborðið. Mér fannst því tilvalið að þessi frábæri matur úr eldhúsi mömmu og ömmu fengi sinn sérstaka dag og fimmtudagur varð fyrir valinu.“

FIMMTUDAGSHLAÐBORD

Síldarréttir	Siginn fiskur	Grjónagrautur með rúsinum, kanil og rjóma-blandi.
Plokkfiskur	Kæst skata	
Fiskibollur	Hamsar	
Nætursaltaðar gellur	Hnoðmör	
Saltfiskur	Heimalagað rúgbrauð	1.990 KR. Á MANN

Magnús Ingi er þekktur fyrir að bjóða upp á skötu á Sjávarbarnum alla daga síðustu tvær vikur fyrir jólin en nú hefur hún líka sinn fasta sess á fimmtudagshlaðborðinu. „Ég verka skötuna sjálfur og það gerir gæfumuninn. Við erum þegar farin að bóka fastagestina í desember en nú geta hópar líka pantað skötuveislu hjá okkur hvenær sem er með örlitlum fyrirvara.“

PRÓGASTRÓ

Fyrir heilbrigða meltingu og magaflóru

Vissir þú að Prógastró góðgerlarnir:

- stuðla að heilbrigðri magaflóru
- geta stuðlað að minnkuðu ummáli maga
- virka við hægðatregðu og niðurgangi
- vinna gegn kandida og sveppasýkingu



Prógastró DDS+3 er einn öflugasti asídófilusinn á markaðnum!



Útsölastaðir: flest apótek, heilsubúðir og verslanir

www.gengurvel.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölu menn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429

1.790kr
1.520kr
 6.-11.OKT

DJÚSÍ OG HOLLT TOSTADA RUCOLA



Culiacan
 MEXICAN GRILL
 Suðurlandsbraut 4a
 www.culiacan.is



FAGURT Í FJALLASAL Ægifögur náttúra Íslands dregur að fjölda sjálfboðaliða frá öllum heimshornum. MYNDIR/RÓSA SIGRÚN JÓNSDÓTTIR.

SJÁLFBODALIÐAR LEGGJA STÍGA

STÍGAGERÐ Fjöldi útlenskra sjálfboðaliða vann að uppbyggingu stíga á Laugaveginum í sumar. Átakið var hluti af samstarfi Ferðafélags Íslands og Skógræktar ríkisins. Laugavegurinn er ekki eins illa farinn og margir telja, að sögn Stefáns Jökuls Jakobssonar, yfirskálavarðar FÍ.

Skógrækt ríkisins og samtökin Vinir Þórsmörkur hafa staðið fyrir mjög öflugri stígauppbyggingu á Þórsmörkursvæðinu undanfarið fimm ár. Charles J. Goemans, kallaður Chas, hefur farið fyrir hópum sjálfboðaliða á svæðinu,“ segir Stefán og bætir við að Chas hafi á þessum tíma teygt anga sína eins langt út fyrir skógræktarsvæðið og Skógræktin gat leyft sér.

Ferðafélag Íslands ákvað að sögn Stefáns að ganga til samstarfs við Skógræktina um að færa út kvíarnar á Laugaveginum. „Chas hefur séð um að afla sjálfboðaliða í verkefnið og þjálfar þá inni í Þórsmörk. Þá tekur starfsmaður Ferðafélagsins við hópnum og er með honum í viku í senn einhvers staðar á Laugaveginum við að laga og endurbyggja göngustíginn,“ segir Stefán en vinnan felst helst í því að koma vatni burt frá stígnum, laga vatnsrof og þess háttar.

STÍGAGERÐIN FORVARNARSTARF

„Draumurinn var að fara í erfiðasta kaflann, Jökultungurnar, þegar komið er niður úr Hrafninnuskeri og rétt áður en dottið er niður í Álftavatn en þar er talsvert mikið af lausum skriðum. En vegna snjóa og erfiðs færiss var ekki opnað inn á það svæði fyrir bílaumferð fyrr en 20. júlí og því færðum við okkur nær Þórsmörk og unnum mikla vinnu á gönguleiðinni frá Emstrum og inn í Þórsmörk.“

Var löngu kominn tími á slíkar viðgerðir? „Í raun lítur Laugavegurinn í heild sinni mjög vel út þótt umtalið hafi verið slæmt. En við verðum að bregðast við og vinna þessa forvarnarvinnu svo að umhverfið fari ekki illa,“ segir Stefán. Hann telur útlendinga flesta mjög sátta við gönguleiðina. „Þar eru fáar slyshættur og þeim erum við að vinna í og ætlum að gera enn betur næsta sumar þegar ætlunin er að vinna að stígagerð í fjórar til sex vikur.“

Þó fátt hafi verið gert af því sem upprunalega var ætlunin gekk vinnan við stígagerðina mjög vel. „Og betur en við þorðum að vona enda eru mjög langar og erfiðar aðkomuleiðir á þessa staði og bera þarf efni langar leiðir.“

SJÁLFBODALIÐAR VIÐA AÐ

Sjálfboðaliðarnir sem vinna að stígagerðinni koma víða að. „Það eru fjölmargir sem sækja í að ferðast



Í ÞÓRSMÖRK Aðsetur sjálfboðaliða í Þórsmörk.

svona um og fá tækifæri til að skoða framandi slóðir án þess að borga eins mikið fyrir það,“ segir Stefán en flestir dvelja hér í tvær til fjórar vikur. „Þeir byrja á því að vera í viku við stígagerð í Þórsmörk. Svo fer sérvalinn hópur áfram í tjaldbúðir eða annað á Laugaveginum og síðan endar hópurinn aftur í viku í Þórsmörk.“

Ferðafélag Íslands kemur þannig að verkefninu að það kostar bíl, starfsmann og gistiðstöðu fyrir sjálfboðaliðana. „Þá höfum við leitað til annarra aðila sem vilja leggja þessu verkefni lið og munum halda áfram að leita styrkja til stofnana til að halda þessari vinnu úti.“



RÆSI Mismunandi tegundir af ræsum og lausnum til að stjórna vatnsrennsli.



365.is
 Sími 1817

365

FÁRÁNLEGA FLOTTUR PAKKI

Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar. Spannandi íslenskir og erlendir þættir, kvikmyndir og vandað talsett barnaefni. Að auki fá áskrifendur internet, heimasíma, Stöð 2 Marapón og aðild að Vild.*

Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT á 365.is

SKEMMTIPAKKINN
9.290 kr.
 Aðeins 310 kr. á dag

20 GB í interneti og 100 mín. í heimasíma á 0 kr. Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma. Nánari upplýsingar á 365.is

3 Kvikka Stöðin HBO BRAVO MARAPÓN Vild G

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



ora

HEIMILISMATUR



Tímalaus máltíð

ORA Heilmilismatur lætur tímann og hjartað ráða för því réttirnir eru tilbúnir á aðeins örfáum mínútum. Ljúffengir, hollir og fjölbreyttir réttir fyrir alla fjölskylduna.

Ding og maturinn er tilbúinn.

*Ferskir taktar
í tilbúnum réttum*

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



Chevrolet Suburban 1500 4x4 9/2008 ek.113þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeiði. 5325cc. Ásett verð 5.690.000.- Rnr.287786



Kia Sportage Ex 4wd Diesel 1/2015 ek.46þús. Sjálfskiptur. 1995cc. TILBOÐSVERÐ 5.390.000.- Rnr.151283



Toyota Rav4 Gx Plus 1/2014 ek.28þús. Sjálfskiptur. 1987cc. Ásett verð 5.290.000.- Rnr.151291



Skoda Octavia Ambiente Drivers Edition Diesel 10/2012 ek.49þús. 1 eigandi. Sjálfskiptur. Ásett verð 3.290.000.-



Subaru Impreza Aero 8/2008 ek.147þús. Sjálfskiptur. 1 eigandi. Ný tímareim. Ásett verð 1.590.000.- Rnr.287719



VORTEX heithúðun á allargerðir pallbílur og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn sími 587-1390.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SKODA Octavia nýr bíll. Árgæð 2015, ekinn -1 P.KM, dísel, sjálfskiptur.skoðar skipti Verð 4.240.000. Rnr.107614. BÍLAMARKAÐURINN 5671800



KIA Rio ex 1.4 dísel. Árgæð 2015, ekinn 26 P.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.290.000. Rnr.107530. BÍLAMARKAÐURINN 5671800



TOYOTA Land cruiser 200 vx. Árgæð 2009, ekinn 112 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.900.000. Rnr.107738. BÍLAMARKAÐURINN 5671800



LAND ROVER Discovery 3 se. Árgæð 2008, ekinn 139 P.KM, dísel, sjálfskiptur.7 manna, leður, Verð 4.990.000. Rnr.107621. BÍLAMARKAÐURINN 5671800

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800



VW Touran Ecofuel Árgæð 12/2012. Ekinn 77þ.km. Beinsk. 7 manna. Leður. Er á staðnum. Verð 2.880.000kr. Raðnr 135058. Sjá á www.stora.is.



Toyota Yaris Hybrid Active - Nýir bílar Vorum að fá bíla á staðinn á hreint frábæru verði aðeins 2.890.000kr. Raðnr 157741. Sjá nánar á www.stora.is.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is



TOYOTA Land cruiser 120 vx 8 manna. Árgæð 2008, ekinn 273 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.161442.



MERCEDES-BENZ E 350. Árgæð 2007, ekinn 120 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.240614.



Kia cee'd EX 1.6 sw. Árgæð 2014, ekinn 37 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.240686. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



BMW 3 s/d e90. Árgæð 2007, ekinn 97 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.650.000. Rnr.240877.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net



SUZUKI Swift gl. Árgæð 2012, ekinn 70 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790. Fallegur og vel með farinn Rnr.210907.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is



TOYOTA Rav4 langur 4wd. Árgæð 2001, ekinn 244 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 690.000. tilboð staðgr. 490þ. fæst á visa/Euro raðgr. Rnr.323822.



POLARIS Sportsman 800. Árgæð 2006, ekinn 4977 KM, bensín, sjálfskiptur.er í sal. Verð 1.090.000. Rnr.337383.



FORD Edge se. Árgæð 2008, ekinn 111 P.KM, bensín, sjálfskiptur.góð dekk, Verð 2.590.000. góður staðgr. afsláttur. Rnr.323733.



FORD Explorer eddie bauer 4x4. Árgæð 2006, ekinn 110 P.KM, bensín, sjálfskiptur.krókur Verð 2.290.000. lítur vel út. Rnr.337441.




VW T35 tdi. Árgæð 2001, ekinn 128 P.KM, dísel, 5 gírar.Ískápur, eldavel, svefnplás fyrir tvo Verð 1.990.000. fæst á kr. 1350þ.Rnr.337017.


Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5674000
http://heimsbilar.is



Honda CR-V ELEGANCE, 5/2014, ek 55 þús km, sjsk, bensín, ásett verð 4890 þús, er á staðnum raðnr 220293.



100 bílar ehf í miðbæ Mosfellsbæjar, Sími: 517 9999 Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard. www.100bilar.is



Barnaheill Save the Children á Íslandi
Vissir þú að... Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.



TOYOTA Land cruiser 100 vx. Árgæð 2006, ekinn 157 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.690.000.- TILBOÐ 2.990.000. Rnr.286943.

Toppbílar
Kletthálsi 2, 110 Rvk.
Sími: 587 2000
www.toppbilar.is



Toyota Corolla árg '92, ek aðeins 90 þús, sjálfskipt, 2 dyra, Nýskoðuð 16. Tilboð 150 þús. S 892-9557



Subaru Forester árg.2010 Sjálfskiptur. Ekinn 46.250 km. Verð 2.990.000. Bein sala. S:696-7669.



Mercury Grand Marquis Palm Beach Edition 2008 (12/2007), ekinn 46 þús km., reyklus, innfluttur nýr eigandi. Einn með öllu. V8-4600, sparneytinn. Tveir dekkjagangar á felgum. Selst aðeins á gott heimili. Verð 2.500.000. Engin skipti. Uppl. í síma 893-3137



Ford Explorer Sport Track Limited 2007 (09/2006), umboðsbíll, ekinn 113 þús km., 6cyl., reyklus, einn eigandi. leður, dráttar- og skúffupakk, 32" upphækkun, ný BF Goodrich, pólihuðaðar felgur, nýjar hjólaegur, mjög gott viðhald. Syndsamlega gott eintak. verð 1.900.000. Engin skipti. Uppl. í síma 893-3137

ÓDÝRIR DÍSELBÍLAR


Skoda Octavia, Skoda Fabia, Partner, Berlingo, R. Clio, R. Megane, og fleiri Nánar á Facebook: Ódýrir Díselbílar Sími: 534-0000

0-250 þús.




Hyundai Accent '00 ek.137 þús, ssk, ný vetrardekk, sk. 16, bíll í góðu standi og óryðgaður, ásett verð 380 þús smá beygla á aftur hurð og fæst á TILBOÐSV. 250 þús möguleiki á 100% vísa raðgr. í 36 man. s.841 8955

250-499 þús.



Matiz 800 árg 2004, ek aðeins 94 þús, sk.16, beinskíptur, 5 dyra, finn snattari sem eyðir mjög litlu, ásett verð 450 þús TILBOÐ 350 ÞÚS, möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955



SPARIBÁUKUR - EK.94 ÞÚS
Matiz 800 árg 2004, ek aðeins 94 þús, sk.16, beinskíptur, 5 dyra, finn snattari sem eyðir mjög litlu, ásett verð 450 þús TILBOÐ 350 ÞÚS, möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappír og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Lyftarar



Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA

Erum að rífa flestar teg. frá Asíu og Evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

Víðgerðir

Víðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Pólo, Yaris, kangoo. Renni diskur og skálar. Sérgræin bremsuvíðgerðir. S. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

ÁRATUGA REYNSLA

Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningabjónustan Ró ehf. s. 780 3939

„Með þessu starfi með Ungum fjárfestum er verið að byggja hér upp fjárfesta framtíðarinnar og ég held að það sé mikilvægt að við gerum þetta svona núna. Fræðslu um fjárfestingar var litill gaumur gefinn síðast.“

Páll ítrekar þó að þau ráðleggi aldrei neinum sérstaklega að fjárfesta í hlutabréfum. „Þetta snýst fyrst og fremst um fræðsluna. Þessi fræðsla gegnsýrir alla okkar hugsun bæði hvað varðar fjárfesta en einnig fyrirtæki. Við viljum að fólk fræðist um þennan kost og taki svo meðvitaða og upplýsta ákvörðun um hvort þetta sé fyrir það. Það er alltaf áhætta í hlutabréfum og maður á ekki að leggja aleiguna að veði eða það sem getur komið fjármálunum úr jafnvægi,“ segir Páll. En Kauphöllin hélt meðal annars kúrs um hvað bæri að varast í hlutabréfaviðskiptum.

Hik er heilbrigðismerki

Aðspurður segir Páll áhuga einstaklinga og fyrirtækja á Kauphöllinni hafa farið vaxandi að undanfögnu, eftir mikið hik á mörgum eftir allt sem á undan gekk. „Við erum að sjá stigvaxandi áhuga. Því er ekki að leynd að almenn- ingur hefur ekki komið í sama mæli inn á markaðinn eins og var á fyrstu árum þessarar aldar, það er langur vegur enn þá. Við viljum auðvitað sjá stigvaxandi þátttöku, en ekki á hvaða forsendum sem er. Við viljum hafa þetta mark- vissa og örugga uppbyggingu. Það er heilbrigðismerki að það sé hik eftir svona áföll og fólk hugsar sinn gang og sumir ákveði að fjárfesta á markaðnum og aðrir ekki. Það er heilbriggt að taka svona meðvitaða ákvörðun, að þátttaka verði ekki hjarðhegðun,“ segir Páll.

16

félög eru á Aðal- markaði. Vonast er til að þau verði 40-50 í framtíðinni.

3

félög eru á Nasdaq First North. Vonast er til að þau verði 10-15.

6%

af heildarvirði Kauphallarinnar eru í beinni almenningseigu. Restin er í eigu sjóða. Fyrir hrun var hlutfallið 10-15%.

1/3

af einstaklingum á markaði er konur samkvæmt hluthafaskrá.



Vilja sjá fleiri ferðaþjónustufyrirtæki á markaði

Rúm fyrir 40-50 fyrirtæki

Kauphöllin hefur gefið það út að hún vilji sjá fjölgun fyrirtækja á Aðal- markaði, og telur að markaðurinn rúmi allt að 40 til 50 fyrirtæki. Spurður um hvers kyns fyrirtæki hann vilji sjá bætast við nefnir Páll ferðaþjónustufyrirtækin.

„Þetta er orðin ein aðalundir- stöðuáttvinnugrein þjóðarinnar og við erum bara með eitt ferðaþjón- ustufyrirtæki, Icelandair Group, í Kauphöllinni. Ég held að það sé fullt efni til þess að sjá fleiri fyrirtæki úr þessum geira koma inn. Nærtækasta dæmið eru hótélkeðjur, þar er fyrir- séður mikill vöxtur á næstu árum. Þar eru not fyrir fjármagnid og held ég áhugi. Þetta eru í mörgum tilfellum vel þekkt fyrirtæki sem almenningur þekkir og þetta er vaxtargrein. Við höfum traust og góð fyrirtæki á markaði en höfum

í sjálfu sér ekki mörg vaxtarfyrir- tæki. Það væri áhugaverð viðbót við markaðinn. Ég held það væri gagnkvæmur ávinningur af því fyrir fyrirtækin og fjárfesta,“ segir Páll.

Samkeppni á markaði jákvæð

Páll segist einnig telja jákvætt að hafa keppinauta á markaði.

„Margt verður betra þegar fyrir- tæki hafa samanburðaraðila. Fjár- festar geta borið saman fyrirtækin og það er ákveðið aðhald. Líklega styður það við fyrirtæki innan geirans. Ég held til dæmis að það að Síminn sé að koma á markað styðji við skráningu Vodafone. Ef maður hugsar skráningu út frá gegnsæi, þá er þetta æskilegt út frá þjóðhagslegum sjónarmiðum. Það að koma inn á markaðinn er yfirlýsing fyrirtækjanna um að þau séu tilbúin í þetta gagnsæi. Ég held

að þessi skráðu fyrirtæki fái ekki nógu mikið klapp á bakið fyrir það að vera tilbúin að vinna í þessu umhverfi,“ segir Páll.

Vill sjá fleiri fyrirtæki koma aftur

Síminn stefnir aftur á markað í mánuðinum. Páll segist aðspurður vilja sjá fleiri fyrirtæki sem fóru koma aftur.

„Sjávarútvegsgeirinn er önnur undirstöðugrein þar sem er bara eitt fyrirtæki á markaði. Þarna held ég líka að séu gagnkvæmir hagsmunir. Það er mikil umræða um sjávarútveginn og deilt á þessi fyrirtæki. Ég held að það væri ein- faldlega mjög æskilegt fyrir sjáv- arútvegsfyrirtæki að fá almenning inn þannig að almenningur nyti meira beint góðs af velgengni þessara greina. Ég held að það væri mjög gott fyrir fyrirtækin.“

PLUSMINUS

OPTIC

Smáralind

10 ára

PLUSMINUS OPTIC fagnar
10 ára afmæli í október

Þökkum okkar fjölmörgu viðskiptavinum samstarfið
og minnum á afsláttinn sem þeir njóta

Tökum vel á móti og bjóðum nýjum viðskiptavinum
20% afslátt í október

www.plusminus.is



GARRETT LEIGHT CALIFORNIA OPTICAL

Spá versta ári á Wall Street síðan 2008

Standard & Poor's hlutabréfavisitalan hefur lækkað um 6 prósent það sem af er ári. Svartsýni ríkir í Bandaríkjunum vegna ástands efnahagsmála í Kína. Stefna Janet Yellen seðlabankastjóra er talin óljós. Stór fyrirtæki stefna að því að fækka störfum um tugþúsundir.

Sérfræðingar í Bandaríkjunum spá versta ári á Wall Street síðan árið 2008. Standard & Poor's 500 vísitalan (S&P-500), með 500 stærstu fyrirtækjunum, hefur lækkað um 6 prósent það sem af er ári. Vísitalan er oft talin einn besti mælikvarði á gengi hlutabréfa í Bandaríkjunum. Niðursveiflan á hlutabréfamarkaði í Kína, óljós stefna Seðlabanka Bandaríkjanna, lækkan á oliuverði og lítill hækkan launa eru meðal þess sem talið er að hafi valdið þessari þróun.

Í byrjun árs nam S&P-500 vísitalan 2.058,2 stigum. Hún var lægst á árinu þann 25. ágúst, um það leyti sem hlutabréfamarkaðir í Kína voru að hrynja. Þá mældist hún 1.867,61 stig og hafði lækkað um 9,1% frá ársbyrjun.

Sérfræðingar telja að vísitalan muni hækka á ný og muni hækka um 3% fyrir lokun markaðar föstudaginn fyrir árslok 2015. Á föstudaginn nam hún 1.951,36 stigum og mun þá nema 2.010 stigum í árslok. Jafnvel ef sú spá rætist mun vísitalan samt mælast 2% lægri í lok árs en hún var í byrjun árs. Það myndi þýða að 2015 væri versta árið fyrir S&P-500 síðan árið 2008 þegar markaðurinn lækkaði um 38% í miðri efnahagskreppu.

Þriðji fjórðungur þessa árs var verstí fjórðungur á Wall Street frá árinu 2011. Er það rakið beint til efnahagsástandsins í Kína. CNNMoney greinir frá því að sérfræðingar hafi

mestar áhyggjur af áframhaldandi áhrifum Kína á hlutabréfamarkaðinn. Það er enn þá hræðsla meðal fjárfesta um að vandræðin í Kína muni draga úr efnahagsvexti og jafnvel valda efnahagskreppu.

Janet Yellen, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, ákvað að halda stýrivöxtum bankans óbreyttum í síðasta mánuði, eða á bilinu núll til 0,25 prósent. Í yfirlýsingu frá bankanum sagði að atburðir á fjármálamörkuðum vikurnar á undan myndu líklega keyra verðbólgu enn neðar, en verðbólga í landinu er enn undir tveggja prósentu verðbólguarmarki. Talið er að Yellen muni hins vegar hækka vexti fyrir áramót. Því virðist stefna seðlabankans heldur óljós.

Annað sem sérfræðingar nefndu að hefði haft áhrif á þróun hlutabréfaverðs voru of fá ný störf og lítill vöxtur í framleiðslu. Bandaríska hagkerfinu hefur ekki tekist að skapa nógu mörg störf, einungis 142 þúsund ný störf urðu til í september sem var undir væntingum. Stór fyrirtæki, eins og Hewlett Packard, Caterpillar og Microsoft hafa einnig tilkynnt um niðurskurð starfa hjá sér sem nema tugum þúsunda á næstu árum. Vöxtur í framleiðslu mældist sá lægsti í tvö ár núna í september. Allir þessir þættir hafa slæm áhrif á hagnað fyrirtækja, sem hefur það í för með sér að hlutabréfaverð lækkar.

saeunn@frettabladid.is



Í lok september varð veruleg lækkan á hlutabréfaverði í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Bruggar bjór í frítíma sínum

Haukur Hannesson er framkvæmdastjóri nýsameinaðs AGR-Reyndar. Hann hefur unnið hjá AGR frá árinu 2001. Helstu áhugamálin eru golf, hlaup og bjórbruggun. Haukur stefnir á að bjóða vinnufélögunum eigin framleiðslu.

SVIPMYNDIN HAUKUR HANNESSON

AGR og Reynd sameinuðu krafta sína í byrjun ágúst og var Haukur Hannesson, framkvæmdastjóri AGR, skipaður framkvæmdastjóri nýsameinaða fyrirtækisins. Haukur segir sameininguna leggjast mjög vel í sig. „Við höfum unnið í mörg ár mjög náð með Reynd, þannig að þetta fittar vel saman,“ segir hann. AGR-Reynd mun bjóða Dynamics NAV viðskiptalausnir samhliða vörustjórnunarlausnum AGR á innlendum og erlendum markaði. Sameinað félag verður með starfsemi í Bretlandi og Danmörku en öll þróun fer fram hérlendis. Meirihluti tekna fyrirtækisins kemur frá útlöndum. AGR hefur selt lausnir sínar til rúmlega 20 landa og þjónustar fyrirtækið meðal annars Le Creuset, BoConcept, og IKEA í Sáði-Arabíu.

Haukur er með B.Sc. í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. Hann hefur starfað hjá AGR í tæp 15 ár. Hann byrjaði í vörustjórnunarráðgjöf árið 2001 og sinnti því starfi fyrstu árin. Hann tók svo við sem framkvæmdastjóri árið 2007.

Kona Hauks er Sigríður María Tómasdóttir og eiga þau tvö börn, Kára Tómas, 13 ára, og Sunnu, 9 ára. Haukur segist verja miklu af frítímanum í að sinna börnunum.



Haukur Hannesson hefur unnið hjá AGR síðan árið 2001. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Svo er ég í Skagaskokkinu sem er hlaupahópur, þetta er gamall vina- hópur sem hittist alltaf á laugar- dagsmorgnum og hleypur saman,“ segir Haukur. Fjölskyldan spilar mikið golf, mest hérlendis. „Áhuga- mál með fjölskyldunni er að koma

öllum af stað í golfinu. Strákurinn er byrjaður í þessu þannig að stelpa er sú eina sem er eftir. Hún er kannski fullung í það ennþá,“ segir Haukur.

Bjórbruggun er einnig eitt af áhugamálum Hauks. Hann segist

hafa verið með bjórdellu í eitt, tvö ár og brugga bjórinn alveg frá grunni. „Við erum einmitt að halda sameiningarparti á fimmtudaginn þar sem við munum fá bjór sem ég bruggaði heima hjá mér,“ segir Haukur. saeunn@frettabladid.is

Dagmar til Attentus

Dagmar Viðarsdóttir hefur gengið til liðs við Attentus – mannaúð og ráðgjöf sem ráðgjafi. Dagmar hefur unnið hjá Lagardere Travel Retail þar sem hún var mannaúðsstjóri. Frá árinu 2005 til 2014 starfaði Dagmar sem mannaúðsstjóri hjá Íslenskum aðalverktökum hf., þar sem hún sat í framkvæmdastjórn. Áður starfaði hún sem ráðgjafi hjá Tryggingamiðstöðinni.

Dagmar hefur M.Sc.-gráðu í mannaúðsstjórnun frá Háskóla Íslands, B.Sc. í viðskiptafræði frá sama skóla og lauk námi í rekstrarfræði frá Tækniskóla Íslands (HR). – jhh

Ægir stýrir Advania

Ægir Már Þórisson hefur tekið við starfi forstjóra Advania á Íslandi af Gesti G. Gestssyni. Sá síðarnefndi mun helga sig starfi forstjóra Advania Norden, sem er móðurfélag Advania á Norðurlöndunum. Í tilkynningu frá Advania segir að með breytingunum sé markmiðið að efla starfsemi Advania bæði á Norðurlöndunum og á Íslandi enn frekar.

Umsvif Advania á Norðurlöndunum hafa aukist verulega. Utan Íslands er fyrirtækið með starfsemi í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Stefna eigenda Advania er að efla starfsemi á Norðurlöndunum enn frekar. – jhh

VIÐ HTÁ ODDA FRAMLEIÐUM UMBÚÐIR OG PRENTVERK SEM HENTA FYRIRTÆKJUM ÚT UM ALLAR TRISSUR.

HAFÐU SAMBAND: ODDI.IS/515-5000

VIÐ ERUM ODDI. VIÐ FRAMLEIÐUM FÍNERÍ.

KASSAR

ÖSKTUR

BOX

PLASTARKIR

ÉG FERÐAST BEST Á BUSINESS GLASS

BRETTA-HETTUR

MÁN FLYGINGAR


10 merki um að góðæri ríki

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Hagfræðingar hafa varað við að hagkerfið sé að hitna of mikið og hætta

sé á þenslu hér á landi. Mikið hefur verið rætt um það að góðæri ríki á ný á Íslandi. Markaðurinn tók saman helstu efnislegar vísendingar þess.



760 nýskráðir fólksbílar í ágúst

Bílasala hefur rokið upp að undanfögnu. Nýskráðir fólksbílar voru 842 í ágúst og fjölgaði um 70% milli ára. Af bílunum voru

einungis 82 afgreiddir til bílaleiga. Frá 1. janúar til 30. september varð 41,9% fjölgun á nýskráningum miðað við fyrra ár.



44,9 milljónir til að hlusta á Jessie J

Fjölmarginir þekktir tónlistarmenn hafa lagt leið sína til landsins að undanfögnu, má þar nefna söngkonuna Jessie J, Alt J og Kings of Leon. Ef allir greiddu fullt verð

fyrir miðana sína má áætla að Íslendingar hafi eytt samtals 44,9 milljónum króna til að sjá Jessie J. Miðarnir seldust upp á sólarhring.




Vinnuhópefli færst í aukana undanfarnin ár

Hópefli hjá fyrirtækjum sem skipulögð eru af viðburðafyrirtækjum hefur færst í aukana undanfarið og veislustjórar, plötusnúðar og skemmtiatriði eru samkvæmt heimildum Fréttablaðsins bókuð með mjög miklum fyrirvara fyrir ársátíðir.



132 þúsund íslenskir farþegar fóru til útlanda

Ferðagleði Íslendinga er orðin eins og fyrir hrun, yfir sumarmánuðina þrjú fóru 132 þúsund íslenskir farþegar til útlanda frá Keflavíkurflugvelli. Svo margir hafa ekki farið á þessum árstíma síðan sumarið 2008 þegar 133.013 Íslendingar fóru um flugstöðina.



300 milljónir til að styðja strákana okkar

Íslendingar hafa sýnt íþróttaliðum landsins mikinn stuðning að undanfögnu. Um 3.000 manns fóru til Hollands til að styðja

íslenska karlalandsliðið í fótbolta, og áætla Fréttablaðið að þeir hafi eytt yfir 300 milljónum samtals í það. Um



1.000 stuðningsmenn fóru að hvetja íslenska karlalandsliðið í körfuknattleik áfram á EM.




118 milljónir til að sjá Baggalút

Áætla má að Íslendingar hafi eytt samtals tæpum 118 milljónum króna í jólatónleika Baggalúts ef allir hafa greitt fullt verð. 16



tónleikar munu fara fram sem er met hjá hljómsveitinni. Um 920 miðar seljast á hverja tónleika og kostar miðinn 7.990.



375 þúsund til að fá iPhone 6S snemma

15 iPhone-símar að andvirði 2,9 milljónir króna seldust upp á tveimur dögum í lok september í verslun iSímans. Fyrirtækið lagði 25 þúsund krónur á hvern síma til að borga fyrir kostnaðinn við að sækja símana til Bretlands. Kaupendur borguðu því samtals 375 þúsund krónur til að fá símana tveimur vikum áður en þeir koma formlega til landsins.



Verslunarferðir fyrir jól

Íslendingar eru farnir að fara aftur í verslunarferðir fyrir jól. Bæði WOW air og Icelandair bjóða aðventuferðir. Icelandair býður


ferðir til Parísar og Boston, en WOW air til Kaupmannahafnar og Berlínar. Nú þegar hefur selst upp í nokkrar ferðir WOW air.

23 blaðsíður af atvinnu- auglýsingum í ágústmánuði

23 blaðsíður af atvinnu- auglýsingum voru í Fréttablaðinu 23. ágúst síðastliðinn, 6 fleiri en á sama tíma í fyrra. Atvinnuleysi mældist 5% á öðrum ársfjórðungi og mun samkvæmt greiningu Arion banka ekki fara



mikið neðar. Erfitt er að spá um framtíðarhorfur en ef nánar er rýnt í þróun á vinnumarkaði er sennilegt samkvæmt greiningunni að flytja þurfi inn meira af erlendu vinnuafli hingað til lands en spár gera ráð fyrir.



151 byggingarkrani á árinu

Á höfuðborgarsvæðinu var 151 byggingarkrani samkvæmt úttekt Fréttablaðsins í júlí. Þá hafði þeim fjölgað um 15 milli ára.

Póstdreifing


Við látum það berast



ÞÚ NÆRÐ TIL FJÖLDANS MEÐ OKKUR

FJÖLPÓSTUR er sterkur og áhrifaríkur auglýsingamiðill sem skilar ítarlegri upplýsingum til neytenda en hefðbundnar auglýsingar.

61% LANDSMANNA LESA FJÖLPÓST
22% AF ÞEIM KAUPA AUGLÝSTA
VÖRU EÐA ÞJÓNUSTU



„Ég hef verið í viðskiptum við Póstdreifingu í árabíl og alltaf fengið fyrsta flokks þjónustu.“

Guðbjartur
Finnbjörnsson
Ritstjóri Lífandi vísinda

VIÐ GETUM
AÐSTOÐAÐ VIÐ
AÐ NÁ ÁRANGRI
VIÐ DREIFUM INN
Á 80.000 HEIMILI
SEX DAGA
VIKUNNAR

www.postdreifing.is

Útvegsfél

Kolbeinn Árnason,
framkvæmdastjóri LÍÚ



Tækifæri en ekki ógn

Velferð Íslendinga byggist á skynsamlegri nýtingu auðlinda. Íslendingar hafa þegar náð miklum árangri við að draga úr umhverfisáhrifum í sjávarútvegi, reyndar svo miklum að litid er til greinarinnar sem fyrirmyndar í öðrum atvinnuvegum hér á landi og víða um heim.

En betur má ef duga skal. Ýmis rök benda til þess að ástand hafnsins sé að breytast mjög hratt til hins verra og að súrnun sjávar, hlýnun jarðar og fleiri umhverfisþættir komi til með að ógna lífríkinu í hafinu á komandi árum. Það er því mikilvægt að Íslendingar taki virkan þátt í alþjóðlegum áætlunum um að sporna við þessari þróun. Næsta alþjóðlega ráðstefna þar sem þjóðir heims leitast við að sameinast um alþjóðleg losunarmarkmið er í París í lok þessa árs. Í aðdraganda þessa væntanlega fundar í París hafa íslensk stjórnvöld tilkynnt um landsmarkmið Íslands í loftslagsmálum fram til ársins 2030. Miða þau að því að ná sameiginlegu markmiði með ríkjum ESB og Noregi um 40% minnkun losunar miðað við árið 1990. Um þetta fjallaði Svavar Svavarsson, deildarstjóri viðskiptaþróunar HB Granda, á Umhverfisdegi atvinnulífsins sem haldinn var í fyrsta skipti í síðustu viku. Í máli hans kom meðal annars fram að árið 1990 eða fyrir 25 árum notaði íslenskur sjávarútvegur 207 þúsund tonn af jarðefnaeldsneyti á fiskiskip og 61 þúsund tonn í annan fiskiðnað, aðallega í fiskimjölsmiðjum, eða samtals 270 þúsund tonn. Núverandi notkun sjávarútvegs á jarðefnaeldsneyti er um 200 þúsund tonn á ári og hefur því minnkað um tæp 70.000 tonn frá árinu 1990 m.a. vegna hagræðingar í greininni. Til að mæta nýjum áformum Íslendinga í loftslagsmálum þarf árleg olíunotkun sjávarútvegs að fara samtals niður í 160 þúsund tonn fyrir árið 2030. Sjávarútvegurinn þarf með öðrum orðum að minnka núverandi notkun sína á jarðefnaeldsneyti úr 200 þúsund tonnum í 160 þúsund tonn eða um 40.000 tonn á næstu 15 árum.

Leita þarf allra leiða til að draga enn frekar úr mengun svo sem með því að ljúka við að rafvæða fiskimjölsvinnslur. Eins og staðan er núna er það ekki hægt nema með frekari uppbyggingu flutningsgetu raforkukerfisins. Stjórnvöld og fyrirtæki í sjávarútvegi þurfa því að lita heildstætt á viðfangsefnið og setja sér sameiginleg markmið í umhverfismálum og vinna saman að því að þau náist.

Það er því mikil áskorun fyrir sjávarútveginn sem og íslensku þjóðina að leita allra leiða til að draga úr mengun og ekki lita á umhverfisvernd sem ógn heldur tækifæri. Fátt sýnir það betur en íslenskur sjávarútvegur.

Stund milli stríða



Christine Lagarde, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, ræðir við götusala í Líma, höfuðborg Perú, þar sem ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er nú haldinn. NORDICPHOTOS/AFP

Aðhald í peningastefnu á rétt á sér á Íslandi



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Annars staðar í heiminum sjá menn fram á hættu á verðhjöðnun og minni hagvexti, en á Íslandi er hið gagnstæða uppi á teningnum. Hagvöxtur er að aukast og verðbólguþrýstingur fer greinilega vaxandi. Að mínum dómi var það því rétt ákvörðun hjá Seðlabankanum í síðustu viku að herða peningamarkaðsskilyrðin.

Seðlabankinn hækkaði ekki stýrivexti heldur akvað að auka bindiskyldu bankanna. Þótt ég sé nokkuð efins um að nota bindiskyldu sem „hagsveiflustjórnartæki“ styð ég engu að síður fyllilega ákvörðunina um

að taka upp meira aðhald í peningamálastefnunni. Reyndar tel ég að Seðlabankinn hafi verið orðinn á eftir kúrfunni og verði að bregðast fljótt við til að endurreisa trúverðuleika.

Ég vil benda á þrjár helstu ástæðurnar fyrir því að ég sé þörf á (frekara) aðhaldi í peningastefnu við núverandi aðstæður.

Í fyrsta lagi hef ég áður haldið því fram að síðan Már Guðmundsson varð seðlabankastjóri í júlí 2009 hafi Seðlabankinn í raun haft markmið um 4,5% nafnvirði vergrar landsframleiðslu. Þess vegna var, þangað til nýlega, nafnvirði vergrar landsframleiðslu haldið á 4,5% brautinni, en síðasta árið eða svo hefur verg landsframleiðslu greinilega aukist og Seðlabankinn spáir nú nafnvirði vaxtar á vergri landsframleiðslu upp á 10,6% árið 2015, sem er augljóslega allt of mikið og ekki í samræmi við 2,5% verðbólgu markmið Seðlabankans.

Í öðru lagi er alltaf mjög gagnlegt við stjórnun peningamálastefnu að hafa auga með væntingum markaðarins, og hér eru merkin afar skýr. Nýlega hafa verðbólguvæntingar aukist til muna og bæði tveggja, fimm

og tíu ára svokallað verðbólguálag er nú í kringum 4,5% verðbólgu – langt fyrir ofan 2,5% verðbólgu markmið Seðlabankans. Þetta er skýrt merki um að Seðlabankinn sé orðinn á eftir kúrfunni og hafi leyft verðbólguvæntingum að fara úr böndunum. Til að endurvekja trú á verðbólgu markmið Seðlabankans er aðhald í peningamálastefnu þess vegna æskilegt.

Hvað þetta varðar er mikilvægt að

Hvað þetta varðar er mikilvægt að hafa í huga að þótt raunveruleg verðbólga hafi „hagað sér“ betur, aðallega vegna tiltölulegra sterkrar krónu og lægra vöruverðs, ætti aðalatriðið fyrir Seðlabankann ekki að vera núverandi verðbólgu-

hafa í huga að þótt raunveruleg verðbólga hafi „hagað sér“ betur, aðallega vegna tiltölulegra sterkrar krónu og lægra vöruverðs á alþjóðamarkaði, ætti aðalatriðið fyrir Seðlabankann ekki að vera núverandi verðbólgu-

stig – sérstaklega ekki þegar það er að miklu leyti vegna áhrifa framboðsþátta (gengis og vöruverðs) – heldur aukin heildareftirspurn í hagkerfinu og verðbólguvæntingar.

Í þriðja lagi er peningamagn að aukast og (óleiðréttur) M3-vöxtur nálgastrá 15%, sem gefur skýr merki um að verðbólga og nafnvirði vergrar landsframleiðslu gæti vaxið enn meira. Leiðréttar M3-tölur, sem eru sennilega réttari visbending um verðbólguþrýsting, hafa hækkað upp í rúmlega 5%, sem einnig bendir til aukins verðbólguþrýstings.

Að öllu samanlögðu tel ég mjög réttlætjanlegt að Seðlabankinn hækki stýrivexti og það þarf vissulega meira til að ná nafnvirði á vexti vergrar landsframleiðslu aftur niður í 4-4,5% og koma verðbólguvæntingum aftur niður að verðbólgu markmiðum Seðlabankans.

Og að lokum: Það er frekar ótrúlegt að Ísland, eftir umfangsmikla bankakreppu 2008-9, sé núna eitt örfárri landa í Evrópu með kröftugan vöxt á nafnvirði eyðslu og í þörf á aðhaldi í peningastefnu. Vel af sér vikið. Nú skulum við passa upp á að endurtaka ekki fyrir mistök.

Lækkun skatta af leigutekjum – allra hagar!

Hín hliðin

Sigríður Hrund
Guðmundsdóttir
fjárfestir



Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er lagt til að frítekjumark fjármagnstekjuskatts af leigutekjum einstaklinga af íbúðarhúsnæði hækki úr 30% í 50%. Þetta þýðir með öðrum orðum að virk skattbyrði leigutekna gæti þar með lækkað úr 14% í 10%.

Eitt helsta umkvörtunarefni leigjenda auk leiguverðs er óöryggi. Það hefur verið mikið rötleysi á þessum markaði og folk veigrar sér einnig við að kvarta. Ef jafnframt yrðu sett skilyrði um timalengd leigusamninga samhliða frekari skattalækkunum, þá væri það til þess fallið að styrkja stöðu leigjenda. Ein ástæða þess að skortur hefur verið á leiguhúsnæði er að leigjendur hafa séð sér hag í að leigja til ferðamanna gegn háu leigugjaldi.

Þessar tillögur eru því til þess fallnar að bæta stöðu bæði leigusala og leigu-

taka og ætti því að koma báðum til góða. Stór hópur fólks er í þeirri stöðu að geta ekki keypt sér eigin húsnæði t.a.m. ungt fólk sem stenst ekki greiðslumat eða á ekki fyrir fyrstu útborgun í íbúð.

Mikill kostnaður fylgir því að reka fasteign, sérstaklega ef hún er skuldbætt. Með því að skattleggja leigu er verið að stuðla að því að leigusalar krefjist herra leiguverðs til að standa undir þeim skattgreiðslum. Fjármagnskostnaður er mun hærri hér en í nágrennalöndunum og því eru skatta-

Með því að skattleggja leigu er verið að stuðla að því að leigusalar krefjist herra leiguverðs.

ívilnanir kjörin leið stjórnvalda til að vinna gegn óæskilegum áhrifum hárs fjármagnskostnaðar á leiguverð. Leigusallinn gæti þá séð sér hag í því að leigja út íbúðina ódýrari og langtímaleigu en þó með sömu arðsemi og áður.

Svo er ákveðinn hópur eldra fólks sem býr eitt í stóru húsnæði eða þá að húsnæðið stendur autt. Þessi hópur vill ekki endilega selja en getur í raun ekki heldur leigt út húsnæðið, því þá skerðast bætur auk þess sem kemur til skattgreiðsla. Ef gamla konan gæti leigt út stóru íbúðina og jafnvel leigt sér minni íbúð á móti án þess að vera „refsað“ fyrir það, þá myndi það auka framboðið leigutökum í hag og bæta nýtingu á því húsnæði sem til er í landinu. Það ætti að vera okkar allra hagar.

Almennt útboð á hlutabréfum í Símanum

Stendur yfir og lýkur í dag 7. október kl. 16.00

Arion banki hyggst selja 18-21% í Símanum hf.

Stærð útboðsins nemur 1.737.000.000 hlutum eða 18% hlut í félaginu og nemur söluandvirði þeirra að lágmarki 4.689,9 milljónum króna. Seljandi áskilur sér rétt til að stækka útboðið í allt að 2.026.500.000 hluti (21%) og er söluandvirði þeirra að lágmarki 5.471,55 milljónir króna. Markmið seljanda er annars vegar að útboðið geri félaginu kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði og hins vegar horfir seljandi til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

Tekið verður við áskriftum rafrænt á vef Arion banka, arionbanki.is

Tvær áskriftarleiðir eða tilboðsbækur eru í boði en ákvörðun um stærð tilboðsbóka mun taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

Tilboðsbók A

- > Hver áskrift 100.000 – 10.000.000 kr.
- > Verðbil 2,7-3,1 kr./hlut
- > Eitt endanlegt verð, jafnt eða lægra en í B

Tilboðsbók B

- > Hver áskrift yfir 10.000.000 kr.
- > Lágmarksverð 2,7 kr./hlut
- > Eitt endanlegt verð, jafnt eða hærra en í A

Meginregla við úthlutun verður að taka þeim áskriftum sem berast á hæsta gengi. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðs verði birtar opinberlega 8. október. Útboðið er með fyrirvara um að hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Slíkt samþykki birtir Nasdaq Iceland ásamt tilkynningu um fyrsta mögulega viðskiptadag með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Eindagi kaupverðs er áætlaður 13. október og stefnt að því að viðskipti geti hafist á Aðalmarkaði 15. október.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um félagið og skilmála útboðsins í lýsingu sem félagið hefur birt og er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti. Lýsinguna ásamt viðauka má nálgast á vef félagsins, siminn.is/siminn/fjarfestar, á vef Arion banka, arionbanki.is, hjá Símanum að Ármúla 25 í Reykjavík og hjá Arion banka í Borgartúni 19, Reykjavík.

Nánari upplýsingar

Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með útboðinu og hefur einnig ásamt Arctica Finance hf. umsjón með skráningu félagsins. Nánari upplýsingar og aðstoð vegna útboðsins má nálgast hjá söluaðilum þess, fyrirtækjaráðgjöf og markaðsviðskiptum fjárfestingabankasviðs Arion banka (arionbanki.is) ásamt Arctica Finance (arctica.is), eða hjá verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Arion banka í síma 444-7000 og tölvupóstfangi siminn-utbod@arionbanki.is.

Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

Quiz á Up-leið

Plain Vanilla sem framleiðir spurningaappið QuizUp tilkynnti á dögunum um samstarf við bandaríska kapalrisann NBC. Saman ætla fyrirtækin að framleiða spurningabátt sem bera mun nafn QuizUp og merki.

Þetta eru merkileg tíðindi og sennilega áður óþekktum skala fyrir íslenskt tæknifyrirtæki sem fyrir um tveimur árum var aðeins hugmynd í höfði frumkvöðlanna.

Plain Vanilla er að því er virðist rekið í samræmi við hugmyndir sem tíðkast meðal frumkvöðla í Silicon Valley. Módelið gengur út á að safna sem flestum notendum á sem skemmstum tíma og fara, þegar markmiðum um notendafjölda er náð, að huga að því að sækja tekjur. Rekstrartölur Plain Vanilla eru ekki opinberar en líklegast er að félagið sé fremur skammt á veg komið í tekjuöflun. Samstarfið við NBC er því eitt af fyrstu skrefunum í að afla tekna, en lausleg skoðun á leiknum bendir til þess að sala á spurningaflokkum til fyrirtækja sé önnur tekjulind. Vafalaust er það ætlun félagsins að koma inn auglýsingum og ná að nýta þær miklu persónuupplýsingar sem það býr yfir.

Varla þarf að fara mörgum orðum um NBC sem er sennilega þekktasta sjónvarpsfyrirtæki í Bandaríkjunum og með mesta útbreiðslu. Samstarfið við NBC mun því ekki bara þýða tekjur í kassann heldur gríðarlega auglýsingu fyrir leikinn sem Plain Vanilla veðjar á að muni skila sér í fjölgun notenda. Með tilliti til þess sem að ofan greinir um áherslu Silicon Valley á notendafjölda er þetta sennilega stærsti ávinningur QuizUp af samstarfinu við NBC.

Samkvæmt heimildum eru notendur QuizUp um 75 milljónir, og eyða að meðaltali um hálf tíma á dag í appinu. Tölurnar benda til þess að breytingarnar sem gerðar hafa verið á leiknum, aðallega til að gera hann að nokkurs konar samfélagsmiðli, séu vel heppnaðar. Fólk fer ekki bara inn í appið – heldur dvelur þar í nokkurn tíma.

JP Morgan metur Instagram á 35 milljarða Bandaríkjadala eða rúmlega 115 dollara á hvern þeirra 300 milljóna sem nota appið. Þetta er stjarnfræðilegt verðmat á félagi sem nýverið byrjaði að afla tekna í formi auglýsinga og var selt á einn milljarð dala fyrir þremur árum.

Þetta gefur þó vísbindingu um hvernig kaupin gerast á eyrinni í þessum bransa og er áhugaverður samanburður við Plain Vanilla. Ákveðin teikn eru á lofti um að mikið loft sé í blöðrunni í Silicon Valley.

Forstjóri Plain Vanilla sagði einhverju sinni að hann hefði hafnað hundrað milljóna dala tilboði í félagið. Ljóst er að félagið á mikla möguleika, en einungis tíminn mun leiða í ljós hvort ákvörðunin um að hafna tilboðinu stóra hafi verið framsýni eða glappaskot.

1,52

MILLJÓNIR Á HVERN NEMANDA

Meðalrekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum var 1,52 milljónir króna árið 2014, samkvæmt Hagstofu Íslands. Áætlaður rekstrarkostnaður er 1,66 milljónir króna í september 2015.

6,6

MILLJARÐA VÖRUSKIPTAHALLI

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofunni fyrir september 2015 var útflutningur 47,8 milljarðar króna og innflutningur var 54,4 milljarðar króna. Vöruskiptin í september voru því óhagstæð um rúma 6,6 milljarða króna.

2.10.2015



Ég held að sú manneskja sem tekur við af Bjarna Ben verði kona. Ef ég verð áfram í flokknum mun ég líka berjast fyrir því. Flokkurinn má ekki fletja sína sýn og stefnu í jafnréttismálum og ekki gera þá stefnu að einhverju þunnildi vegna þess að það eru nokkrir í flokknum sem finnst óþægilegt að tala um jafnréttismál.

Porgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi ráðherra



Í REYKJAVÍK VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!



TRYGGDU ÞÉR
MIÐA Á TIX.IS

SÉRSTAKIR GESTIR
GUNNAR ÞÓRDARSON
ÞÓRIR BALDURSSON
BARNABÖRN RÚNARS

HÁSKÓLABÍÓ
31. OKTÓBER

RÚNAR 70 JÚL

SVEITAPILTSINS
DRAUMUR

EYÞÓR INGI • MAGNI • VALDIMAR • SALKA SÓL

SÖGUMAÐUR BALDUR ÞÓRIR GUÐMUNDSSON TROMMUR JÚLÍUS FREYR GUÐMUNDSSON
BASSI INGI BJÖRN INGASON GÍTARAR TRYGGVI HUBNER • BIRKIR RAFN GÍSLASON • BJÖRGVIN ÍVAR BALDURSSON
BAKRÖDD LILJA BJÖRK RUNÓLFSDÓTTIR MYNDSKREYTINGAR DAVÍÐ ÖRN ÓSKARSSON
ORGEL OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN JÓN ÓLAFSSON

SVANSMERKIÐ
SÍÐAN 2000!



GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



MIDASALA FER FRAM Á TIX.IS OG Í SÍMA 551-3800.
NÁNAR Á SENA.IS/RUNAR



sena

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

PARFTU AÐSTOÐ VIÐ GERÐ ÁRSREIKNINGS?

Cand.oecon, viðskiptafræðingur í reikningskilum hjá www.skatt.is - skatt - bókhald&skil s:661-3703, skatt@skatt.is

Málarar

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR

Alhliða málningarpjónusta. Sími 776-0000

REGNBOGALITIR

Málningarpjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?



Við þjónustum þig með litil sem stór verk. Timavinna eða tilboð. Sími 544-4444 / 777-3600 www.jaiidnadmenn.is

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnsþá. Tarot. Árssþá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjöldum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

KEYPT & SELT


Til sölu



Hitaveituskel 1850 L.



Hitaveituskel 1650 L.



Lok á heita potta, margar stærðir.

Heitirpottar.is • S. 777 2000

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA.

SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðaróla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

Atvinnuhúsnæði

GÓÐ FJÁRFESTING

Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubíll í Steinhellu 14. Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLULAUSNIR.IS

Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Ög ódyrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði



MOSFELLSBAKARÍ - RVK.

Óskum eftir þjónustulundunni, hressu og samvirkusömu fólki til að vinna með okkur í verslunum okkar í Reykjavík. Unnið er eina viku fyrir hádegi og aðra viku eftir hádegi ásamt helgarvinnu. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/ atvinnu-umsokn/

KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR

Óskar eftir duglegum starfsmanni í eldhús. Í boði er hlutastarf sem hentar mjög vel með skóla. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Þarf að hafa náð 20 ára aldri.

Allar upplýsingar og ferilskrá sendist á 10dropar@gmail.com

Bifreiðasmiður óskast til starfa. Uppl. og ferilskrá sendist á hofdinn@gmail.com



Viljum ráða manneskju í móttöku í hálfu starf. Stundvísi, kurteisi, góð framkoma og almenn tölvukunnátta nauðsynleg. Getum einnig bætt við mönnum í smur og dekkjavinnu. Umsóknir sendist á KvikkFix@KvikkFix.is fyrir 16 okt.

Kona: Viltu spjala við heita karla í síma gegn góðu gjaldi? Hitaspjall.eu

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannabjónusta - Proventus.is S. 782-8800

Viðskiptataækifæri

Trésmiðjuverkstæði til sölu á besta staði í Kópavogi. Uppl. í s. 822 9477

TILKYNNINGAR

Einkamál

Kona: leitar þú skyndikynna? RauðaTorgið.is

til sölu

VERSLUNARTÆKNI

RAUFAPANILL

Tilboð mánaðarins

25% afsláttur

Til á lager:

Raufapanill er fánlegur í hvítum plötum í stærðinni 120 x 240 og 240 x 120 cm. Einnig fánlegur, tilbúinn fyrir sprautun.

Smellulistar:

Snap-in smellulista er auðvelt að skipta um og fánlegir í mörgum litum.

Fataslár

Gott verð

VERSLUNARTÆKNI

Dröghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

Pöntunarsími: 535 1300

www.verslun.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



Reynsla mín er okkar beggja hagur

S. 690 0820

Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
sveinn@landmark.is





Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali

Marteinslaug 1 - 4ra herb



Opið hús í dag frá kl. 17:30-18:00

Vönduð 4ra herbergja á 2. hæð í lyftuhúsi og henni fylgir stæði í bílskýli. Íbúðin er björt og vel skipulögð með stórum afgirtum sólpalli að sunnanverðu og miklu útsýni um stofuglugga að norðanverðu. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Laus fljótlega. **V. 41,9 m.**

Hringbraut 39 - 4ra herb



Opið hús í dag frá kl. 17:30-18:00

Vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 2. hæð með aukaherbergi í risi tilvalið til útleigu. Sérbilastæði að sunnanverðu. Í kjallara hússins sameiginlegt baðherbergi fyrir aukaherbergi í risi. Skólplagnir endurnýjaðar. **V. 29,9 m**

530 6500 Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. - fös. frá kl. 9-17 | www.heimili.is 530 6500



Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

OPIN HÚS Í DAG

Stakkholt 4a 105 Rvík – Aðeins 3 íbúðir eftir



Nýjar fullbúnar 125 fm íbúðir í miðbæ Reykjavíkur. Stæði í bílageymslu fylgir íbúðunum. Allar innréttingar og fataskápar af vandaðri gerð. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar. Möguleg 90 % fjármögnun. **Íbúðirnar verða sýndar miðvikudaginn 7.október milli kl. 12:15 og kl. 12:45. V. frá 47,9 m. 4158**

Norðurbakki 21a 220 - íbúð merkt 03-03.



Þrjú herbergja 116,1 íbúð á þriðju hæð við Norðurbakka ásamt sér stæði í bílageymslu og geymslu í kjallara. Um er að ræða nýlegt hús, byggt 2013. Fallegar eikar innréttingar, gólfíðir gluggar og aukin lofthæð í íbúð (ca 270 cm). **Eignin verður sýnd miðvikudaginn 7.október milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 39,9 m. 9002**



Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Lautasmári 1 – Kópavogur

3ja herb. - íbúð 603

Opið hús í dag milli kl. 17:30 -18.



Nýkomin björt og falleg 105 fm. 3ja herb. íbúð á 6.hæð í góðu vel staðsettu fjölbýli, miðsvæðis í Kópavogi. Fallegar eikarinnréttingar. Útsýni. Í göngufæri við alla helstu þjónustu. **Laus strax!**

Verð 34,9 millj.

Hilmar Þór Bryde sölumaður
s. 892 9694 verður á staðnum.

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN? KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer
800 1177 eða á dreifing@postdreifing.is

Póst: dreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna
og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ

Yfir 13.000 eignir á skrá



NAUSTABRYGGJA 26

OPÍÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUD. 7. OKTÓBER KL. 17:30-18:00

Vel skipulögð og rúmgóð 107,8 fm fjögurra herbergja íbúð á annarri hæð við Naustabryggju í Reykjavík. Þrjú svefnherbergi, gott skápláss. Vönduð eign. **Ásett verð 36,7 millj.**



Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali
og leigumíðlari
kristjan@trausti.is



Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir
Lögfræðingur lögg. fasteigna-,
fyrirtækja- og skapasali, lögg. leigumíðlari.
S: 779-1929 • heida@trausti.is



Auður Ólafsson
Sölumaður
S: 894-1976
audun@trausti.is



SIGRÍÐUR ELVA Á FERÐ OG FLUGI




HEFST Í KVÖLD

SIGRÍÐUR ELVA – Á FERÐ OG FLUGI



Nýir og skemmtilegir ferðarættir þar sem Sigríður Elva heimsækir vel valdar borgir í Bandaríkjunum og Evrópu. Í borgunum leitast hún við að finna eitthvað skrytið og skemmtilegt, hvort sem það eru athyglisverðar manneskjur eða staðir sem vert er að skoða.



HREFNA SÆTRAN & DOMINO'S
TAKA HÖNDUM SAMAN

Gott mál

„Það var ánægjulegt að setja saman Góðgerðarpizzuna í ár. Ég nota hakk, cheddarost, rauðlauk, lauk, sveppi og krydda með óreganó. Leynivopnið mitt er svo reykt chili-bearnaise-sósa sem gefur skemmtilegt bragð. Gefandi verkefni og ég vona að Góðgerðarpizzan falli í kramið hjá landsmönnum.“

..... ♥

 Öll salan
rennur óskipt

TIL HRÓA HATTAR BARNAVINAFÉLAGS

Hrói Höttur Barnavinafélag stuðlar að því að grunnþarfir barna til nauðsynja séu uppfylltar, s.s. skólagögn, matur, frístundaheimili, fatnaður o.fl. Nánar um samtökin á hbb.is

GÓÐGERÐARPIZZAN 5.–9. OKT.

HAKK, CHEDDAROSTUR, RAUÐLAUKUR, LAUKUR, SVEPPIR, ÓREGANÓ, TOPPUÐ MEÐ REYKTRI CHILI-BEARNAISE-SÓSU AÐ HÆTTI HREFNU SÆTRAN
Stór pizza kostar 3.370 kr. og miðstærð 2.945 kr.



 SÍMI 58 12345  DOMINO'S APP  WWW.DOMINOS.IS

JÓLATÓNLEIKAR.

KK

&

Ellenar

Jólatónleikar KK & Ellenar á aðventunni

Jólatónleikar þeirra systkina eru fastur liður í jólahaldi fjölmargra á Íslandi. Í ár verða þau á faraldsfæti líkt og áður, syngja jólalög í bland við sín eigin lög og laða fram gleði og eitt og eitt tár. Með þeim verður fimm manna úrvalssveit tónlistarmanna undir stjórn hljómborðsleikarans góða Jóns Ólafssonar. Jólin eru að koma.

Miðasala hafin á midi.is

4.12. Bíóhöllin Akranesi – kl.21:00

5.12. Hlégarður Mosfellsbæ – kl.21:00

11.12. Hljómahöllin Reykjanesbæ – kl.21:00

12.12. Salurinn Kópavogi – kl.21:00

14.12. Fríkirkjan Reykjavík – kl.21:00

18.12. Bæjarbíó Hafnarfirði – kl.21:00

20.12. Grafarvogskirkja – kl.21:00

21.12. Háskólabíó – kl.21:00



Krabbameinsfélagið

BLEIKASLAUFAN.IS

#BLEIKASLAUFAN

ÁRLEGA YFIRGEFA 52 EINSTAKLINGAR SVIÐIÐ



Árlega deyja 52 einstaklingar úr ristilkrabbameini.
Það má koma í veg fyrir það.

Kauptu Bleiku slaufuna og hjálpaðu okkur
að hefja skipulagða leit að ristilkrabbameini.

Brandenburg

Brandenburg

ERLING
GULLSMÍÐUR

ARI MAGG

SILENT

MEDIALUX

Republik

trickshot



BLEIKA
SLAUFAN



VH-7 / FOCUS EXTRA clay



Leikum saman



- Eldhúsinnréttingar
- Baðinnréttingar
- Þvottahúsinnréttingar
- Fataskápar


HTH er leiðandi framleiðandi eldhússinnréttinga. Samspil fagaðrar hönnunar og einstakra gæða einkenna **HTH** innréttingarinnar enda er dönsk hönnun mikils metin og danskt handverk eftirsótt um heim allan.

Hönnuðir okkar vinna með þínar hugmyndir og óskir, teikna tillögur að draumaeldhúsinu og gera þér frábært tilboð.

Pannig leikum við saman.

20% afsláttur af hágæða AEG eldhústækjum með kaupum á HTH innréttingum.

Opið mánudaga - föstudaga kl. 10-18 og á laugardögum kl. 11-15.
Alltaf opið á **Ormsson.is**



ORMSSON

Lágmúla 8 • Reykjavík • 2. hæð
símar 530 2818 / 530 2819 / 530 2820 / 530 2821



Chance og Willow Smith
tróðu upp í New York, og virtust njóta sín í hvívetna.

Frægir

á ferð og flugi

Körfulbótabúntið Shaquille O'Neal
grinaðist eins og hann ætti lífið að leysa í 75 ára afmælisveislu Barryháskólans, sem haldin var um helgina.



Leikkonurnar Blake Lively og Maria Menounos höfðu það vægast sagt náðugt á ströndinni, rétt eins og þær hefðu ekki hugmynd um lægðina sem lá eins og mara yfir Íslandi, rétt á meðan.



Kendall Jenner skvísaðist út úr höfuðstöðvum Chanel í París um helgina, og gastaði sannarlega af henni ef markað má viðbrögð nærstaddra.



9. okt kl 20:00 UPPSELT

16. okt kl 20:00 ÖRFÁ SÆTI LAUS

6. nóv kl 20:00

„Ég hef ekki hlegid svona mikið síðan ég skildi við manninn minn.“



Lady Gaga skartaði sínu fegursta á frumsýningu „American Horror Story: Hotel“ í Los Angeles. Önnur löppin út og öllu til tjaldað.


STÖÐ 3
+ENDALAUST TAL
+1 GB Í GSM
1.990 kr.
til 1. nóvember

3

FÁÐU STÖÐ 3
Á BETRA VERÐI
Í HAUST

Fáðu þér áskrift í
síma 1817 eða á 365.is

365



TRENDIÐ

Spagettihlýrar boða endurkomu

Spagettihlýrarnir sem réðu ríkjum á tíunda áratug síðustu aldar hafa nú rutt sér til rúms og krefjast endurkomu hið snarasta, ef marka má tiskupallana upp á síðkastið. Vart hefur verið þverfótað fyrir þessu fyrirbæri, sem svo margir forðast eins og heitan eldinn, enda margir sem standa á því fastar en fótunum að ekki sé allra að tileinka sér svo afhjúpanði trend.

Upphaf hinna svokölluðu spagettihlýra, eins og þeir birtast okkur núna, er eins og áður segir rakið til tíunda áratugarins, og bera kvikmyndir þess tíma sannarlega spagettimerkin. Kvikmyndin *Clueless* er gott dæmi. Heitustu skvisur þess tíma skórtuðu trendinu óspart og má þar helst nefna afar eftirminnileg augnablik þar sem þær Gwyneth Paltrow og Kate Moss.

En ekkert er nýtt undir sólinni svo sem, því ef kafað er lengra má sjá að spagettihlýrarnir áttu upp á pallborðið hjá tiskudrósum í kringum 1920-1930, og þóttu þeir draga fram þann kynþokka sem hafði legið niðri í kjölfar strákslegra lína árána á undan. Var þó iðulega svo að mittislína spagettihlýrakjólanna var engin, svo þar skapaðist ákveðið rými fyrir óbreyttar húsmæður til að komast í hóp með háttsettum skvisum, án þess að hafa mikið fyrir því.



Gwyneth Paltrow vann stórsigur á rauða dreglinum þegar hún mætti á Óskarsverðlaunaafhendinguna 1999 iklædd þessari dýrð. Hún ratar iðulega á lista yfir bestu mómment rauða dregilsins í þessum kjól.



Kate Moss var annáluð partiskvísa og nánast ókrýnd spagettihlýradrottning.



Ashley Graham Lingerie Collection, vorlinan 2016.



John Galliano, vor-og sumarlína 2016. Tiskuvikan í París.



Sharon Wauchob vor 2016. Tiskuvikan í París.



Vor- og sumarlína Rocha 2016. Tiskuvikan í París.

Skemmtilegra, snjallara og sjálfbærara Kársnes



Nordic
Built Cities



Taktu þátt í samkeppni um áhugaverð skipulagsviðfangsefni á Kársnesi og fimm öðrum svæðum á Norðurlöndunum

Kársnes er eitt af sex svæðum sem valin voru til þátttöku í **The Nordic Built Cities Challenge**, samkeppni þar sem glímt er við ólík og ögrandi viðfangsefni.

Á Kársnesi er viðfangsefnið að bæta tengingar milli þróunarsvæðisins og annarra hluta höfuðborgarsvæðisins, en með bættum tengingum við áhugaverða staði sem eru skammt undan er hægt að skapa áhugaverð tækifæri bæði fyrir íbúa á Kársnesi og á höfuðborgarsvæðinu öllu.

Keppnirnar á svæðunum sex eru öllum opnar og hver þátttakandi getur tekið þátt í fleiri en einni keppni. **Skilafrestur tillagna er 17. desember 2015.**

Nánari upplýsingar um Kársnes má finna á www.kopavogur.is/nordicbuiltcities.

Upplýsingar um keppnirnar allar eru á www.nordicbuiltcities.org/thechallenge.



Kópavogsbær

Treysta sér fullkomlega í verkið

StopWaitGo stendur í þessum skrifuðu orðum í ströngu við að semja smell sem heillar heila þjóð í lok Áramótaskaupsins 2015. Þeir segjast þó ekki stressa sig um of.

„Þetta er beint í mark, og lofar mjög góðu,“ segir Ásgeir Orri Ásgeirsson, einn þeirra þriggja sem standa á bak við tónlistarmaskínuna StopWaitGo, sem mun sjá um tónlist Áramótaskaupsins. „Við erum að fara á bólakaf í þessu öllu saman akkúrat núna, og hefur verið mjög gaman og krefjandi á sama tíma. Þetta er náttúrulega þéttur og góður hópur sem við erum að vinna með, og við höfum til dæmis mikla reynslu af að vinna með Steinda.“ Auk Ásgeirs sitja þeir Pálmi Ásgeirsson og Sæþór Kristjánsson sveittir við tónsmíðarnar, en þríeykið hefur heldur betur gert garðinn frægan fyrir grípandi smelli og átti eiginlega bróðurpart innsendra laga í Eurovision-undankeppninni í vor. Líkt og alþjóð veit báru þeir svo sigur úr býtum með laginu Unbroken,

þar sem þeir kepptu til úrslita gegn sjálfum sér.

Áður hefur komið fram að Kristófer Dignus muni leikstýra herlegheitunum, og ekki ómerkari kanónur í gríni en þau Atli Fannar Bjarkason, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Guðjón Karlsson og Steinþór Hróar Steinþórsson sjá um handritsgerð.

„Við erum að undirbúa gott loka-lag núna, þó ég segi sjálfur frá, og getum lítið látið uppi varðandi það að svo stöddu. En ég get sagt að það verður frumsamið,“ útskýrir Ásgeir, en hópurinn sá einnig um loka-lag-ið í fyrra þegar Unnsteinn Manuel flutti lagið Springum út, sem var þekjulag lagsins Happy svo hér verður slegið á nýja strengi. „Okkur finnst við alveg standa þannig að við ættum að geta komið frá okkur



„Það kom lítið annað til greina en að fá þá til að sjá um tónlistina fyrir þetta verkefni,“ segir Hugli Halldórsson, framkvæmdastjóri Stórveldisins sem einmitt framleiðir Áramótaskaupið 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



VIÐ ERUM AÐ UNDIRBÚA GOTT LOKALAG NÚNA, ÞÓ ÉG SEGI SJÁLFUR FRÁ, OG GETUM LÍTIÐ LÁTID UPPI VARÐANDI ÞAÐ AÐ SVO STÖDDU. EN ÉG GET SAGT AÐ ÞAÐ VERÐUR FRUMSAMID.

góðu frumsömdu lagi,“ segir Ásgeir sem er fullkomlega meðvitaður um þá pressu sem fylgir loka-lagi sjálfs Áramótaskaupsins, en sumir Íslendingar biða allt árið eftir einmitt þeim lokahnykk. „Við viljum eðlilega að þetta heppnist eins vel og mögulegt er. Við erum ekki búnir að velja flytjendur ennþá, en þetta er allt að mjakast,“ bætir hann við. Segist hann jafnframt treysta sér fullkomlega til að valda íslensku þjóðinni ekki vonbrigðum á slíkrri ögurstundu sem gamlárs-kvöld er.

Aðspurður hvort ekki sé erfitt að halda hugmyndunum leyndum fyrir vinum og fjölskyldu segir Ásgeir svo sannarlega vera. „Það er mjög erfitt að geta ekki gasprað um þetta út um allan bæ. Það getur verið gott að fá hugmyndir utan frá, en það er náttúrulega ekki alveg hægt í þessum aðstæðum. Ég viðurkenni þó að nokkrir útvaldir hafa fengið að leggja sitt lóð á vogarskálarnar,“ bendir Ásgeir lymskulega á í lokin, áður en hann heldur sína leið aftur inn í stúdíóið til frekari þrekvirkja. guðrun@frettabladid.is



Leikum okkur!

Bio-tex þvottaefni og blettaeyðir

Fötin haldast lengur eins og ný! Bio-tex þvottaefnin eru sérhönnuð fyrir litaðan, hvítan og svartan þvott.



SONY

HORFÐU Í GÆÐIN

5 ÁRA ÁBYRGÐ Á ÖLLUM
SONY SJÓNVÖRPUM




SONY W80 androidtv



Afburðahönnun og frábær myndgæði frá meisturum Sony

43" – Verð: 149.990 kr.
50" – Verð: 199.990 kr.
55" – Verð: 239.990 kr.




SONY X8 androidtv 4K



4K Ultra HD upplausn, sjáðu hvert smáatriði í nýju ljósi

43" – Verð: 199.990 kr.
49" – Verð: 239.990 kr.
55" – Verð: 299.990 kr.




SONY W85 androidtv



Sjáðu stærstu myndina í snjallasta sjónvarpinu

65" – Verð: 369.990 kr.
75" – Verð: 569.990 kr.




SONY S85 androidtv 4K



Fullkominn bogi tryggir einstaka upplifun með 4K Ultra HD upplausn

55" – Verð: 369.990 kr.
65" – Verð: 549.990 kr.




SONY W70



Glæsilega hönnuð hágæða sjónvörp á frábæru verði

32" – Verð: 99.990 kr.
40" – Verð: 129.990 kr.
48" – Verð: 159.990 kr.




SONY X90 androidtv 4K



Upplifðu hvert einasta smáatriði í 4K Ultra HD kristaltærri upplausn

55" – Verð: 459.990 kr.
65" – Verð: 639.990 kr.



GOLD heilsurúm

Komdu og upplifðu þægindin!



Frábært verð!



GAFI
SELDUR
SÉR

Charlotte Julien
Dream your world™

Tegund	Stærð	Verð dýnu aðeins	Verð dýnu og Classicbotni aðeins
GoldMattress	100x200	69.900 kr.	104.900 kr.
GoldMattress	120x200	79.900 kr.	119.900 kr.
GoldMattress	140x200	89.900 kr.	139.900 kr.
GoldMattress	160x200	99.900 kr.	152.900 kr.
GoldMattress	180x200	109.900 kr.	164.900 kr.

C&J Gold heilsudýna

- 5 svæða skipt yfirdýna. Laserskorið Conforma Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og mykír axlasvæði.
- Vandað pokagormakerfi. Minni hreyfing betri aðlögun.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
- Þykkt 29 cm.



Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is



Marta María Jónasdóttir og Dr. Gunnur voru kynnt sem dómara í Ísland Got Talent í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valið á Mörtu Maríu hefur verið gagnrýnt

Jón Gnarr fer yfir þá kosti sem hann telur blaðakonuna hafa í starf dómara Ísland Got Talent. Hann segir orðróminn ekki sannan en staðfestir að margir hafi gagnrýnt valið.

Valið á blaðamanninum Mörtu Maríu Jónasdóttur hefur verið gagnrýnt af hluta skipuleggjenda þáttarins Ísland Got Talent, sem verður á dagskrá Stöðvar 2 í vetur. Þetta staðfestir Jón Gnarr, sem er ritstjóri innlendirar dagskrár hjá Stöð 2. „Margir sem koma að undirbúningi og skipulagningu á þættinum hafa efast um valið á henni á faglegum forsendum, því hún er ekki tónlistarmaður eða dansari. Gagnrýnin hefur verið fagleg og hefur verið rétt um kosti hennar og galla, bara svona með og á móti. Þó svo að Marta María hafi ekki reynslu í tónlist eða sviðsframkomu, þá tel ég hana hafa marga kosti sem gagnast henni í starfinu,” útskýrir Jón. Óhætt er að segja að valið á Mörtu Maríu í dómnefndina hafi komið á óvart og hefur sterkur orðrómur verið á kreiki, þess efnis að Auðunn Blöndal og Jón Jónsson hafi hætt í þættinum vegna aðkomu hennar. „Mér finnst mjög ósanngjarnt að stilla því upp þannig. Ég myndi ekki fallast á það. Ég held að ég geti fullyrst að það er enginn sár, reiður eða ósáttur.“

Vantaði upplýtingu

Jón segir að sér hafi fundist

þátturinn þurfa upplýtingu. „Eins og komið hefur fram var ég fenginn í þetta starf því ég byki hugsa út fyrir kassann.“



MARGIR SEM KOMA AÐ UNDIRBÚNINGI OG SKIPULAGNINGU Á ÞÆTTINUM HAFU EFAST UM VALIÐ Á HENNI Á FAGLEGUM FORSENDUM, ÞVI HÚN ER EKKI TÓNLISTARMAÐUR EÐA DANSARI.

Mér finnst gaman að brjóta upp hluti og breyta – að búa til eitthvað nýtt. Ég kom svolítið inn í verkefnið í miðju kafi, ég er ekki búinn að vera tengdur því frá upphafi og kem inn með seinni skipunum. „Jón segir það líklega hafa komið sér vel, að fá einhvern ótengdan verkefninu sem kæmi með nýja sýn á það.“

Jón segir að það sé skiljanlegt að fólk hafi skoðanir á þessum breytingum sem hann gerir, en itrekar að gagnrýnin sem hann hafi heyrt hafi verið á faglegum forsendum.

Kostir Mörtu Maríu

„Ég tel Mörtu Maríu vera mjög góða í að finna „star quality“. Hún er einstakur karakter og hefur mikið vit á stíl, framkomu og útliti. Þetta eru allt kostir sem ég tel vera mjög eftirsóknarverða og stór hluti af því sem þátturinn gengur út á. Þetta er jafnan stórlega vanmetinn hluti þáttarins, að mínu mati.“

Jón segir að ekki megi gleyma öðrum í dómnefndinni. „Fólk hefur líka skoðanir á Dr. Gunna. En ég held að hér séum við komin með rosalega áhugaverðan hóp, sem eigi eftir að búa til mjög merkilega og athyglisverða dýnamík.“

Jón hætti að eigin ósk

Tónlistarmaðurinn vísæli Jón Jónsson hætti að eigin ósk að sögn Jóns Gnarr. „Þetta var hans ákvörðun, já. Þegar ég kem inn í þetta með mínar áherslur og það sem ég vil gera þá þróast hlutir í einhverja átt. Þetta er ekkert af einhverri einni einfaldri


ástæðu, þó svo að fólk finnst kannski freistandi að stilla því upp þannig. Það eru engin leiðindi. Fólk er bara að vinna í mörgu og svo forgangsraðar það. Af hverju það vill einhverja hluti ekki, er svo oft bara út af einhverjum persónulegum ástæðum sem eru útskýrðar í trúnaði,” útskýrir Jón Gnarr.

kjartanatli@365.is

Sameiginleg ákvörðun

„Þetta var sameiginleg ákvörðun hjá mér og aðstandendum þáttanna. Það eru breytingar á dómnefndinni og þess vegna færast tókurnar á þáttunum og áheyrnarprufurnar til og því miður lendir þetta á sama tíma og tókurnar á Atvinnuönnunum okkar,” segir Auðunn Blöndal, fyrrverandi kynnr í Ísland Got Talent. Hann var kynnr í fyrstu tveimur þáttaröðunum og segir reynslu sína af þáttunum frábæra. „Þetta er með því skemmtilegra sem ég hef gert á ferlinum, þetta var mikið í beinni útsendingu og það skemmtilegasta við sjónvarp er það að vera í beinni,” segir Auðunn.

Honum list þó vel á Gauta Þey Másson, sem er betur þekktur undir nafninu Emmsjé Gauti, sem arftaka sinn. „Gauti er hnyttinn og skemmtilegur og mér list vel á hann. Ég er búinn að heyrna í honum og við ætlum að taka kaffibolla á næstunni og fara yfir þetta. Ég ætla líka að vera með honum fyrsta daginn í áheyrnarprufunum til að aðstoða hann.“ – glp



SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndis Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Vandað sjónvarpsþefni og fjarskipti á frábæru verði

FÁRÁNLEGA FLOTTUR PAKKI

365

Sex sjónvarpsstöðvar, internet, heimasími, Stöð 2 Marþon og aðild að Vild.

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á 365.IS

SKEMMTIPAKKINN
9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag

Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.

365.is | Sími 1817

PLAYSTATION 4 KYNNIR

JIMMY CARR

FUNNY BUSINESS

**SPLUNKUNY
SYNING!**

**HOF AKUREYRI 4. MARS
ELDBORG HÖRPU 6. MARS**

**MIDASALA HEFST Á
MORGUN KL.10 Á TIX.IS!**

SÍÐAST SELDIST UPP Á 4 SÝNINGAR Á SKOTSTUNDU
OG MUN FÆRRI KOMUST AÐ EN VILDU!

 PS4

MIDASALA FER FRAM Á TIX.IS OG Í SÍMA 551-3800
NÁNARI UPPÝSINGAR Á WWW.SENA.IS/JIMMYHARPA
OG WWW.SENA.IS/JIMMYHOF

 **sena**

Bakpankar

Kolbeins Tuma
Daðasonar



Einn daginn berst bréf

Draumur hins níu ára gamla albanska Petrits réttist á mánudagsmorgun. Hann og systur hans fengu að fara í skóla. Það er með ólíkindum að ekkert hafi bent til þess að Petrit, Laura og Janie fengju sjálfsagða ósk sína uppfyllta. Ef ekki hefði verið fyrir hugrakka foreldra sem sögðu Fréttablaðinu sögu sína væru börnin líklega enn að láta sér leiðast í galtómri íbúð.

Ég efast ekki um að börnin í Laugarnes- og Laugalækjarskóla munu taka vel á móti þessum nýju skólafélögum sínum. Sömuleiðis hafa fjölmargir borgarþáttar sýnt vilja í verki og aðstoðað fjölskylduna við að koma undir sig fótunum. Hins vegar er alls óvíst hve lengi börnin verða velkomin á Íslandi enda hefur ekki verið tekin afstaða til beiðni fjölskyldunnar um hæli.

Afstaða Íslands til Dyflinnar-reglugerðarinnar virðist vera sú að það sé skylda okkar að senda hælisleitendur aftur til næsta Schengenríkis, ekki að við höfum heimild til þess. Á meðan stjórnvöld hafa tekið ákvörðun um að verja tveimur milljörðum króna í aðstoð við flóttafólk og hælisleitendur næstu tvö árin stefnir í að vel liðnir Níg-eríumenn, sem lita á Ísland sem sitt heimili, verði sendir úr landi á næstunni.

Petrit litli vakti föður sinn með látum á mánudaginn og vildi drífa sig í skólann klukkan 6.30. Vafalítið var brosið á andliti hans ekki minna þá um morguninn en það var í lok dags eftir faðmlög skólafélaga. „Það er allt miklu betra núna. Ég eignast vini og leik við þá. Svo læri ég líka,“ sagði Petrit í sérstaklega fállegri kvöldfrétt Stöðvar 2. Sá möguleiki að einn daginn gæti beðið hans bréf í póstkassanum frá íslenskum yfirvöldum um að hans nærveru sé ekki lengur óskað er sorglegur.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissuðu þú?
Ófærsluþarfar
hafa áhrif á börn.

53.7%

19,6%

FBL

MBL

YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalbestur á
tölublað 18-49 ára. Prentmiðlakönnun
Gallup, jan.-mar. 2015



Allt sem þú þarft ...

HÓLD Æ FÓN!

AMERÍKA Á WOW VERÐI

BOSTON
WASHINGTON, D.C. frá

18.999 kr.*

Tímabil: 15. okt.-15. des. 2015 & 10. jan.-10. mars 2016



WOWAIR.IS

WOW
air